



20 blaðsíðna
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. október 2006 – 290. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Ástríða fyrir veðri

Rithöfundurinn og tónlistarskríbetinn Sigurður Þór Guðjónsson hefur óslökkvandi áhuga á veðri og öllu sem því tengist.

VIÐTAL 18



Hið daglega streð

„En þegar Guði og keisaranum hefur verið gólið sitt þá tekur við sú spurning hvað hvert okkar ber úr bítum fyrir hið daglega streð,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10

Þjálfari Snæfells

Bandaríski körfuknattleiksþjálfarinn Geof Kotila ræðir ferilinn, fjölskylduna, Stykkishólm og Ísland.

VIÐTAL 80




Erfitt líf

Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur ekki átt sjö dagana sæla í Þýskalandi en er að ná sér af meiðslum og sér fram á bjartari tíma.

ÍPRÓTTIR 30



VEÐRIÐ Í DAG



BJART SUNNAN OG VESTAN - Í dag verður yfirleitt hæg austlæg eða breytileg átt. Rigning eða skúr norðaustan og austan til í dag en slyddukenndari í kvöld. Bjart lengst af syðra. Híti 1-7 stig á láglendi en frost til fjalla. Kólnandi.

VEÐUR 4



ÁGÚSTA JOHNSEN OG GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON ÁSAMT STUÐNINGSMÖNNUM Guðlaugi Þór var ákaft fagnað af stuðningsmönnum sínum þegar hann kom á kosninga-skrifstofuna sína eftir að tölur tóku að berast. Þegar fyrstu tölur voru kynntar klukkan sex var Guðlaugur í þriðja sæti en þegar næstu tölur voru kynntar hálf tíma síðar var Guðlaugur búinn að færast upp í annað sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðlaugur og Guðfinna sigurvegarar prófkjörsins

Guðlaugur Þór Þórðarson hafnaði í öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og skipar fyrsta sætið á öðrum lista flokksins í vor. Björn Bjarnason lenti í þriðja sæti, Guðfinna Bjarnadóttir í fjórða og Illugi Gunnarsson í fimmta sætinu. Geir H. Haarde hlaut um 96 prósent atkvæða í fyrsta sætið.

STJÓRNMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður og Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, eru sigurvegarar prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík vegna þingkosninganna í vor. Guðlaugur Þór fór með sigur af hólmi í baráttu þriggja þingmanna um annað sætið en það gefur efsta sæti á lista flokksins í öðru Reykjavíkarkjördæminu. Björn Bjarnason hafnaði í þriðja sætinu og Pétur H. Blöndal, sem gaf kost á sér í 2.-3. sæti, í sjöunda sæti.

Guðfinna Bjarnadóttir, sem hefur ekki haft afskipti af stjórnmálum fyrr, lenti í fjórða sæti. Hún kveðst allt í senn þakklát,

ánægð og undrandi yfir árangri sínum og segist hlakka til að fá að þjóna þjóðinni og flokknum.

Illugi Gunnarsson hagfræðingur er einnig nýr í stjórnmálabaráttu þótt hann hafi haft afskipti af stjórnmálum sem aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar.

Guðlaugur Þór segir prófkjörsbaráttuna hafa verið skemmtilega og þakkar Birni Bjarnasyni fyrir drengilega og góða baráttu. „Hér er sjálfstæðisfólk að velja á lista fyrir orrustuna í vor og það hefur ákveðið að raða okkur upp með þessum hætti. Björn fær einnig glæsilega kosningu og getur vel við unað og það skiptir mjög miklu máli að hann sé ennþá í fremstu

„Þetta glæsilega prófkjör leggur grunninn að stórsigri okkar sjálfstæðismanna í vor.“

GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON
PINGMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

röð okkar sjálfstæðismanna.“ Guðlaugur segir Geir H. Haarde fá glæsilega kosningu sem og nýir frambjóðendur. Listinn sé vel blandaður körlum og konum. „Ég held að við förum með afskaplega sterkt lið inn í kosningabaráttuna og þetta glæsilega prófkjör leggur grunninn að stórsigri okkar sjálfstæðismanna í vor.“

Guðlaugur segist sækjast eftir frekari áhrifum í stjórnmálum og spurður hvort hann geri tilkall til ráðherraembættis í vor segir hann alla sem skipi efstu sæti gera slíkt, því sé ekki öðruvísi farið með sig. „En stóra málið er að vinna kosningarnar og svo að mynda ríkisstjórn. Við skulum því taka þetta í rétttri röð.“

Björn Bjarnason sagðist geta unað vel við stöðu mála þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gærkvöldi. Öll atkvæði höfðu ekki verið talin og vildi hann því ekki úttala sig um stöðuna. „En miðað við þá baráttu sem hefur verið þá get ég vel við þessa niðurstöðu unað.“

- þjs, - sdg / sjá síðu 4

Jón Baldvin Hannibalsson kallaði Sigurjón Sigurðsson alræmdan lögreglustjóra:

Börninn kæra Jón Baldvin

MÁLAFERLI Uppkomin börn Sigurjóns heitins Sigurðssonar, fyrrverandi lögreglustjóra í Reykjavík, hafa lagt fram kærur til lögreglu á hendur Jóni Baldvin Hannibalssyni, fyrrverandi ráðherra.

Kæran verður að öllum líkindum tekin fyrir hjá ríkissaksóknara í næstu viku. Jón Baldvin er kærður fyrir ummæli sem hann lét falla um Sigurjón í Ríkissjónvarpinu 10. október, þegar Jón kallaði Sigurjón „alræmdan lögreglustjóra“.

Ragnar Aðalsteinnsson hæstaréttarlögmaður er lögfræðingur

Jóns Baldvins í málinu. Hann staðfesti að kærnan hefði verið lögð fram í viðtali við Fréttablaðið í gær. Hann telur þó að lítið verði úr eiginlegum málaferlum því málið sé „á röngum stað“ í kerfinu. Ragnar segir að hér sé augljóslega um einkarefsmál að ræða, en ekki opinbert mál og spáir því að málinu „verði hent út“ af borði ríkissaksóknara, þar sem allar lagaheimildir skorti til að sækja það.

Börn Sigurjóns Sigurðssonar vildu ekkert láta hafa eftir sér um málið í gær.

- kóp



JÓN BALDVIN HANNIBALSSON Hefur verið kærður fyrir ummæli sín um Sigurjón heitinn Sigurðsson, fyrrverandi lögreglustjóra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Deildarstjóri neyðarmóttöku:

Þarf að virkja samfélagið


KYNFERÐISAFBROT Nauðgunarmálum þar sem ókunnugir menn ráðast að konum í miðborg Reykjavíkur um helgar hefur fjölgað á síðustu 2-3 árum, segir Eyrún B. Jónsdóttir, deildarstjóri á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis.

Í viðtali við Fréttablaðið í dag ræðir hún almennt um starf neyðarmóttökunnar, eðli þeirra brota sem hún þarf að eiga við og hvað sé mögulega hægt að gera til að sporna við því kynferðisofbeldi sem þrífst í Reykjavík nútímans.

- þjs / sjá síður 16 og 17

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA
höfuðborgarsvæðið

Fréttablaðið styrkir stöðu sína



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2006.



Mörður, hvers eiga stúdentar að skólagjalda?

„Ja, hvaða gjald geldur samfélagið þegar öll skólagjöldin eru goldin?“

Umræðuhópur menntamála leggur til að óhjákvæmilegt sé að ræða um skólagjöld í ríkisháskólum. Mörður Arnason er þingmaður Samfylkingarinnar.

Umfjöllunin í Ekstrabladet um íslenskt viðskiptalíf kom út í morgun:

KB banki sakaður um skattsvik

VIÐSKIPTI Danska Ekstrabladet birtir í dag sex blaðsíða grein um íslenskt viðskiptalíf. Íslenskir nemandar við viðskiptaháskóla í Kaupmannahöfn voru fengirnir til aðstoðar við þýðingar fyrir blaðið. Í greininni er KB banki sakaður um stórfelld skattsvik.

„Íslensku viðskiptavíkingarnir hafa farið til Danmerkur, Svíþjóðar og Englands þar sem þeir hafa á fáum árum notað milljarða í kaup á fyrirtækjum, en það líkist peningabætti og skattsvikum, að sögn sérfræðinga,“ segir í umfjöllun blaðsins. Blaðið staðhæfir að KB banki hafi skapað leynilegt, öflugt og alþjóðlegt skattsvika-

kerfi, sem er að hluta til notað til að flytja milljarða leynilega inn og út úr fjármálakerfinu, og að hluta til að bankinn og viðskiptavinir hans sleppi við að borga skatt.

„Svipað kerfi er notað af stóru fjárfestingasjóðunum. Reglan er sú að ef maður flytur gróðann frá Danmörku til skattfrjálsra landa, á að borga skatt af honum. En skatturinn hverfur alveg, séu peningarnir sendir til Lúxemborgar áður,“ segir skattasérfræðingurinn Christen Amby.

„Ein útskýring getur verið að bara sé talað um gróða sem skotið sé undan skatti, sem er frumlegt, en í raun löglegt. En önnur útskýr-



KB BANKI Danska Ekstrabladet fer með harðar aðdróttanir í garð KB banka í grein sinni í dag.

ing gæti verið að reynt sé að fela uppruna peninga, sem sagt nota uppbyggingu auðhringsins til að þvo peninga,“ segir Lars Bo Langsted, prófessor í viðskiptarétti. -sgj

Eldur kom upp í skipi: Áhöfn náði að slökkva eldinn

ELDSVÖÐI Eldur kviknaði í nótaskipinu Beiti NK 123 í gær þegar það var stöðugt tólf mílur austur af Reyðarfirði.

Slökkvilið fór á móti skipinu ásamt björgunarbátum, þyrllu og flugvél. Fjórtnán manna áhöfn skipsins tókst að ráða niðurlögum eldsins áður en skipið kom að landi og var það því næst reykraest.

Farið var með fimm áhafnar-meðlimi á heilsugæsluna á Eskifirði til að athuga með reykritun að sögn lögreglunnar á Eskifirði.

Eldsupptök eru ókunn og er málið í rannsókn lögreglu. -sdg

Leiðtogar lýsa yfir samstöðu: Al-Maliki engin strengjabrúða

ÍRAK, AP George Bush Bandaríkjaforseti sagði í gær að Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, væri engin strengjabrúða Bandaríkja, heldur sjálfstæður leiðtogi Íraks. Þjóðhöfðingjarnir funduðu með aðstoð myndsiða og lögðu fram þrjú meginmarkmið, að hraða þjálfun öryggissveita Íraks, auka þátt fraska herafllans í öryggisgæslu og að gera ríkisstjórn Íraks ábyrga fyrir öryggismálum.

„Sagan mun sýna að vegna þinna gjörða er Írak frjálst land,“ sagði al-Maliki við Bush, að sögn upplýsingafulltrúa Hvíta hússins, Tony Snow. „Það reynir ekki á sambandið,“ sagði Snow. „Það er mikilvægt að auka traust Íraka á lýðræðinu.“ -sgj

Ölvaðir ökumenn í Reykjavík: Tvisvar þurfti að veita eftirför

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík þurfti í tvisgang að veita mönnum eftirför aðfaranótt laugardags.

Fyrst reyndi maður um þrjú til að stínga af á bíl en tók svo til fótanna. Lögreglumenn náðu manninum og færðu í lögreglubíl. Þar klyði maðurinn lögreglumann sem brákaðist á rifbeini.

Hin eftirförin endaði með því að lögreglan króaði ökumann um tvítugt af í botngötu á Seltjarnarnesi.

Báðir mennirnir eru grunaðir um ölvun við akstur og fengu að gista fangageymslur lögreglunnar um nóttina. -sdg

SELFOSS

Fannst látinn í sundlaug

Maður fannst látinn í sundlauginni á Selfossi á fimmtudagskvöldið. Maðurinn, sem var um fertugt, var frá Selfossi að sögn lögreglunnar.



HVALSTÖÐIN Í HVALFIRÐI Starfsmenn Hvals hf. skera hval sem barst á land í vikunni. Í gær höfðu fjórar langreyðar verið veiddar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Núverandi veiðar skaða ekki stofninn

Greg Donovan, yfirmaður vísindasviðs Alþjóðahvalveiðiráðsins, telur að veiðar Íslendinga á langreyðum skaði ekki stofninn. Vinnu við að áætla langtíma hámark veiða á langreyði verður hleypt af stokkunum á næstunni.

HVALVEIÐAR „Áhrif hvalveiðanna á langreyðastofninn eru alls ekki aðalmálið í þessari umræðu heldur snýst málið um viljann til að veiða hvali,“ segir Greg Donovan, yfirmaður vísindasviðs Alþjóðahvalveiðiráðsins. Donovan er staddur hér á landi til að sækja ráðstefnu um lífstærðfræði við Háskóla Íslands í minningu um Kjartan G. Magnússon, en hún fór fram í gær.

Alþjóðlegu náttúruverndar-samtökin IUCN hafa flokkað langreyði sem dýr í útrýmingarhættu, samkvæmt þeirra mælikvarða, en hann byggist á heildarfjöldanum af langreyðum í heiminum nú á dögum miðað við heildarfjöldann eins og hann var fyrir þó nokkru síðan.

„Staðbundnir stofnar geta verið í betra eða verra ástandi miðað við meðaltalið í öllum heim-

inum. Það sem hefur mest áhrif á þetta meðaltal langreyða er hve skarpt hefur fækkað í stofninum á suðurhveli jarðar. Við vitum að stofninn þar er orðinn mjög smár,“ segir Donovan.

„Hins vegar höfum við skoðað fjölda langreyða við Ísland, en stofninn er eitthvað í kringum 25 þúsund dýr,“ segir Donovan. „Íslendingar ætla að veiða nú dýr. Að veiða níu hvali af 25 þúsund hefur engin áhrif á stofninn.“

Donovan bendir hins vegar á að óvíst sé hvað ásætlanlegt hámark á veiðunum er. „Ef Íslendingar vilja auka veiðarnar verulega þarf að skoða hvaða áhrif það getur haft. Á næsta fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins munum við hleypa af stokkunum rannsókn á

langreyðum í Norður-Atlantshafi, en það er tveggja ára ferli. Í lok þess getum við gefið út hvað við teljum vera ásætlanlegt langtímahámark á veiðunum, svo stofninn verði ekki fyrir skaða.“

Alþjóðahvalveiðiráðið hefur um 70 aðildarríki, en þau mynda sér einungu- og tveimur strætisvögnum og réðust gegn lögreglu og slökkviliðsmönnum víðsvegar um Frakkland aðfaranótt laugardags. Ár var liðið síðan mótmælendur brenndu um 1.400 bíla á einni nóttu vegna sinnuleysis stjórnvalda í garð innflytjenda í Frakklandi.

Sex lögreglumenn hlutu minniháttar meiðsl og 25 manns voru handteknir, en innanríkisráðuneytið sagði nóttina hafa verið „nokkuð rólega“. Í fátækrahverfum hefðu ungmenni kveikt í um 277 bílum, en 100 bílar eru meðaltalið á nóttu, að sögn ráðuneytisins. -sgj



GREG DONOVAN

steindor@frettabladid.is

Prófkjör Samfylkingar:

1.400 hafa kosið í NV-kjördæmi

PRÓFKJÖR Tæplega 1.400 manns höfðu kosið í prófkjöri Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi þegar kjörstöðum var lokað klukkan 18 í gær. Kosning heldur áfram milli 10 og 12 í dag, en öllum íbúum kjördæmisins er frjálst að taka þátt.

„Þetta er stórt og víðeðmt kjördæmi, en við ættum að geta byrjað að telja milli klukkan fjögur og fimm,“ segir Eggert Herbertsson, formaður kjörnefndar. Hann býst við fyrstu tölum upp úr 18 í dag, en að talmingu verði lokið fyrir klukkan 22 í kvöld. -sgj



ÓEIRÐALÖGREGLA 25 voru handteknir vegna uppþotsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mótmæli í Frakklandi:

Brenndu bíla og strætisvagna

FRAKKLAND, AP Ungmenni kveiktu í tveimur strætisvögnum og réðust gegn lögreglu og slökkviliðsmönnum víðsvegar um Frakkland aðfaranótt laugardags. Ár var liðið síðan mótmælendur brenndu um 1.400 bíla á einni nóttu vegna sinnuleysis stjórnvalda í garð innflytjenda í Frakklandi.

Sex lögreglumenn hlutu minniháttar meiðsl og 25 manns voru handteknir, en innanríkisráðuneytið sagði nóttina hafa verið „nokkuð rólega“. Í fátækrahverfum hefðu ungmenni kveikt í um 277 bílum, en 100 bílar eru meðaltalið á nóttu, að sögn ráðuneytisins. -sgj

VELKOMIN

á opnun kosningaskrifstofu



Í dag kl. 14 opnar **Helgi Hjörvar** kosningaskrifstofu í Landsímahúsinu við Austurvöll.

Jón Baldvin Hannibalsson flytur ávarp. **Margrét J. Pálmadóttir** og félagar úr **Stúlknaðor Reykjavíkur** koma fram, brúðuleikhúsið **Tíu fingur** skemmtir börnunum. Kaffi og vöffur.

Stuðningsmenn



HELGI HJÖRVAR

helgih@althingi.is - www.helgi.is

Enn er deilt um notkun gagna frá Lúxemborg í Baugsmálinu:

Ekki hægt að taka gögnin út

BAUGSMÁL Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari í Baugsmálinu, segir ekki hægt að kalla skjöl út úr málum þegar þau eru komin í inn þau. Hann vildi að öðru leyti ekki tjá sig um málsgagnanotkun í Baugsmálinu og gagnrýni Martine Solovieff, saksóknara í Lúxemborg, á lögreglufrivöld á Íslandi.

Deilt hefur verið um málsgagnanotkun í Baugsmálinu eftir að Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group hf., lagði fram bréf við yfirheyrslu vegna meintra skattalagabrotta í tengslum við starfsemi Fjárfestingafélagsins Gaums og Baugs Group hf. Gaf Jón Ásgeir það í skyn í bréfinu að gagna hefði verið aflað á fölskum forsendum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær gagnrýndi Martine íslensk yfirvöld fyrir að svara ekki ítrekunarbréfi sem sent var 3. ágúst 2004. Þar var tekið fram að óheimilt væri að nota gögn til stuðnings öðrum sakarefnum en tekin voru fram í réttarbeiðninni.

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, segir samskiptaleysið gagnrýnisvert. „Það er gagnrýnisvert að í samskiptum lögreglufrivalda milli landa skuli íslensk yfirvöld ekki svara bréfum. Það er



GESTUR JÓNSSON Segir samskiptaleysið einkennilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

alveg ljóst að gögnin, sem aflað var á grundvelli þess að Tryggvi og Jón Ásgeir væru grunaðir um peningabætti, innherjasvik, fjárvik og fjádrátt, eru notuð til stuðnings ákærulíðum sem flokkast sem bókhaldsbrot. Það er óumdeilt.“ -mh



EKKI SEINNA EN NÚ **PEGAR**

 KB BANKI

Byrjaðu strax að leggja grunninn að fjárhagslegu frelsi þínu svo þú eigir kost á að gera það sem þú vilt – þegar þú vilt. Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 444 7000 eða á kbbanki.is – ekki seinna en nú þegar!

Þegar er fjármálaráðgjöf og langtímasparnaður.

GENGIÐ 27.10.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,73	68,05
Sterlingspund	128,06	128,68
Evra	85,82	86,30
Dönsk króna	11,511	11,579
Norsk króna	10,329	10,389
Sænsk króna	9,301	9,355
Japansk jen	0,5708	0,5742

SDR 100,02 100,62

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,7107

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðfinna S. Bjarnadóttir segir árangur sinn í prófkjörinu í raun ótrúlega góðan:

Undrandi, þakklát og ánægð með úrslitin

STJÓRNMÁL Viðbrögð Guðfinnu S. Bjarnadóttur, rektors Háskólans í Reykjavík, við úrslitum prófkjörsins voru allt í senn undrun, þakklæti og ánægja. „Mér hefur gengið vel í atvinnulífinu og kannski vita margir af mér þaðan,“ svarar hún aðspurð um ástæður þessa góða gengis. Hún vill þó ekki útiloka að það hafi haft sitt að segja að hún er kona. „Það hlýtur að koma til álita en ég vil samt standa og falla með fyrri verkum.“

Guðfinna segir að framboðslisti flokksins sé mjög sterkur og hún hlakkar til að fá að þjóna þjóðinni og Sjálfstæðisflokknum.

Góður árangur Guðfinnu í prófkjörinu er athyglisverður í því ljósi að þetta er í fyrsta skipti sem hún gefur sig að pólitísku starfi og gekk hún nýlega í Sjálfstæðisflokkinn. Guðfinna segist ekki hafa talið það við hæfi að vera í stjórnmálaflokki samtímis því að stýra Háskólanum í Reykjavík.

Guðfinna segir hjarta sitt þó alltaf hafa slegið með Sjálfstæðisflokknum. „Það eru grundvallargildi í flokknum sem hafa alltaf hugnast mér vel þannig að ég hef verið sjálfstæðismaður frá blautu barnsbeini.“

- bps



GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR Útilokar ekki að það hafi skipt máli að hún er kona en vill standa og falla með fyrri verkum. Guðfinna hefur ekki tekið þátt í pólitísku starfi fyrr og er nýgengin í Sjálfstæðisflokkinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VIÐBRÖGÐ FRAMBJÓÐANDA

Afskaplega sáttur

„Ég er afskaplega sáttur við mína stöðu og mjög þakklátur fyrir þann stuðning sem ég hef fengið.“



Ég er stoltur af þeim lista sem mér sýnist vera að koma út úr þessu prófkjöri. Ég held þetta sé mjög öflugur listi sem muni ná góðum árangri í kosningunum í vor.“

Illugi segir að fyrir séð hafi verið að hart yrði tekið á í prófkjörinu. „Þarna voru margir að sækja í efstu sætin í þessu prófkjöri og því auðvitað tekið á. En nú einhendum við okkur í að undirbúa kosningar í vor.“

Ákveðin vonbrigði

„Þetta eru vissulega ákveðin vonbrigði, en maður hlítir að sjálfsgöðu vilja kjósenda,“ segir Pétur Blöndal alþingismaður. „Við höldum prófkjör til að fá fram vilja sjálfstæðismanna í Reykjavík. Þetta er góður listi og ég kvíði ekki kosningunum.“



„Ég sé ekki ástæðu til annars en að taka þetta sæti. Kannski hefur aðferð mín að hringja ekki í fólk ekki átt upp á pallborðið, en ég breyti varla mínum aðferðum, mér finnst asnalegt að hringja í fólk. Það er ekki mjög málefnalegt.“

annars en að taka þetta sæti. Kannski hefur aðferð mín að hringja ekki í fólk ekki átt upp á pallborðið, en ég breyti varla mínum aðferðum, mér finnst asnalegt að hringja í fólk. Það er ekki mjög málefnalegt.“

Ágæt kosning

„Ég hækka mig miðað við prófkjörið fyrir fjórum árum og get auðvitað ekki verið annað en ánægður með það,“ segir Birgir Ármannsson alþingismaður.

„Þetta er ágæt kosning út af fyrir sig, en en ég sóttist eftir að komast hærra. Samkeppnin var hörð og inn var að koma nýtt fólk sem er þekkt af störfum sínum á öðrum vettvangi. Það er í sjálfu sér fagnaðar efni að fá það fólk



sterkt inn og ég held að þetta verði sterkur listi þegar á hólminn er kominn,“ segir Birgir.

sterkt inn og ég held að þetta verði sterkur listi þegar á hólminn er kominn,“ segir Birgir.

Ellefta og tólfta sæti verða baráttusætin

Konur höfnuðu í þremur af tíu efstu sætum prófkjörs Sjálfstæðisflokksins. Þrjár nýir frambjóðendur eru meðal tíu efstu. Formaður Sjálfstæðisflokksins segir niðurstöðuna eiga að skila flokknum góðum úrslitum í kosningunum í vor.

STJÓRNMÁL Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, hlaut tæp 96 prósent atkvæða í fyrsta sætið í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík. Hann var hæstánægður með eigin kosningu. „Það getur enginn maður verið vanþakklátur sem fær yfir 90 prósent atkvæða í svona kosningu og ég er mjög þakklátur fyrir þetta traust.“

Geir les ekki annað úr niðurstöðum baráttunnar um annað sætið en að hörð barátta hafi verið milli þriggja manna. „Einn hlaut að vinna sigur en ég tel ekki að þetta sér sérstakt áfall fyrir þá sem ekki náðu þessu sæti. Allt eru þetta örugg þingsæti og forystusæti í okkar baráttu fyrir næstu kosningar.“ Hann segir að í heild séu niðurstöðurnar ánægjulegar. „Það eru fimm konur í tólf efstu sætum, þarna kemur inn nýtt



SPÁÐ Í ÚRSLITIN Geir H. Haarde, Ásta Möller og Dögg Pálsdóttir skoða hér nýjustu tölur sem voru kynntar á hálf tíma fresti.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PRÓFKJÖR Sjálfstæðisflokksins

1. sæti Geir H. Haarde
2. sæti Guðlaugur Þór Þórðarson
3. sæti Björn Bjarnason
4. sæti Guðfinna S. Bjarnadóttir
5. sæti Illugi Gunnarsson
6. sæti Pétur Blöndal
7. sæti Ásta Möller
8. sæti Sigurður Kári Kristjánsson
9. sæti Birgir Ármannsson
10. sæti Sigríður Á. Andersen
11. sæti Dögg Pálsdóttir
12. sæti Grazyna M. Okuniewska

Listinn miðast við stöðuna þegar búið var að telja 8.500 atkvæði af um 10 þús.

fólk í nokkrum mæli sem bætist við þá miklu þingreynslu sem við höfum og höfnuðu ofar en fjórir þingmenn flokksins. Geir segir Guðfinnu fá í raun ótrúlega góða kosningu miðað við að hún sé ný í stjórnmálum. „Þetta er sjaldgæft fyrir manneskju sem ekki hefur

haft afskipti af stjórnmálum en hún hefur getið sér gott orð á öðrum vettvangi. Illugi kemur líka sterkur inn en hann hefur auðvitað verið viðriðinn stjórnmálin lengi.“

Og Geir horfir bjartsýnn til kosninganna í vor. „Listinn á að skila okkur mjög góðum úrslitum og við eignum að stefna að því að sæti ellefu og tólf verði okkar baráttusæti.“

bjorn@frettabladid.is

VIÐBRÖGÐ FRAMBJÓÐANDA

Góður listi

Sigurður Kári Kristjánsson segir það ákveðin vonbrigði að lenda í áttunda sætinu, en hann stefndi á það fjórða.



„En ég gerði auðvitað ráð fyrir því að ég gæti lent í neðra sæti, enda er ég langyngstur þarna, þótt ég hafi setið í fjögur ár inni á þingi. Ég held samt sem áður að listinn sé góður og það er engan bilbug á mér að finna,“ sagði Sigurður. „Ég er auðvitað mjög þakklátur þeim fjölmörgu sem studdu mig.“

Aðspurður um hvað komi honum mest á óvart við úrslitin nefndi hann fyrst árangur Guðlaugs Þórs. „Það eru merkileg pólitísk tíðindi að Guðlaugur Þór skuli hafa náð öðru sætinu.“

Öruggt þingsæti

„Ég er mjög ánægð með þennan árangur, að sjálfstæðismenn skuli treysta mér, ungru konu í framboði, fyrir þessu sæti sem við lítum á sem öruggt þingsæti í vor.“



Sigríður segist ánægð með að vera þriðji nýliðinn inn af öllum þeim nýju frambjóðendum sem tóku

þátt. „Árangur Guðfinnu er glæsilegur og sýnir að menn hafa miklar væntingar til hennar.“

Staða kvenna sterk

„Það var hörð barátta í öðru og þriðja sætinu og ég er að ná nokkuð góðri niðurstöðu,“ segir Ásta og bendir á að átta hafi sóst eftir efstu þremur sætum.



Ásta segir stöðu kvenna á listanum sterka nú þegar þrjár konur eru meðal tíu

efstu. Ásta segir Guðlaug koma mjög sterkan út úr prófkjörinu. „Þarna er öflugur stjórnmálamaður sem fólk telur til alls líklegan. Björn er stjórn- málamaður en hann hefur sjálfur sagst vera á leiðinni út. Kannski hefur hann goldið þess og fólk því horft á Guðlaug sem framtíðarstjórnmálmanninn.“

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SIGLING INN Í KULDAN

Við erum nú að sigla smám saman inn í kuldakast. Strax í dag fer kólnandi með norðurströndinni en þó verður hitinn þar yfir frostmarki lengst af í dag en í nótt og á morgun má búast við frosti til landsins. Einna kaldast verður á þriðjudag. Á miðvikudagssíðdeggi kemur nýr skammtur af hlýju lofti og fin hlýndi eru í kortunum á fimmtudag.

VEDURHORFUR Í BORGinni Í DAG

Hæg breytileg átt. Bjart veður. Hiti 3-6 stig í dag. Hægt kólnandi veður.

um hádegi >>

um hádegi >>

Kaupmannahöfn	14°C rigning	London	15°C skýjað
Þórshöfn	11°C skúrir	Paris	17°C skýjað
Oslo	1°C el	Frankfurt	15°C skýjað
Stokkhólmur	5°C rigning	Friedrichshafen	11°C skýjað
Gautaborg	7°C skúrir	Berlin	14°C skýjað

» á morgun

Hvassviðri allra syðst, annars hægari.

» þriðjudagur

Hæg norðlæg eða breytileg átt.

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Chevrolet Captiva

Frumskýning um helgina 7 manna sportjeppa





Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri | Egilsstaðir

- Meiri tækni** – miðstöð hitnar á 5 sek o.fl. o.fl.
- Meiri búnaður** – bakskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl.
- Meira rými** – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna



Chevrolet Captiva
Frá GM - stærsta bílaframleiðanda í heimi

Evrópulínan frá Chevrolet



Captiva

Hátíðarstemning fyrir alla fjölskylduna

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** í sjálfskiptum glæsijeppanum eyðir aðeins **8,7 lítrum á hundrað km** í blönduðum akstri og þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl**. Við hjá Chevrolet á Tangarhöfðanum **erum í sannkölluðu hátíðarskapi alla helgina** og tökum vel á móti þér. Í boði verða veitingar og krakkarnir fá Prins pólo og Kjörís. Opíð laugardag og sunnudag frá kl. 12.00-16.00. **Sjón er sögu ríkari.**



Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. og sun. 12.00 - 16.00

Bílahornið hjá Sissa, Reykjanesbæ. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum.



CHEVROLET



Hefur þú keyrt bíl undir áhrifum áfengis?

Já 57,6%
Nei 42,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tókst þú þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Hætta skapaðist á veginum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur vegna grjóthruns:

Tugir tonna af grjóti féllu í Óshlíðinni

UMFERÐ Á milli 40 og 45 tonn af grjóti féllu á veginn í Óshlíð rétt innan við Óshólavita í miklum skriðum seinnipart föstudags. Engir vegfarendur voru á ferð þegar skriðurnar féllu.

Fyrsta skriðan féll um klukkan hálf fimm og svo önnur hálf tíma síðar. Er talið að um 20 til 25 tonn af grjóti hafi fallið í þeim skriðum að sögn lögreglunnar í Bolungarvík en mikil rigning var á svæðinu. Þriðja skriðan féll síðan klukkan tíu um kvöldið. Fóru þá tvö tíu tonna grjót yfir veginn og brutu vegrið.

Vegurinn var ruddur í þrjú dagar til að greiða fyrir umferð og tál-

ar settir upp til að þrengja veginn á svæðinu. Við slíkar aðstæður er einungis leitast við að halda veginnum opnum og aðeins unnið við það í björtu að sögn Guðmundar Björgvinssonar, starfsmanns hjá Vegagerðinni. „Og það er alltaf staðin vakt af manni sem fylgist með meðan verið er að moka í burtu. Á mánudaginn verður síðan farið í að hreinsa skriðurnar í burtu.“

Guðmundur segir ekki óalgennt að skemmdir verði á bílum vegna grjóthruns í Óshlíðinni og verði þær aðallega vegna þess að fólk eður á grjót sem fallið hefur á veginn. En slys hafa ekki orðið á fólk í marga áratugi. „Maður er



GRJÓTSKRIDAN VIÐ VEGINN Svipað magn af grjóti féll á sama stað í vorleysingunum, að sögn Guðmundar.

eiginlega hissa hvað við sleppum vel. Menn keyra þetta viðstöðu-

laust og eru ekkert að stoppa að gamni sínu.“

- sgd

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTURJÖRDÆMI
11. NÓVEMBER 2006

Opnun kosningaskrifstofu í Salnum Kópavogi í dag.

Kæra sjálfstæðisfólk!

Í tilefni af opnun kosningaskrifstofu minnar býð ég þér og þínum á opunarhátíð í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, í dag, sunnudaginn 29. október, kl. 16.30-18.00.

Boðið verður upp á léttar veitingar, tónlist og skemmtun fyrir börnin.

Ég hlakka til að sjá þig og fá tækifæri til að kynna áherslur mínar fyrir komandi kosningar og skiptast á skoðunum.

Armann Kr. Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs

ÁRMANN

Á ALÞINGI



3. sæti

Kosningaskrifstofa Armanns er í Hamraborg 10, Kópavogi.

www.armannkr.is

Ásakanir um mútuþægni í héraðsdómi

Yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum hefur verið sakaður um mútuþægni gegn því að fyrirtæki fái starfsfrið. „Tilhæfulausar ásakanir,“ segir hann. Verkalýðshreyfingin getur ekki setið undir þessu og mun láta rannsókn fara fram.

VINNUMARKAÐUR Eiður Eiríkur Baldvinsson, tengiliður starfsmannaleigunnar 2b ehf., sagði í vitnaleiðslum, fyrir Héraðsdómi Austurlands í lok september, að Oddur Friðriksson, yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, hefði lagt til að starfsmannaleigan 2b bæri á hann fé til að fá starfsfrið á Kárahnjúkum.

Oddur Friðriksson hafnar þessum ásökunum alfarið og segir að andlitið hafi dottið af sér þegar hann hafi heyrt þetta í réttinum. „Þetta eru tilhæfulausar ásakanir,“ segir hann og kveðst vera að skoða sína stöðu í samráði við lögmann.

„Ég gaf skýrt til kynna að þetta væri bara þvæla en að ég áskildi mér jafnframt rétt til að ganga lengra í þessu máli. Ég mun grípa til viðeigandi ráðstafana og læt lögmanninn um að ákveða það. Ég ætla að fá að halda því fyrir mig í augnablikinu hvað það verður nákvæmlega,“ segir hann.

Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri Afsl starfsgreinafélags, segir að samstarfsnefnd verkalýðshreyfingarinnar hafi tekið málið fyrir og líti það alvarlegum augum. Ákveðið hafi verið að rasa ekki um ráð fram og skoða málið vel áður en ákveðið verði til hvaða aðgerða verði gripið.

„Nefndin á eftir að taka formlega ákvörðun um hvaða skref verður stigið næst en ég held að við hljótum að óska eftir rannsókn á þessum ummælum. Þetta eru alvarlegustu ásakanir sem hægt er að bera fram á trúnaðarmann verkalýðsfélags og verkalýðs-



EIÐUR E. BALDVINSSON, TENGILIÐUR 2B Eiður E. Baldvinsson, tengiliður 2b, sagði fyrir héraðsdómi að Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður hefði viljað fá greiðslu fyrir starfsfrið á Kárahnjúkum.



ODDUR FRÍÐRIKSSON YFIRTRÚNAÐARMAÐUR Yfirtrúnaðarmaður á Kárahnjúkum, Oddur Friðriksson, var sakaður um mútuþægni í vitnisburði fyrir Héraðsdómi Austurlands í lok september. Málið verður rannsakað.

hreyfingin getur á engan hátt setið undir þessu,“ segir hann.

Sverrir bendir á að ásakanirnar komi frá manni sem hafi verið uppvís að því að hlunfara og féfletta erlenda verkamenn. „Menn blása á þetta. Þetta er rógburður af verstu tegund.“

Vitnisburður Eiðs er til kominn vegna innheimtumáls Afsl á vanguardnum launagreiðslum til hátt í tuttugu pólskra starfsmanna starfsmannaleigunnar 2b á Kára-

hnjúkum í fyrra. Verkalýðshreyfingin taldi að mennirnir hefðu ekki fengið launin sín greidd í samræmi við samningsbundin réttindi og að starfsmannaleigan hefði virst halda eftir launum án þess að fyrir lægi skriflegur samningur.

Vitnaleiðslur hafa farið fram í innheimtumálinu gegn 2b og er búist við að dómur verði kveðinn upp í næstu viku.

ghs@frettabladid.is

Vel heppnaðir afmælistónleikar í Háskólabíói:

Karlakórinn Fóstbræður níræður

TÓNLEIKAR Karlakórinn Fóstbræður stóð fyrir hátíðartónleikum í tilefni af 90 ára afmæli kórsins í gær. Yfirskrift tónleikanna var Brennið þið vitar en lagið, eftir Pál Ísólfs-son, frumflutti kórinn á Alþingishátíðinni árið 1930.

Árni Harðarson, kórstjórnandi, var að vonum hæstánægður á afmælisdeginum og sagði tónleikana einn af hápunktunum á hans 15 ára ferli sem kórstjórnandi Fóstbræðra. „Fóstbræður hafa komið við sögu á ýmsum hátíðis- stundum þjóðarinnar eins og Alþingishátíðinni 1930 og Lýðveldishátíðinni 1944 og nú fær þjóðin að vera viðstödd hátíðisstund hjá okkur,“ sagði Árni rétt fyrir tónleikana.

Á tónleikunum sungu Fóstbræður lög sem spönnuðu sögu kórsins við undirleik Sinfóníuhljómsveit Íslands. Frumflutt var tónverk



BRENNIÐ ÞIÐ VITAR Fóstbræður komu fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands á 90 ára afmælistónleikum í Háskólabíói í gær. Fóstbræður sungu af lífi og sál við góðar undirtektir kórunnenda í salnum.

Áskels Mássonar við kvæði úr ljóðaflokki Hannesar Péturssonar. Kórinn flutti einnig tónverk Gustavs Holst sem hafa ekki heyrst áður á tónleikum héraðs-

og lagið Army of me eftir Björk. Karlakórinn Fóstbræður hefur lengi verið fremstur á sínu sviði og fóru áhorfendur ekki varhluta af því í gær.

- jóa



TAX FREE

DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað og skó á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Dagana 27.-29. október
afnenum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI
OG SKÓM.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka, sokkabuxur
og skó án virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður og skór
á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. október 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað eru mörg ár síðan lög um jöfn laun kynjanna voru sett?

2. Hvaða frambjóðandi eyddi minnstu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins?

3. Hver samdi dægurlagið Ég er kona? **SVÖRIN ERU Á SÍÐU 38**

Finnar vonsviknir vegna framboðs Íslendinga:

Saka Íslendinga um leynimakk

NORÐURLÖND Ríkisstjórnir Íslands og Noregs vilja að Halldór Ásgrímsson verði næsti framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar, að því er fullyrt er í frétt finnska Hufvudstadsbladet í fyrradag.

Í fréttinni lýsir Outi Ojala, formaður Finnlandsdeildar Norðurlandaráðs, vonbrigðum með það „leynimakk“ sem Íslendingar hafi sýnt í kring um framboð Halldórs, „á meðan Finnland hefur haft spilin á borðinu“.

Finnar tefla fram Jan-Erik Enestam, ráðherra umhverfismála og samstarfsráðherra Norð-



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON
Forsætisráðherraeynsla „leynilega“ íslenska frambjóðandans er talin vega þungt.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

urlanda í finnsku ríkisstjórninni, í embættið. Þar sem enginn Finni er sem stendur í háu embætti í stjórnsýslu Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs yrðu þeir fyrir miklum vonbrigð-

um fá Enestam ekki framkvæmdastjórastöðuna.

Hins vegar er forsætisráðherraeynsla Halldórs talin vega þungt, auk þess sem Íslendingur hefur aldrei gegnt stöðunni. Tveir Finnar hafa hins vegar gegnt henni áður.

Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, sagði á blaðamannafundi í gær að búast mætti við að málið yrði útkljáð á fundi norrænu ríkisstjórnarleiðtoganna á mánudaginn. Sjálf hefði hún hins vegar engar upplýsingar um að Halldór væri í framboði.

Ungir jafnaðarmenn:

Hvalveiðar skaða ímynd Íslands

HVALVEIÐAR Ungir jafnaðarmenn, ungliðahreyfing Samfylkingarinnar, hvetja stjórnvöld til þess að láta af hvalveiðum í atvinnuskyni þar sem meiri hagsmunum sé fórnað fyrir minni með veiðunum. Í ályktun frá félaginu kemur fram að slíkar veiðar muni að öllum líkindum skaða verulega ímynd Íslands á alþjóðavettvangi.

Ungir jafnaðarmenn telja hvalveiðar ekki vera einkamáli Íslendinga og vilja að ákvarðanir um þær séu teknar í samráði og sátt við aðrar þjóðir. Ekki sé heldur öruggt enn hvort ýmsir hvalastofnar séu úr útrýmingarhættu.

- sgj

Opnun kosningaskrifstofu að Garðatorgi

Kæru sjálfstæðismenn

Í dag, sunnudaginn 29. október kl. 13 opna ég kosningaskrifstofu að Garðatorgi 7 í Garðabæ.

Ég vil bjóða þér og þínum að koma við og eiga með okkur skemmtilega stund milli kl 13 15 af þessu tilefni. Boðið verður upp léttar veitingar, ljúfa tóna og skemmtun fyrir börnin.

Hlakka til að sjá ykkur.

Kær kveðja,

Bjarni Benediktsson

Tryggjum trausta forystu
Bjarna Benediktsson í 2. sætið

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í suðvesturkjördæmi fer fram laugardaginn 11. nóv 2006



2.



BEIRÚT Í STRÍÐINU Grunur leikur á um að úransprengjur hafi verið notaðar í innrásinni í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið er að Ísraelsher hafi notað ólögleg vopn:

Grunna notkun úransprengna

LIBANON Ísraelsher gæti hafa notað úransprengjur í innrásinni í Libanon í sumar. Þetta kemur fram í rannsókn breska dagblaðsins The Independent sem birt var í gær.

Í greininni kemur fram að nú þegar liggja fyrir að Ísraelar hafi notað fosfórsprengjur í innrásinni, þótt þeir hafi neitað því áður, en slík vopn eru bönnuð samkvæmt Genfarsáttmálanum. Hins vegar hafi vísbendingar komið fram við rannsóknir á tveimur sprengjugígum frá átökunum um að úranbættar sprengjur hafi verið notaðar.

Samkvæmt breskum sérfræðingum eru tvær mögulegar ástæð-

ur fyrir því að úran fannst í jarðveginum. Annaðhvort hafi verið um litla kjarnorkusprengju á tilraunastigi eða venjulega sprengju þar sem auðgað úran var notað í stað rýrs úrans. Ljósmynd af fyrri sprengjunni sýnir svartan reyk, sem gæti verið orsök brennandi úrans.

Í fréttinni kom fram að Ísraelsher hafi slæmt orðspor þegar kemur að því að segja satt um vopnabúr sitt. Árið 1982 hafi herinn notað fosfórsprengjur og neitað því, þar til í ljós kom að það kviknaði í sárum þeirra sem látnir voru þegar súrefni komst í tæri við líkin.

- sgj

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Réttu hjálparhönd

Félagspjónusta Kópavogs óskar eftir að ráða fólk í heimaþjónustu. Fjölbreitt og gefandi starf með sveigjanlegum vinnutíma.

Heilsudags- og hlutastörf. **Kynntu þér kjörin, þau koma á óvart!**

Nánari upplýsingar veita þjónustustjórar heimaþjónustunnar í síma **570 1400**.

www.kopavogur.is

Meginmarkmið Félagspjónustu Kópavogs er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi Kópavogsbúa á öllum aldri svo þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í samfélaginu.



Félagspjónusta
Kópavogs

Flugmálastjórn:

Pétur skipaður flugmálastjóri

SAMGÖNGUR Pétur K. Maack hefur verið skipaður af samgöngumálaráðherra í embætti flugmálastjóra frá 1. janúar 2007. Pétur hefur starfað sem framkvæmdastjóri flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands í tæpan áratug. Reynsla Péturs af flugmálum er víðtæk, hann hefur meðal annars unnið að flugrekstri, flugverndarmálum, rekstri flugvalla og að samstarfi í alþjóðaflugmálum.

Pétur er rekstrarverkfræðingur með meistaraþróf í vélaverkfræði og doktorsþróf í rekstrarverkfræði frá Danmarks Tekniske Højskole.

- jóa



Til hamingju!

Dísa og Bjössi í World Class Markaðsmenn ársins 2006

Forseti Íslands veitti í gær Birni Kr. Leifssyni og Hafdísí Jónsdóttur í World Class viðurkenningu ÍMARKs sem Markaðsmenn ársins 2006.

Dómnefnd var einróma í niðurstöðu sinni:

„Rekstur fyrirtækja þeirra er til fyrirmyndar á allan hátt og sýnir að þau búa ekki aðeins yfir miklum frumkvöðlaeiginleikum og markaðshugsun heldur einnig mikilli staðfestu og dugnaði við að fylgja verkefnum eftir alla leið. Þau hafa náð ótvíræðu forystuhlutverki á sínu sviði og um leið stuðlað að bættri heilsu og vellíðan viðskiptavina.“

AP almannatengsl og H2 hönnun óska Dísu og Bjössa innilega til hamingju með viðurkenninguna.



AP almannatengsl / H2 hönnun

World Class
ICELAND

Laugar - Spöngin - Í húsi Orkuveitunnar
www.worldclass.is

LAUGAR

www.laugarspa.is

Fjölmiðlar og fjármagn:

Holtapokuvísindi

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Fjölmiðlar eru eðlilega og reyndar góðu heilli andlag margvíslegra vísindalegra rannsókna. Eitt af verðugum viðfangsefnum á því sviði eru tengsl fjölmiðla og fjármagns. Doktor í fjölmiðlafræðum og kennari við Háskóla Íslands hefur birt það sem kallað er niðurstöður af slíkri rannsókn. Þær voru kynntar liðinn föstudag í fyrirlestri á vegum skólans inn á milli fjölda fyrirlestra um merkar rannsóknir og vandaðar fræðilegar athuganir annarra háskólanna.

Vísindamaðurinn sem hér á hlut að máli, doktor Guðbjörg Hildur Kolbeins, sagði ástæðu fyrir rannsókninni vera orðróm um að Fréttablaðinu væri beitt í þágu eigenda þess. Aðferðafræði vísindamannsins var sú að skoða aðeins um þriðjung af auglýsingum í Fréttablaðinu og finna út að stærsti minnihlutaeigandi blaðsins hefði keypt fjórðung af þessum þriðjungi auglýsingarýmmissins.

Í raun er verið að tala um fimm hundraðshluta heildarauglýsinga og jafnvirði aðeins fimmtungs heildarframlegðar blaðsins. Engin grein var gerð fyrir samhengi lesturs og auglýsinga.

Í háskólafræðingur sínum hneykslaðist vísindamaðurinn á því að auglýsingar frá fyrirtækjum í eigu þessa aðila hefðu aukist um 45 af hundraði í Fréttablaðinu á tilteknu tímabili. En af einhverri ástæðu var því sleppt að þær höfðu aukist um 55 prósent í Morgunblaðinu á sama tíma þó að breyting á lestri blaðanna hefði verið í öfugu hlutfalli.

Ályktunin sem vísindamaðurinn dró af þessum niðurstöðum var sú að auglýsingafjármagn stærsta minnihlutaeigandans að Fréttablaðinu væri notað til svokallaðrar „þöggunar“ um málefni sem eigandinn vildi hafa hljótt um. Í háskólafræðingurinn var vísað um orsakasamhengið þar á milli til fimmtán greina blaðafulltrúa Rannsóknamiðstöðvar Íslands í Morgunblaðinu.

Rétt er að blaðafulltrúi Rannsóknamiðstöðvarinnar hefur að frístundaiðju að skrifa reglulega niðskældni í Morgunblaðið um ritstjóra og blaðamenn Fréttablaðsins. Þær greinar eru í flokki mestu raðrökleysu sem birtist í því blaði.

Kjarni málsins er sá að hér er kynnt vísindaleg niðurstaða með því að skoða brot af auglýsingum Fréttablaðsins. Hún er fengin án athugunar á efni blaðsins. Og hún er fengin án skoðunar á öðrum fjölmiðlum. Samt er kveðinn upp sá dómur að ritstjórar og blaðamenn Fréttablaðsins vanvirði eigin ritstjórnarstefnu og siðareglur.

Að sönnu er það svo að Háskóli Íslands verður ekki kallaður til ábyrgðar fyrir slík holtapokuvísindi eins starfsmanns. En þegar áróðurinn er borinn fram undir merkjum Háskólans og innan vébanda hans kemst skólinn því miður ekki hjá óþægindum af þeim sökum. Þetta er hins vegar líttill atburður í hinu stóra samhengi háskólastarfsins og skaðar ekki svo heitið geti djarfa og metnaðarfulla framsókn skólans.

Gagnrýni er jafnan holl fyrir blöð og blaðamenn. En skynsamleg rök eru þó á þessu sviði eins og öðrum forsenda gagnseminnar. Þegar gagnrýni er borin fram í nafni vísindanna eru gerðar kröfur um aðferðafræði.

Þeir sem hafa það að daglegum starfa að skapa þetta blað gera sér mæta vel grein fyrir því að það er ekki fullkomlið og eru opnir fyrir gagnrýni. En þeirri svokölluðu vísindalegu sönnun doktors Guðbjargar Hildur Kolbeins fyrir „þöggun“ og óheildarleika stjórnenda og blaðamanna Fréttablaðsins er eftir efnistöknunum vísað til föðurhúsanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.

550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ævisaga Jóns Gnarr

Eitt af því sem gerði útvarpsþáttinn Tvíhöfða svo frábæran voru magnaðar sögur Jóns Gnarr af uppveiti sínum og æskuárum. Þegar þátturinn lognaðist út af leit allt út fyrir að þessar sögur yrðu gleymsku tímans að bráð. Nú geta aðdáendur Tvíhöfða glaðst því væntanlegt er fyrsta bindi af þremur þar sem Jón rekur æsku sína. Í fyrstu bókinni, sem nefnist Indjárninn, segir frá lífi Jóns til 12 ára aldurs og þykir hann fara á kostum í lýsingum sínum. Sérlega flott þykir lýsing Jóns á miklum sinubruna í Fossvoginum. Næstu tvö bindi ættu svo að koma á næstu árum. Í öðru bindi hyggst Jón segja frá lífi sínu sem pönkari á Hlemmi og í lokabindinu segir frá Núpsárunum svokölluðu.

Kristján hættir

Kristján B. Jónasson þróunarstjóri hætti hjá Eddu forlaginu á föstudaginn. Þar hafði hann starfað síðan 1998 og alltaf setið í sama norðausturhorninu á sjöttu hæð og ekki haggast þótt forstjórar kæmu og færðu og heilu deildirnar gufuðu upp. Vel-lukkað samkvæmi var haldið á þessum tímamótum sem hann kallaði Kristjáns Wake í höfuðið á ólesanlegri skáldsögu James Joyce um líkvöku Finnegan. Kristján ætlar nú að starfa á eigin vegum við að framleiða bækur og er búinn að koma sér upp verkefnum fyrir allt næsta ár. Kristján hyggst að auki að klára MA-ritgerðina áður en hann verður fertugur.

Syurmolarnir æfa

Örfáir miðar eru enn eftir á tónleika Syurmolanna 17. nóvember, en bara miðar á gólf. Hljómsveitin hóf æfingar í september í ótilgreindu húsi í Reykjavík og segja kunnugir að hljómsveitarmeðlimir „hafi engu gleymt“ þótt liðin séu fjórtán ár frá því meðlimirnir störfuðu síðast saman. Sú útgáfa af hljómsveitinni sem starfaði lengst mun koma fram en Friðrik Þór Friðriksson rithöfundur og Einar Melax hljómborðsleikari eru til taks á hlíðarlínunni. Þrátt fyrir orðróm um að hljómsveitin ætli að halda frekar áfram eftir Laugardalshallargíggjó fæst lítið staðfest í því sambandi. gunnarh@frettabladid.is



Laun fyrir erfiði dagsins

Það er langt um liðið síðan skorið var úr þeirri spurningu hvað skyldi gjalda keisaranum og hvað skyldi gjalda Guði, báðir áttu að fá það sem þeim bar. Þessi regla er góð enda ekki við öðru að búast. En þegar Guði og keisaranum hefur verið gildið sitt þá tekur við sú spurning hvað hvert okkar ber úr bítum fyrir hið daglega streð. Gott svar við þessari spurningu hefur vafist fyrir mönnum, en ekki hefur vantað tilraunirnar til að koma með svarið. Heilum þjóðfélögum var breytt í tilraunastofur til að reyna að hrinda í framkvæmd svari Karl Marx með þekktum afleiðingum og úti um allan heim er tekst á af mismunandi hörku um hvert svarið á að vera. Áður voru slík átök bundin við einstök ríki en eftir því sem viðskiptalíf heimsins verður opnara, eftir því sem hnattvæðingin verður meiri, þá hættir þessi spurning að vera bundin þjóðríkjum og verður alþjóðleg.



ILLUGI GUNNARSSON
Í DAG | Launagreiðslur

2,8% á ári sem er helmings hækkun frá tímabilinu 1974 til 1995. Sama á við um Japan, síðastliðin þrjú ár hefur vöxturinn verið 2,1%, umtalsvert meira en 1,2% árlegur vöxtur frá 1995 til 2002. Og sama gildir til dæmis um Þýskaland, þar var framleiðniaukningin 0,7% á árunum milli 1998 til 2004 en hefur verið 1,7% síðastliðin ár. Augljóslega er þessi framleiðniaukning ekki öll drifin áfram af hnattvæðingu, breytt stjórnarfarir í Þýskalandi hefur til dæmis örugglega sitt að segja. En aukin alþjóðleg samkeppni rekur fyrirtækin áfram í leit sinni að hagkvæmari framleiðslu, þau fyrirtæki halda velli sem ná að auka framleiðni sína.

Hnattvæðing viðskiptalífsins mun hafa jákvæð áhrif fyrir bæði ríkar þjóðir og fátækar. En vandinn er sá að það gerist ekki í einni svipan og áhrifin koma fram með mismunandi hætti eftir því hverjar aðstæður eru í viðkomandi löndum. Eitt einkenni hnattvæðingarinnar er að við upphaf hennar bæstast við griðarlega margar vinnufúsar hendur en fjöldi neytenda vex ekki að sama skapi. Þátttaka Kína, Indlands og fyrrum Sovétríkjanna í alþjóðlega viðskiptakerfinu þýðir að 1,5 milljarðar manna bætist við það vinnuafli sem vestraen og japönsk fyrirtæki hafa aðgang að. Þessi staðreynd hefur áhrif á laun fólks og afkomu fyrirtækja í iðnríkjunum.

Framleiðni hefur aukist í atvinnulífinu í Bandaríkjunum, Evrópu, og Japan á undanförunum árum. Síðastliðinn áratug óx framleiðni í Bandaríkjunum um

með starfsfólk nánast eins og þræla og virða ekki hugverkaréttindi er ógn en ekki tækifæri. Þorsteinn Pálsson hvetur til málefnalegar umræðu um Evrópumál og til þess er Samfylkingarfólk sannarlega reiðubúið. Hann bendir á nauðsyn réttis tímaskyns og að ekki megi skjóta málinu á frest inn í framtíðina. Það er líka hárrétt. Þess vegna verður stjórnarskrárnefndin, þar sem við Þorsteinn sitjum bæði, að brefta nú upp ermar og sjá til þess að ákvæði um þátttöku Íslands í alþjóðlegum stofnunum komist inn í stjórnarskrána innan árs. Við erum nú þegar orðin fimmtíu og fimm árum á eftir nær öllum Evrópuríkjum og það er morgunljóst að vandað ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu og framsal valds er forsenda þess að Evrópumálin komist í farsælan farveg umræðu og ákvörðunar í okkar góða landi. Nú þarf að slá í klárinn. Höfundur er löfgræðingur og varaþingmaður Samfylkingarinnar.

Stjórnarskrárbreyting sem þolir ekki bið

UMRÆÐAN

Ísland og Evrópa

Þorsteinn Pálsson fjallar í leiðara sl. föstudag um það sem að hans mati mun knýja á um aðild Íslands að Evrópusambandinu á næstu árum: Hina máttlausu stöðu krónunnar sem sjálfstæðs gjaldmiðils og nauðsyn þess að styrkja pólitísk tengsl við Evrópu.

Hvort tveggja er hárrétt og það vekur athygli að Þorsteinn skuli segja það opinberlega sem gamli flokkurinn hans þegir um eins og þögull steinn. Raunar hafnaði Geir Haarde öllu tali um Evrópusambandsaðild eftirminnilega sl. vor í viðtali og benti á fríverslunarsamning við Kína sem sína leið og betri leið!

Hvað íslenskt atvinnulíf er bætt með fríverslunarsamningi við Kína er algjörlega á huldu og hætt við að tíðar heimsóknir íslenskra stjórnmalamanna í keisarans hallir sem skína hafi sljógvað dómgreind. Ósanngjörn undirboð kínverskra fyrirtækja sem fara



KRISTRÚN HEIMISDÓTTIR

með starfsfólk nánast eins og þræla og virða ekki hugverkaréttindi er ógn en ekki tækifæri.

Þorsteinn Pálsson hvetur til málefnalegar umræðu um Evrópumál og til þess er Samfylkingarfólk sannarlega reiðubúið. Hann bendir á nauðsyn réttis tímaskyns og að ekki megi skjóta málinu á frest inn í framtíðina. Það er líka hárrétt.

Þess vegna verður stjórnarskrárnefndin, þar sem við Þorsteinn sitjum bæði, að brefta nú upp ermar og sjá til þess að ákvæði um þátttöku Íslands í alþjóðlegum stofnunum komist inn í stjórnarskrána innan árs. Við erum nú þegar orðin fimmtíu og fimm árum á eftir nær öllum Evrópuríkjum og það er morgunljóst að vandað ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu og framsal valds er forsenda þess að Evrópumálin komist í farsælan farveg umræðu og ákvörðunar í okkar góða landi.

Nú þarf að slá í klárinn.

Höfundur er löfgræðingur og varaþingmaður Samfylkingarinnar.

Einstök menntasókn

UMRÆÐAN

Menntamáli

Það eru merkileg tíðindi að á örfáum árum skuli Íslendingar hafa farið fram úr Norðmönnum og Dönnum og náð Svíum þegar kemur að fjölda ungmenna sem stunda háskólanám. Í nýjasta hefti Norrænna hagtalna kemur fram að árið 2000 hafi 10,5% Íslendinga á aldrinum 20-40 ára stundað háskólanám. Árið 2004, einungis fjórum árum síðar, var þetta hlutfall komið upp í 15%. Háskólanemum hefur enn haldið áfram að fjölga frá árinu 2004 en við eignum þó nokkuð í land með að ná Finn-um þar sem hlutfallið er tæp 20%.

Þegar norrænu hagtölurnar eru skoðaðar sést einnig að hlutfallslega margir Íslendingar stunda nám utan heimalandsins og íslensku námslánin eru hærri en gengur og gerist annars staðar á Norðurlöndunum.

Ef við skoðum aldurshópinn 15-74 ára sést að hvergi eru hlutfallslega fleiri skráðir í einhvers konar

nám en á Íslandi. Hér er hlutfallið 19,9% en næstir koma Finnar með 18,5%. Lægst er hlutfallið í Danmörku eða 13,2%.

Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst þá miklu áherslu sem lögð hefur verið á menntun undanfarin ár.

Við sjáum þessa miklu menntasókn einnig endurspeglast í íslenskum hagtölum um útgjöld til menntamála. Á dögunum kynnti Hagstofa Íslands uppfærðar tölur fyrir síðustu ár þar sem í fyrsta skipti er tekið mið af samevrópskum staðli við framsetningu slíkra talna.

Í þessum tölum kemur fram að árið 1998 voru útgjöld til fræðslumála 6,56% af vergri landsframleiðslu en þetta hlutfall er komið upp í 7,56% árið 2005 þrátt fyrir mikla aukningu á landsframleiðslu á sama tímabili.

Það má því segja að á sama tíma og þjóðarkann stækkar hratt skerum við einnig hlutfallslega sífellt stærri sneið af henni til menntamála.

Þá kemur einnig fram að útgjöld til háskólamála voru 1,59% af vlf. á síðasta ári. Hafa þau verið að vaxa jafnt og þétt hlutfallslega þrátt fyrir mikinn



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

hagvöxt. Má nefna sem dæmi að hagvöxtur nam 7,7% árið 2004 og 7,5% árið 2005.

Aðrir útreikningar sýna aukninguna betur. Hagstofan reiknar líka þróun útgjalda til háskólastigsins á mann á verðlagi ársins 2005. Sá samanburður er gagnlegur því að mannfjöldapróun er ekki eins miklum sveiflum háð og landsframleiðsla. Í ljós kemur að útgjöld á mann til háskóla árið 2003 námu 50.700 kr. en voru komin upp í 54.300 kr. árið 2005. Þessar tölur sýna svo ekki

verður um villst þá miklu áherslu sem lögð hefur verið á menntun undanfarin ár. Menntun sem mun skila þjóðinni ómældum ávinningi á næstu áratugum.

Því má þó ekki gleyma að aukin fjárframlög ein og sér tryggja ekki árangur. Samhliða því sem við aukum fjármagn til menntamála verður að efla áherslu á gæði og eftirlit með kennslu og rannsóknum í skóla-kerfinu. Á næstu árum er mikilvægt að áfram verði haldið á þessari braut, til að festa árangurinn í sessi og tryggja að Ísland verði eitt helsta þekkingarþjóðfélag veraldar.

Höfundur er menntamálaráðgjafi.

Hleranir afhjúpaðar

UMRÆÐAN

Meintar hleranir

Umræður um hleranir hafa yfirskýgt pólitíska umræðu að undanfögnu. Sagnfræðingar hafa komist í skjöl um hleranir fyrr á árum og hafa þær upplýsingar vakið mikla athygli. Er hér einkum um að ræða hleranir á sínum forustumanna Sósíalista-



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

flokksins og Alþýðubandalagsins. En einnig hefur komið fram, að sími Jóns Baldvins Hannibalssonar fyrrum utanríkisráðherra, hafi verið hleraður á meðan hann var utanríkisráðgjafi.

Það þykir ekki miklum tíðindum sæta, að símar forustumanna Sósíalístaflökksins hafi verið hleraðir en hitt eru miklar fréttir, að sími Jóns Baldvins hafi verið hleraður á meðan hann var utanríkisráðgjafi. Þessi mál þarf að rannsaka öll ofan í kjölinn og er eðlilegast, að þingnefnd á vegum Alþingis rannsaki málið. Á meðan mál þessi eru ekki fullrannsökuð þýðir ekkert að ræða um að stofna íslenska leyniþjónustu eða eftirlitsstofnun. Umræðan um hleranir hefur valdið miklum taugatitringi í Sjálfstæðisflokknum. Böndin hafa borið að Sjálfstæðisflokknum í þessu máli. Upplýst hefur verið, að tveir dómsmálaráðgjafar Sjálfstæðisflokksins létu hlera síma þingmanns Alþýðubandalagsins. En ekki er vitað enn hver lét hlera síma Jóns Baldvins Hannibalssonar. Fróðlegt verður að fréttu hver þar var að verki.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Sigurros Þorgrímsdóttir

alþingismaður

Kosningaskrifstofa opnuð í dag

Sigurros Þorgrímsdóttir alþingismaður opnar kosningaskrifstofu sína í dag, 29. október kl. 15, vegna prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

Lauflett fjölskyldustemmning mun ríkja á svæðinu – boðið verður upp á veitingar,

Hreimur tekur lagið og ýmislegt fleira skemmtilegt verður í gangi.

Skrifstofan verður opin alla virka daga frá kl. 16-22 og um helgar frá 13-20.

Alltaf heitt á könnunni.

Verið öll velkomin!

4.
sætið

Hlíðasmára 2,
Kópavogi
Sími 822 8650
www.sigurrosth.is



Sigurros til sigurs í 4. sæti!

STUÐNINGSFÓLK

tilboðin í nettó

ennþá betri verð



pú sparar 239 kr/kg

959 kr/kg
Verð áður 1.198 kr/kg

Goða kryddað lambalæri

GODI



pú sparar 1.049 kr/kg

35%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.949 kr/kg
Verð áður 2.998 kr/kg

meyrnuð piparsteik

GODI



pú sparar 1.189 kr/kg

35%
afsláttur við kassa
Verð nú 2.209 kr/kg
Verð áður 3.398 kr/kg

Nautafille

GODI



pú sparar 972 kr/kg

35%
afsláttur við kassa
Verð nú 1.806 kr/kg
Verð áður 2.778 kr/kg

Roast beef kryddað

GODI



999 kr/kg
Smalúðuflokk 1 kg.

Hiðnað: HÉR & NÚ & SÍÐ
Umhútt: Hugmyndir og hlutverk



pú sparar 162 kr/kg

25%
afsláttur við kassa
Verð nú 487 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg

Kjúklingalæri m/legg

ISLANDSUGL
Íslandsgöngu



99 kr/pk
Goða pylsur 5 stk.

GODI

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 29. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi



40%
afsláttur



599 kr. kg
~~998~~
Bautabúrs
Bayonneskinka

Ótrúlegt verð!



889 kr. kg
~~988~~
Goða lambalæri
frosið

15%
afsláttur



Fjölskylduostur

2 fyrir
1
Myllu
heilhveitibrauð



Frábært verð



Fanta &
Fanta SL 2L
89
kr/2L

6 fyrir
4
Skr.is
drykkur, 330ml



Skr.is 330ml.



Tómatar
íslenskir 500g
pakki
189
kr/pk



Rautt/Hvít
greip
129
kr/kg



Sojamjólk 1L
súkkulaði
& vanillu
199
kr/1L



Sjáumst hress!

40%
afsláttur

449 kr. kg
~~749~~

Móa kjúklingur
1/1 ferskur

30%
afsláttur

Goða gríslundir

179 kr. kg
~~259~~

Ófnfranskar strá

30%
afsláttur

Goða saltkjöt
blandað

667 kr/kg

Danpo
kjúklingabringur

1489 kr/pk

Kalkúnn
frosinn

664 kr/kg

Fine taste
rúnstykki
15stk í poka

179 kr/pk

Knorr
Lasagne/
lasgnette

349 kr/pk

Ótrúlegt verð!

Boxer 1L
epla og
appelsínusafi

59 kr/ltr

40%
afsláttur

Cillit Bang
hreinsivörur

Sprittkerti
100 stk

399 kr/pk

Svartir
ruslapokar
10stk

189 kr/rúllan

NAN

KR NAN

... Alltaf betra verð!

Samborgaraleg ábyrgð allra

Nauðgunarmál sem upp hafa komið í Reykjavík á undanförunum vikum hafa valdið miklum óhug meðal borgarbúa. Í öllum tilfellum réðust ókunnugir menn á ungar stúlkur eftir að þær höfðu verið við skemmtanahald í miðborginni. Öll málin eru enn óupplýst. Þóráður Snær Júlíusson ræddi við Eyrúnu B. Jónsdóttur, deildarstjóra á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis, um þessar nauðganir, almennt starf neyðarmóttökunnar og hvað sé mögulega hægt að gera til að sporna við því kynferðisofbeldi sem þrífst í Reykjavík nútímans.

Eyrún hefur starfað á neyðarmóttöku vegna nauðgana allt frá stofnun hennar árið 1993. Hún segir að sér sýnist sem aukning hafi orðið í málum þar sem ókunnugir menn ráðast að konum í miðborginni um helgar á síðustu 2-3 árum. „Við sjáum að þetta er alltaf að aukast. Þá eru jafnvel tveir til þrjár saman í hóp. Þótt þeir taki ekki allir beinan þátt í nauðguninni þá eru þeir allir óbeinir þátttakendur. Oft taka þeir líka beinan þátt með því að halda fórnarlambinu eða aðstoða á annan hátt við nauðgunina.“

Höfða til samborgaralegrar ábyrgðar

Eyrún telur ekki að til séu neinar skyndilausnir til að vinna gegn því þjóðfélagsmeini sem nauðganir eru. „Það er fyrst og fremst að höfða til samborgaralegrar ábyrgðar. Að fólk láti það ekki afskiptalaust ef það verður vitni af því að verið sé að áreita fólk eða jafnvel ráðast á það. Það á að skipta sér af því. Ef konur eru mikið drukknar eða illa til reika þá eiga vinir og aðrir í kringum viðkomandi að láta sig það varða og koma í veg fyrir að hún sé að fara með einhverjum afsíðis.“

Stutt í ofbeldishneigðina

Aðspurð um hvað valdi þessari aukningu segir Eyrún það ekki hlutverk neyðarmóttöku að skilgreina hvað valdi en að hana gruni að óhöfleg notkun á áfengi og fíkniefnum spili þar stóra rollu. „Fólk er náttúrulega að skemmta sér langt fram eftir nóttu og dómgreindin minnkar við mikla drykkju eða neyslu jafnvel harðari efna. Þá er einfaldlega mjög stutt í ofbeldishneigðina. Menn verða hvatvísir og þráðurinn í þeim stytur. Það þarf oft mjög lítið til þess að hleypa af stað nauðgun. Konur segjast kannski ekki nenna að tala við einhvern eða biðja þá um að láta sig í friði. En við getum ekki skilgreint hvað það er sem fær þá til að framkvæma svo alvarlegt ofbeldisverk. Við skiljum um þetta ekki frekar en aðrir.“



Svo eru fórnarlömbin oft að draga til baka kærur vegna þess að þau eru að fá alvarlegar hótanir frá gerendum, jafnvel lífláts-hótanir.

EYRÚN JÓNSDÓTTIR
DEILDARSTJÓRI NEYÐ-
ARMÓTTÖKU VEGNA
NAUÐGANA

Allt eftirlit til bóta

Eftirlit skiptir miklu máli að sögn Eyrúnar. „Líkt og lögregla og borgaryfirvöld hafa verið að nefna þá verða hugsanlega settar upp fleiri eftirlitsmyndavélar. Við vitum að mál hafa verið upplýst vegna þess að myndavélar hafa gert sitt gagn. Þar má nefna myndavélar inni á skemmtistöðunum þar sem fyrstu kynnin eiga sér oft á tíðum stað.“


Hún telur betri lýsingu á hættulegum svæðum og sýnilega löggæslu líka til mikilla bóta. „Fólk er þúsundum saman í miðborginni um helgar. Stór hluti þess fólks er ekki með dómgreind sína í lagi vegna þess að það er undir áhrifum áfengis. Fólk tekur því sénsa og gerir eitthvað sem það hefði hugsanlega



EYRÚN B. JÓNSDÓTTIR Segir að aukning hafi orðið undanfarnin ár í málum þar sem óþekktir menn ráðist að konum eftir að þær hafi verið við skemmtanahald um helgar. Hún segist ekki geta skilgreint hvað það sé sem fær menn til að fremja slík ofbeldisverk.

KYNFERÐISBROT Í REYKJAVÍKURBORG

Fjöldi einstakra kynferðisafbrota í umdæmi lögreglustjórans í Reykjavík á árunum 2001-2005 samkvæmt árskýrslu



Samkvæmt upplýsingum frá neyðarmóttöku eru einungis helmingur þeirra mála sem koma inn á borð til þeirra kærð til lögreglu.

ekki gert edrú. En samstarf okkar við lögreglu er gott og hún er mjög ábyrgðarfull við að koma með fólk á neyðarmóttökuna ef það er minnsti grunur um kynferðisafbrot. Það skiptir miklu máli að hafa lögregluna í námunda. Bara það að lögreglubílar séu sýnilegir svo að fólk sem er í vanda geti leitað til þeirra skiptir sköpum.“

Karlmenn oftast gerendur

Eyrún segir að þær nauðganir sem komi inn á borð neyðarmóttökunnar séu nánast undantekningarlaust framdar af karlmönnum. „Þetta eru nánast eingöngu brot karlmanna gegn konum. Við fáum frá einum upp í sex karlmenn á ári til okkar og þá eru gerendurnir eiginlega alltaf karlmenn. Einungis tvö af þeim 1.405 málum sem hafa komið inn á borð neyðarmóttökunnar frá upphafi eru þannig að karlmenn telji sig hafa orðið fyrir ofbeldi frá konum.“

Konur oft sakbitnar

„Konur sitja oft uppi með sektarkennd eftir að þeim hefur verið nauðgað vegna þess að þær hugsa kannski að þær hefðu aldrei átt að ganga þá leið heim sem þær fóru og annað í þeim dúr. En það eru karlmennirnir sem gera þetta. Við verðum að beina athyglinni að því að það eru gerendurnir sem bera ábyrgðina á þessu, ekki þolendurnir. Þeir bera alla þessa ábyrgð. Það verður því einfaldlega að höfða til karlmanna til að draga úr þessum árásum. Komast að því hvað það er sem fær þá til að beita þessu ofbeldi og nota vald sitt á þennan hátt.“

Helmingur mála kærður

Einungis helmingur þeirra mála sem koma til neyðarmóttökunnar er kærður til lögreglu. Eyrún segir það algerlega mat þess einstaklings sem verði fyrir árásinni hvort hann kæri eður ei. Það sé ekki þeirra hlutverk að hafa áhrif á

það, en öllum er þó boðið upp á að ræða við lögmenn.

„Gerandinn er svo oft ókunnugur. Þá hefur þolandinn yfirleitt verið að skemmta sér og endað jafnvel í samkvæmi en veit ekkert með hverjum hann fór með eða var. Svo er komið með konur hingað hverja einustu helgi sem eru nánast afvelta af ölvun eða jafnvel í áfengisdái. Þetta eru möguleg fórnarlömb þeirra sem leggjast svona lágt. En þolendurnir upplifa þetta oft þannig að það sé erfitt að kæra einhvern sem þær þekkja ekki og að illa gangi að sanna þannig mál. Svo eru fórnarlömbin oft að draga til baka kærur vegna þess að þau eru að fá alvarlegar hótanir frá gerendum, jafnvel lífláts-hótanir. Konurnar meta þetta þannig að þær geti verið í lífshættu ef þær kæri.“

Eyrún segir að umfjöllun um svona brot í fjölmiðlum og annars staðar leiði oft til þess að fleiri konur komi fram. „Þegar það

Starfsemi neyðarmóttöku

Neyðarmóttakan er staðsett á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi og hefur verið þar til húsa frá stofnun, 8. mars 1993. Aðgengi er allan sólarhinginn, bæði fyrir konur og karla sem hafa orðið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar og er þjónustan þeim sem leita til hennar að kostnaðarlausu. Auk þess er þjónusta Neyðarmóttöku forgangsþjónusta, sem þýðir að þeir sem þangað snúa sér þurfa ekki að bíða eftir aðhlyningu á biðstofu.

Alger nafnleynd ríkir og ef málið er kært til rannsóknarlögreglu þá veitir brotapolí skriflega heimild sína til þess að nota megi læknafræðslur og sakargögn sem tekin voru í málinu. Sakargögn eru geymd í allt að fjóra mánuði en skýrslur, vottorð og ástandslýsingar auk ljósmynda eru geymd áfram. Ákvörðun um að kæra er alfarið í höndum brotapöla og eru öll gögn geymd í níu vikur og því þarf ekki að taka slíka ákvörðun strax. Þó er það lagaleg skylda að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef unglíngur er yngri en 18 ára. Slíkt er gert í samráði við ungmenning.

Hjá móttökunni eru allir starfsmenn á bakvöktum og kallaðir til ef þörf þykir á. Þar starfa tólf hjúkrunarfræðingar og sjö læknafræðingar auk þess starfa þar fimm ráðgjafar, fimm lögfræðingar og tveir

Á NEYÐARMÓTTÖKUNNI STENDUR BROTAÞOLA TIL BOÐA:

1. LÆKNISSKOÐUN: Er fyrst og fremst til að tryggja velferð brotaþöla. Þar eru áverkar metnir og meðhöndlaðir auk þess sem tekin eru sýni til að útiloka sýkingar og þungun. Þá er í boði aðhlyning og dvöl á sjúkrahúsinu í sólarhring eða lengur ef þörf krefur vegna líkamlegra áverka, andlegrar vanlíðunar eða félagslegra vandamála.

2. RÉTTARLÆKNISSKOÐUN: Skoðun, sýnataka og varðveisla gagna. Frásögn brotaþöla af atburðinum er skrásett og ástand og útlit brotaþöla við komuna á slysa- og bráðadeild er skráð í læknafræðslu. Nákvæm líkamsskoðun er framkvæmd þar sem allir allir áverkar eru skoðaðir og skráðir, tekin sýni til DNA-rannsókna, tekin hársýni, fatnaður skoðaður og geymdur. Þá eru teknar ljósmyndir af áverkum ef tilefni þykir til.

3. ANDLEG ADHLYNING: Veittur er sálrænn stuðningur fyrir brotaþöla og hans nánustu. Brotapöla er sýnd umhyggja og nærgætni og er látinn finna fyrir því að honum sé trúað. Boðið er upp á þjónustu sálfræðings og viðtalsmeðferð. Það er algerlega val brotaþöla hvort hann þiggi þessa þjónustu.

4. ÞJÓNUSTA LÖGFRÆÐINGS: Allir brotaþölar eiga rétt á viðtali við réttargæslumann hvort sem kært er í málinu eða ekki. Sú þjónusta er honum að kostnaðarlausu. Réttargæslumaðurinn fylgir kæranda til lögreglu ef hann vill kæra. Ef um barn yngri en 18 ára er að ræða er haft samband við barnaverndaryfirvöld, en þau mál eru 38 prósent þeirra sem koma inn á borð neyðarmóttöku.

sálfræðingar þar sem hlutverk Neyðarmóttökunnar er að draga úr eða koma í veg fyrir andlegt og líkamlegt heilsutjón sem afleiðingu af kynferðislegu ofbeldi. Þá er einnig veitt lögfræðileg ráðgjöf. Eftir fyrstu heimsókn á

Neyðarmóttökuna eru brotaþölar boðaðir þrisvar í endurkomutíma; eftir tvær vikur, þrjú mánuði og sex mánuði. Þess er gætt að sami lækni og hjúkrunarfræðingur sem sinntu brotaþöla í fyrstu heimsókn sinni endurkomutímum.



koma fréttir af alvarlegum nauðgunarmálum þá er það reynsla bæði okkar og Stígamóta að það koma fram fleiri konur.“

Fjölgun í yngsta aldurshópnum

Eyrún segir að eðli þeirra árása sem komi til kasta neyðarmóttökunnar hafi ekki breyst mikið frá því að hún var sett á laggirnar. „Flest brotin verða ennþá á heimili geranda eða þolanda. Oftar en ekki þekkjast þeir. Hann er náinn vinur, kunningi, fyrrverandi kærasti eða jafnvel maki. Það er allt í því. Í fyrra var eina verulega fjölgunin í aldurshópnum 12 til 15 ára. Þá leituðu 24 einstaklingar á þeim aldri til okkar. Árið áður voru þeir 12. Við höfum verið að fá allt

niður í 10 ára gömul börn hingað inn. Það er dapurlegt miðað við þann áróður og umræður sem hafa verið um þessi mál í samfélaginu að það skuli ekki vera að skila sér.“

Yfirleitt eru gerendur í þessum aldurshóp eldri en þolendurnir. „Þetta geta verið strákar á aldrinum 17 og eitthvað yfir tvítugt. Það er áberandi í yngsta aldurshópnum að þetta eru mun eldri strákar. Því miður virðist ætla að verða aukning á milli ára í komum til okkar. Í fyrra voru þetta 130 mál en það sem af er þessu ári eru þegar komin upp 121. Yfirleitt fáum við tvö til þrjú mál á viku. En þetta kemur alltaf í bylgjum eins og vill gerast með svo marga hluti.“



AÐSTOÐ VEGNA NAUÐGANA

Það eru margir sem sinna aðstoð vegna nauðgunar eða annarra kynferðisbrota. Ef þú hefur, eða einhver sem þú þekkir hefur orðið fyrir nauðgun eða öðru kynferðisbroti, er hægt að leita til:

- Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á Slysa- og bráðamóttökudeild Landspítala - háskólasjúkrahúsi Fossvogi
- Neyðarmóttöku vegna nauðgunar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri
- Sjúkrahúsa út á landsbyggðinni
- Heilsugæslustöðva
- Lögreglu um allt land
- Fulltrúa Félagsmálastofnanna um allt land
- Stígamóta
- Barnahúss, Barnaverndarstofu
- Rauðakrosshússins
- Hins hússins
- Skóla; til skólahjúkrunarfræðinga, kennara og námsráðgjafa
- Félagsamtaka sem vinna að velferð barna; Barnaheill, Samfok, Heimili og skóli, Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur

Glæsilegt úrval Sisal og Kókos gólfteppa

Heimilisgólfdukar

Tilboðsverð
frá kr. 890 á m²

Plastparket

Eik, beiki, hlynur, kirsuber
Tilboðsverð kr. 990 á m²
Fullt verð kr. 1.190 á m²

Stigateppi

Níðsterk og létt í þrifum

KJARAN
GÖLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

Með veðrið á heilanum

Frá tvítugsaldri hefur **Sigurður Þór Guðjónsson**, rithöfundur og tónlistarskríbent, haft óslökkvandi áhuga á veðri og öllu sem því tengist. **Bergsteinn Sigurðsson** ræddi við Sigurð um þessa merkilegu ástríðu.

Það liggur vel á Sigurði þegar blaðamaður hittir hann á kaffihúsi í Höfðatúni. Hann afþakkar kaffi en þiggur appelsín í gleri. „Ég var einmitt að spá í að hafa samband við fjölmiðla og segja þeim frá að annálarnir eru komnir á netið, þá hringdir þú,“ segir Sigurður, sem hefur nýlokið við að safna saman öllum lýsingum um veðurfar sem finna má í íslenskum annálum og setja þær á netið.

Nánast heltekinn

Sigurður Þór á mörg áhugamál – „músík, bókmenntir og allan fjandann“ - og sinnir þeim af elju. Hann hefur skrifað um tónlist fyrir dagblöð og gefið út eina skáldsögu. Veðrið er þó sérstakasta hobbíið að hans sögn og hann jatar að vera allt að því heltekinn. „Þetta er síðasta áhugamálið sem ég fann. Ég kann ekki skýringar á hvað það er sem heillar mig en ég man þegar áhuginn kviknaði, hinn 9. júlí 1967. Kannski hafði það eitthvað að segja að þetta var á hafsfárunum en á þessum tímapikti var hitaþylgja yfir landinu, þó aðallega á Austurlandi, og þennan dag fékk ég gífurlegan áhuga á veðri. Síðan þá hef ég lesið allt um íslenskt veðurfar sem ég hef komið höndum yfir.“

Áhuginn hefur ekki rénað með árunum heldur þvert á móti færst í aukana, sérstaklega eftir að netið kom til sögunnar. „Guð hjálpi foreldrum mínum ef netið hefði verið til þegar ég var unglíngur. Það er auðvelt að tyna sér þegar það er hægt að fylgjast með veðrinu í öllum heiminum. Ég hef hins vegar takmarkað mig við íslenskt veðurfar fyrst og fremst og held þannig áttum.“

Annálarnir bara byrjunin

Sigurður segir að sektarkennd hafi rekið sig til þess að safna saman öllum veðurlýsingum úr annálum allt aftur frá landnámi og setja á netið.

„Ég hef haft áhuga á veðrinu allan þennan tíma en hafði lítið sinnt annálunum, sem eru mikilvægur heimildir um veðurfar. Svo byrjaði ég að lesa þá og vinsa út þá kafla sem fjölluðu um veður. Ég gætti þess að kynna mér hvaða annálar væru taldir áreiðanlegir

og studdist aðeins við þá, sjáðu til. Og af því að ég hafði trassað þetta svona lengi vildi ég bæta fyrir eigin vanrækslu með því að setja þetta allt á netið. Þá hefur fólk aðgang að þessu á einum stað og þarf ekki að fletta í hinum og þessum bókum. Stafsetningin er heldur ekkert aðlaðandi í fornnritunum en ég hef fært hana til nútímahorfs.“

Sigurður var að í tvær til þrjár stundir á hverjum degi í heilan vetur að safna saman lýsingunum og skrifa þær upp. Fyrir rúnum mánuði opnaði hann svo blogg síðu – nimbus.blog.is – og setti þær á netið. „Þetta er bara byrjunin, því nú ætla ég að taka saman öll met á veðurstöðvum um allt land. Svo ætla ég að kíkja í dagblöð frá 19. öld og setja veðurlýsingar þaðan á síðuna,“ segir Sigurður sem bloggjar líka um daginn og veginn. „Já, ég ætla líka að skrifa um tónlist og fleira en þessa síðu setti ég upp fyrst og fremst til að fjalla um veðrið. Hitt eru svona krúsíðullur.“


Vill bara hafa sól og sumar

Auk þess að skrifa í dagblöð, blogg og bækur hefur Sigurður haldið ítarlega dagbók frá því hann var fjórtán ára gamall.

„Hún er orðin ofboðslega stór og nýtist mér oft vel. Til dæmis ef ég vil rifja upp hvað ég var að gera í hitaþylgjunni 1991 og þess háttar. En dagbókin er sjálfstæð og kemur veðrinu þannig séð ekkert við.“ Hann viðurkennir að sumum þyki áhugamál hans skrytið. „Til dæmis einum vini mínum, hann á erfitt með að skilja þetta. Fæstum sem þekkja mig finnst þetta þó skrytið, því þetta er bara eitt af mörgum hugðarefnum mínum.“

Þrátt fyrir óseðjandi áhuga á veðurfari kveðst Sigurður vera hálfgerð kuldaskræfa. „Ég er bara stofuáhugamaður. Helst vil ég alltaf hafa sól og sumar, þess vegna er mér dillað út af þessum gróðurhúsaáhrifum, svona þannig séð. En ég hef engan áhuga á að upplifa blæbrigði veðurs á sjálfum mér.“

Eins og gefur að skilja missir hann helst ekki af veðurfréttum í sjónvarpi, en kveðst þó ekki eiga neinn uppáhaldsveðurfræðing á skjánum. „Ég hef ofboðslegar mætur á þeim öllum.“ ■



SIGURÐUR ÞÓR Kann ekki skýringar á veðuráhuga sínum en man hvenær hann kviknaði, hinn 9. júlí 1967. Þá var hitaþylgja yfir landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skrifaði ævisögu Schuberts

Sigurður er kunnur tónlistarrýnir og skrifaði um músík, aðallega klassíska, í dagblöð í 25 ár með hléum. „Það var bara fyrir tilviljun að ég festist í þessu,“ segir hann. „Jón Baldvin Hannibalsson fékk mig til að skrifa um tónlist í Alþýðublaðið þegar hann ritstýrði því og þetta bara vatt upp á sig. Ég reyni alltaf að komast endrum og eins á tónleika. Núna er ég orðinn tónlistargagnrýnandi Salarins í Kópavogi og skrifa um tónleikana þar í vetur á bloggsíðuna mína.“

Á sjöunda áratugnum gaf Sigurður út skáldsöguna Truntusól. Hann hefur nú lokið við nýtt verk sem hann langar að gefa út. En það eru ljón í vegi; um er að ræða ævisögu þýska tónskáldsins Franz Schubert og bókin er risavaxin. „Þetta er ekki þýðing, taktu eftir, heldur mitt eigið verk sem ég byggi á heimildum. Það tók mig átta ár að skrifa hana og ég lauk við hana fyrir um tveimur árum. Hún er nú hjá útgefanda sem er tvístígandi vegna stærðar verksins og umfangs, hún er um þúsund blaðsíður allt í allt. Ég aflaði um 400 ljósmyndar, sem þarf sennilega eitthvað að skera niður.“



FRANZ SCHUBERT Sigurður hefur lokið við að skrifa risavaxið verk um ævi tónskáldsins.

REYKJAVÍK.COM

REYKJAVÍK MAG

Íslendingar og útlendingar fá allar **upplýsingar** á ensku um allt það sem **heimsborgin Reykjavík** státar af á hverjum tíma.; **menningarviðburðir**, tónleikar, **skemmtistaðir**, veitingastaðir, söfn, gallerí, **tíska**, verslanir og **næturlíf**.

Fjölbreytt nám

Tölvuskólinn
þinn

við allra hæfi

Bókhald I

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tókum á bókhaldi fyrirtækisins. Þetta námskeið hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðupekkingu og þjálfun í bókhaldsvinnu.

Kennslugreinar:

- Verslunarreikningur
- VSK meðferð reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur í handfærðu bókhaldi
- Tölvubókhald í Navision

Kennslan byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau merkt og færð með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prufuútgáfa fylgir. Lengd: 110 std. Boðið er uppá morgun- og kvöldnámskeið. Verð kr. 94.000,-

Akureyri:

Kennsla hefst 25. október og lýkur 9. desember, morgun- og kvöldhópar.

Reykjavík:

Morgunnámskeið I.

Kennsla hefst 6. nóvember. Kennt er mán-mið-fös kl. 8.30 - 12.

Morgunnámskeið II.

Kennsla hefst 7. nóvember. Kennt er þri-fim-fös 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið I.

Kennsla hefst 6. nóvember. Kennt er mán-mið kl. 17.30 - 21 og lau kl. 9 - 12.30.

Kvöldnámskeið II.

Kennsla hefst 7. nóvember. Kennt er þri-fim kl. 18 - 21.30 og lau kl. 9 - 12.30.

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði, ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með reglulegum upprifjunum. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er tvisvar í viku og er hægt að velja um morgun- eða kvöldnámskeið. Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-
Allt kennsluefni innifalið.

Reykjavík:

Kennsla hefst 1. nóvember og lýkur 27. nóvember. Kennt er mánudaga og miðvikudaga, morgunhópar 8.30 - 12 og kvöldhópar 18 - 21.30.

Akureyri:

Næsta námskeið hefst í janúar.



Vefsíðugerð – grunnur

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsíðmiði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Sérstök áhersla er lögð á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Kennt er á tvö algengustu forritin sem notuð eru til vefsíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Photoshop og FrontPage.

Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar. Jafnframt er námskeiðið góður grunnur undir frekara nám og þekkingaröflun á þessu sviði. Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu í samráði við kennara.

Lengd: 42 std. Verð kr: 36.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Reykjavík:

Kennsla hefst 6. nóvember og lýkur 29. nóvember. Kennt er mánudaga og miðvikudag kl. 18 - 21.30.

Akureyri:

Næsta námskeið hefst í janúar

Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Á þessu námskeiði eru tekin fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag,



- Photoshop
- Illustrator
- InDesign

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna, og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennsla byggir á fyrirlesturum og verklegum æfingum og fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Lengd: 105 std. Verð kr. 116.000,- stgr. Allt kennsluefni innifalið.

Reykjavík:

Kennsla hefst 31. október, kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá 18 - 21.30 og annan hvern laugardag frá 9 - 12.30.

Akureyri:

Næsta námskeið hefst í janúar

Eldri borgarar 60+

Byrjendur

30 kennslustunda (20 klst) byrjendanámskeið sérstaklega ætlað 60 ára og eldri. Engin undirstaða nauðsynleg. Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra og reyndra kennara. Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa um að nota tölvuna sjálfstætt m.a. til að skrifa texta, setja hann upp og prenta, ferðast á Netinu og taka á móti og senda tölvupóst. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Reykjavík og Akureyri:

Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá 13 - 16, hefst 1. nóvember og lýkur 22. nóvember.

Framhald

30 kennslustunda (20 klst) námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu fyrir 60 ára og eldri eða hafa sambærilega undirstöðu. Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Frekari þjálfun í Internetnotkun og í allri meðferð tölvupósts. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Reykjavík og Akureyri:

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá 13 - 16, hefst 2. nóvember og lýkur 23. nóvember.

Önnur námskeið að efjast

MCSA 70-290

Hefst 10. nóvember á Akureyri, kennt er þrjár helgar, fös. 17.30 - 21.30 og laugardaga 9 - 17.

P otos op ljósmyn un

Lengd 30 std. verð kr. 29.000,- Hefst 7. nóvember á Akureyri.

P otos op grunnur

Lengd 21. std, verð kr. 24.000,- Hefst 6. nóvember í Reykjavík.

Dreamweaver

Lengd 31 std verð kr. 29.000,- Hefst 13. nóvember í Reykjavík.

Tollskýrslugerð

Lengd 21 std. verð kr. 28.000, Hefst 23. nóvember í Reykjavík.

Excel grunnur

Lengd 21 std. verð kr. 19.000,- Hefst 2. nóvember í Reykjavík.

Stafrænar myndavélar

Lengd 14 std verð kr. 15.000,- Hefst 7. nóvember á Akureyri og 13. nóvember í Reykjavík.



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKking

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS



KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bókasafn Kópavogs:

- Bókavörður

Fræðsluskrifstofa:

- Afgreiðsla, símsvörur

Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Afgr./baðvarsla kvenna

Félagsþjónusta Kópavogs:

- Starfsm. þjónustuibúðak. geðfatlaðra
- Aðstoð við heimilisstörf
- Liðveisla, tilsjón og persónuleg ráðgjöf
- Stuðningsfjölskyldur
- Matráður Roðasölum 80-100%

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:

- Umsjónarkennari á yngsta stig

Kársnesskóli:

- Dægradvöl/stuðningsfulltrúi 50%
- Dægradvöl/starfsmaður 50%
- Tónmenntak. yngsta st. til áram. 14 st.
- Umsjónark. 4. bekk til áramóta

Kópavogsskóli:

- Dægradvöl/starfsmaður 50%
- Danskennari

Lindaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

Salaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl
- Aðstoð í eldhús
- Stuðningsfulltrúi

Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Matráður starfsmanna 60%

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Álfatún: 564 6266

- Leikskólakenn/þroskþjálfari
- Deildarstjóri

Dalur: 554 5740

- Deildarstjóri 50%
- Leikskólakennari 100%

Efstihjalli: 554 6150

- Leikskólakennari
- Sérkennsla

Fagrabrekka: 554 2560

- Leikskólakennari

Kópasteinn: 564 1565

- Leikskólakennari v/afleysinga

Marbakk: 564 1112

- Leikskólakennari

Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240

- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

Nánari upplýsingar á:

www.kopavogur.is

og www.job.is



Félagsráðgjafi - afleysing

Sveitarfélagið Álfanes óskar eftir að ráða félagsráðgjafa, eða einstakling með sambærilega menntun, til afleysinga vegna fæðingarorlofs. Ráðið verður í starfið frá og með 1. desember 2006 til 1. október 2007.

Um 50% starf er að ræða.

Starfið felst m.a. í almennri félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og barnavernd.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við Launanefnd sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2006.

Nánari upplýsingar veita Ásta K. Benediksdóttir, félagsmálastjóri og Soffía Ólafsdóttir, félagsráðgjafi í síma 550 2300 eða með tölvupósti á netföngin asta@alfanes.is og soffia@alfanes.is



Foldaskóli

Skólaliði - 50-100% starf

Óskum eftir að ráða í 50-100% starf skólaliða sem fyrst. Skólaliðar starfa m.a. við gæslu og ræstingar.

Nánari upplýsingar hjá umsjónarmanni skóla, Jóni Gunnari Harðarsyni, í síma 664 8182.

GÖTUSMIÐJAN

Leitum að lífsglöðu hæfileikafólki til að sinna: **tónlistarsmiðju, tölvusmiðju og mótorsmiðju.**

Öll tæki og tól til staðar. Um er að ræða 50% stöðu á hverju sviði. Vinnutími eftir hádegi alla virka daga. Götusmiðjan er sérhæft meðferðarheimili fyrir ungt fólk á aldrinum 15 til 20 ára með vímuefnavanda og er staðsett á Akurhóli í Rangárfingi rétt austan við Hellu. Upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 566-6100 milli 9 og 17 alla virka daga.

Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á mummi@gotusmidjan.is



Markaðsstjóri

Við hjá IKEA leitum að metnaðarfullum og röggsum markaðsstjóra sem býr yfir góðri skipulagshæfni og framúrskarandi samskiptahæfileikum.

Starfssvið:

- Markaðsrannsóknir og greiningar
- Samskipti við aðila tengda markaðsmálum
- Gerð vörulista IKEA í samstarfi við vöru- og söludeild
- Samskipti við erlenda aðila
- Yfirumsjón með auglýsingum og birtingu
- Almennatengsl
- Markaðssetning

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða viðeigandi starfsreynsla
- Áhugi á IKEA og hönnun og húsbúnaði
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð skipulagshæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð

Í starfinu felast ferðir til útlanda, s.s. á námskeið og ráðstefnur, sem varað geta allt að tvær vikur í senn. Um spennandi og krefjandi starf er að ræða hjá ört stækkandi fyrirtæki sem staðsett er í nýjum húsakynnum í Garðabæ og hefur á að skipa fjölbreyttum og samhentum hópi starfsmanna.

Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember n.k.

Áhugasamir beini fyrirspurnum til Ábendis. Nánari upplýsingar veitir Elsa Heimisdóttir ráðgjafi hjá Ábendi, elsa@abendi.is eða í síma 517-5050. Sótt er um starfið á heimasíðu Ábendis, www.abendi.is



Ábendi
RÁÐNINGAR OG RÁÐGJÖF

GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennum starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Fyrirtækjaráðgjöf og fjármögnun Spron er eining sem hóf starfsemi sína um síðustu áramót og sinnir einkum ráðgjöf við kaup og sölu meðalstórra fyrirtækja ásamt því að aðstoða fjárfesta við framkvæmd annarra fjárfestingaverkefna bæði innanlands og erlendis.

RÁÐGJAFI

SPRON leitar að ráðgjafa í fyrirtækjaráðgjöf og fjármögnun.

Helstu verkefni

- Samskipti við kaupendur og seljendur fyrirtækja
- Verðmat fyrirtækja
- Úrvinnsla og framsetning gagna
- Samningaviðræður við kaupendur og seljendur
- Útfærsla fjármögnunar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, verk- eða lögfræði er skilyrði
- Reynsla af rekstri fyrirtækja er kostur
- Aðkoma að kaupum, sölu og sameiningu fyrirtækja er kostur
- Reynsla af fjárfestingaverkefnum innanlands og/eða erlendis er kostur

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

NORÐLENSKA

GÆÐASTJÓRI

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Norðlenska er með starfsstöðvar á Akureyri, á Húsavík, í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði. Gæðamál eru í öndvegi hjá fyrirtækinu og um það vitna m.a. fjölmörg verðlaun sem framleiðsluvörur og starfsfólk Norðlenska hafa unnið til í matvælakeppnum, bæði innanlands og utan.

Norðlenska óskar eftir að ráða gæðastjóra á Akureyri. Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfssvið

- Ábyrgð á gæðamálum í öllum starfsstöðvum Norðlenska
- Stefnumótun og áætlanagerð tengd gæðamálum
- Rekstur og dagleg umsjón gæðakerfa
- Eftirlit með umgengni á vinnustöðum
- Upplýsingagjöf og fræðsla um gæðamál
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði gæðamála æskileg
- Reynsla og þekking á matvælavinnslu
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Góð tölva- og tungumálakunnátta
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120



Fasteignir Akureyrarbæjar er eignarhalds- og rekstrarfélag í eigu Akureyrarbæjar. Félagið hefur sérstaka stjórn sem starfar í umboði bæjarstjórnar og hefur umsjón með öllum fasteignum í eigu bæjarins. Helstu verkefni félagsins eru nýframkvæmdir, kaup og sala eigna, viðhald eigna og útleiga þeirra.

VERKEFNASTJÓRI VIÐHALDS

Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir að ráða verkefnastjóra viðhalds. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Starfssvið

- Umsjón með viðhaldi og endurbótum hjá Fasteignum Akureyrarbæjar
- Gerð viðhalds-, starfs- og fjárhagsáætlana
- Umsjón með hönnun og útboðum verkefna
- Yfirferð útboðsgagna og gerð verksamninga
- Eftirlit með framkvæmdum
- Uppgjör, skilamat og úttektir á framkvæmdum stærri verka
- Yfirmaður þjónustufulltrúa

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í verk- eða tæknifræði æskileg
- Þekking á byggingaframkvæmdum
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð almenn tölukunnátta
- Góðir skipulagshæfileikar og frumkvæði
- Hæfni til ákvarðanatöku og sjálfstæðra vinnubragða
- Jákvætt hugarfar og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Umsækjendum gefst kostur á að fylgja umsókn / skráningu eftir með því að panta viðtal hjá ráðgjafa
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



BÓKHALDS- OG FJÁRREIÐUDEILD

Happdrætti Háskólans er í eigu Háskóla Íslands og rekið með það að markmiði að afla fjár til byggingafrákvæmda og tækjakaupa fyrir Háskólann.

Happdrætti Háskóla Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og samviskusaman einstakling til starfa í bókhalds- og fjárreiðudeild.

Starfssvið

- Umsjón með bókhaldi og frágangi gagna
- Afstemming reikninga og sjóða
- Aðkoma að uppgjörum

Menntun- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskipta æskileg
- Reynsla af bókhaldsstörfum skilyrði
- Færni í Excel ásamt góðri þekkingu á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Viðkomandi mun bera ábyrgð á skráningu bókhalds og afstemmingum, auk þess að vinna að uppgjörum og öðrum tengdum verkefnum í samráði við fjármálastjóra. Fyrir hæfan og framsækinn aðila eru möguleikar á að taka aukinn þátt í starfi deildarinnar.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun.arnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (guðridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

BLÁSIÐ TIL SÓKNAR

Tölvumiðstöð sparisjóðanna

Tölvumiðstöð sparisjóðanna (TS) þjónar ríflega 30 fjármálafyrirtækjum og er það yfirlýst stefna fyrirtækisins að vera "upplýsingasvið fjármálafyrirtækja". Tölvumiðstöð sparisjóðanna veitir hagkvæma heildarþjónustu við hagnýtingu á upplýsingatækni og leggur metnað sinn í að sýna traust, trúnað og tryggð. Starfsfólk TS veitir ráðgjöf við val á hug- og vélbúnaði og almennt um nýtingu upplýsingatækinnar, aðstoðar við val á aðkeyptum hugbúnaði og aðlagar hann að þörfum viðskiptavina. Þá er hugbúnaðarþróun stór þáttur í starfseminni ásamt nýsmíði. Í fyrirtæki eins og Tölvumiðstöð sparisjóðanna eru starfsmenn mesta auðlindin enda hefur safnast upp gríðarleg reynsla og þekking innan fyrirtækisins frá stofnun þess 1989. Þekking starfsmanna er viðtæk, sérfræðingar eru á öllum sviðum upplýsingatækinnar ásamt góðri reynslu og þekkingu á starfsemi fjármálafyrirtækja.

Hugbúnaðarsérfræðingar

Starfið felst í forritun og samþættingu á fjölbreyttum upplýsingakerfum fyrir fjármálafyrirtæki. Starfsmenn vinna í sjálfstæðum starfshópum sem hafa skilgreind ábyrgðarsvið og leiða þróun lausna á því sviði.

Leitað er að einstaklingum með háskólamenntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði auk þess sem þekking á fjármálastarfsemi er mikill kostur. Þekking og reynsla á Microsoft þróunarumhverfi og Oracle gagnagrunnum eru kostir en ekki skilyrði. Leitað er að drifandi einstaklingi sem á gott með að vinna bæði sjálfstætt og í hópi.

Starfsmaður í kerfisrekstri

Starfið felst í uppsetningu og umsjón útstöðva, eftirliti með kerfum og hinum ýmsu þjónustum í Microsoft umhverfi.

Leitað er að einstaklingi með góða þekkingu og skilning á stýrikerfum og tækni umhverfi eins og það er uppbyggt í dag, reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og ábyrgðarfullur, eiga gott með að sýna frumkvæði og hafa ríka þjónustulund.

Gagnagrunnsforritun / Viðskiptagreiðing

Starfið felst í hönnun, forritun og umsjón með vörúhúsi gagna ásamt þróun á þjónustum um nýtingu gagna. Starfið býður upp á mikla möguleika á þróun.

Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi á sviði tölvunar-, verk-, viðskipta- eða hagfræði. Gerð er krafa um góða tölvuþekkingu, reynslu af skýrslugerð og úrvinnslu gagna, helst úr fjármálageiranum. Mikill kostur er ef viðkomandi hefur þekkingu á gagnagrunnum, t.d. Oracle, á hreinsunartólum, t.d. Oracle Warehouse Builder, og á starfsemi fjármálastofnana. Leitað er að drifandi einstaklingi sem á gott með að vinna sjálfstætt sem og í hópi.

Starfsmaður þjónustuborðs

Starfið felst í almennri þjónustu við notkun kerfa, ráðgjöf og greiningu verkefna. Einnig þátttöku í hugbúnaðarþrófunum, innleiðingu á nýjum hugbúnaði, námskeiðahaldi og handbókagerð.

Leitað er að einstaklingi sem er með góða almenna menntun, þekkingu á almennri starfsemi fjármálafyrirtækja sem og bankaumhverfi. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæð/ur, hafa mikla þjónustulund, þolinmæði og hæfileika til að miðla þekkingu.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Viltu vera í vinningsliðinu?

Fjölbreytt og lifandi starf

Við bjóðum upp á fjölbreytt og lifandi starf, góðan starfsanda, þægilegt og afkastahvetjandi kerfi.

Góðar tekjur

Við leitum að harðduglegu sölufólki. Mikil vinna og góðar tekjur í boði fyrir metnaðarfullt sölufólk.

► Ef þetta er eitthvað fyrir þig, sendu þá umsókn á guðrun@remax.is

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Sólning Njarðvík Rekstrarstjóri óskast á þjónustuverkstæði

Sólning Njarðvík ehf. óskar eftir að ráða rekstrarstjóra á þjónustuverkstæði sitt í Reykjanesbæ.

Leitað er eftir þjónustulíprum, samviskusömum og heiðarlegum einstaklingi í framtíðarstarf.

Umsóknarfrestur er til 6. nóvember.

Umsóknir óskast sendar til Helga Þórissonar, framkvæmdastjóra Sólningar, á netfangið helgi@solning.is, eða bréfléiðis.

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000 | Njarðvík | Selfoss



HÁSKÓLI ÍSLANDS

STARFSMAÐUR Í BYGGINGA- OG TÆKNIDEILD

Bygginga- og tæknideild Háskóla Íslands óskar eftir laghentum einstaklingi til starfa.

Starfið felst í að sjá um húsbúnaðar- tækja- og smávörulager, ásamt efnisútvegum fyrir iðnaðarmenn sem starfa fyrir HÍ, auk þess að vinna að ýmsum verkefnum í samstarfi við þá og stjórnendur.

Hæfniskröfur:

Æskilegt er að viðkomandi hafi viðtæka reynslu af byggingaframkvæmdum og geti unnið sjálfstætt. Samstarfshæfni, þjónustulípurð og bílpróf er nauðsynlegt. Laun eru samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðherra og hlutað-eigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 13. nóvember n.k.

Umsóknir má senda á starfsumsokir@hi.is eða til starfsmannasviðs, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar hjá Valþóri Sigurðssyni, sími 525 4710 netfang: vs@hi.is.

Sjá nánar www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Laus störf hjá Óliudreifingu

Óliudreifing ehf. óskar eftir að ráða áhugasama og vandvirka einstaklinga í eftirtalin störf í Reykjavík. Um framtíðarstörf er að ræða.

Störfin standa báðum kynjum til boða.

Lager

Leitað er að einstaklingi til starfa á varahlutalager. Starfið felst í móttöku og afgreiðslu á vörum ásamt skráningu sem fer fram með handtölvum og stríkamerkingu.

Rafmagnsverkstæði

Leitað er að rafvirkjum til starfa á þjónustudeild. Um fjölbreytt starf er að ræða við nýlagnir, uppsetningu á tækjabúnaði tengdum eldsneytis-afgreiðslu, viðhaldi búnaðar og almenn rafvirkjastörf. Starfsvettvangur er allt landið, æskilegt er að starfsmaður geti farið út á land þegar þannig háttar.

Bílaverkstæði

Leitað er að bifvélavirkjum eða einstaklingum vönum viðgerðum á flutningatækjum. Um fjölbreytt starf er að ræða í viðhaldi og viðgerðum á bifreiðum og flutninga- og afgreiðslutækjum ásamt búnaði.

Iönnemar

Til greina kemur að ráða nema sem búnir eru með grunnnámi í allar greinar.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson 550 9940
Birgir Pétursson í síma 550-9957

Óliudreifing ehf. sér um dreifingu á fljóttandi eldsneyti fyrir Óliufélagið ehf. og Óliuverslun Íslands hf. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is



Ert þú stjórnandi?

Veist þú hvert þið stefnið?
Eru kúnnarnir sáttir?
Eru ferli skilvirk?

Inspector.is

Heiðarlegur, hógvær og hreinskilinn.



Inspector.is
Fyrir stór og smá fyrirtæki,
sem vilja ná lengra.

Sérkennsla

Leikskólinn Korpukot auglýsir eftir áhugasömum aðila í hlutastarf til að annast sérkennslu.

Leikskólinn leggur áherslu á nám og þroska í gegnum leik og starf.

Æskilegir eiginleikar.

- Háskólamenntun á sviði leikskólakennslu, þroskaþjálfunar, uppeldis- og/eða sálfræði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, áreiðanleiki og nákvæmni í starfi.

Áhugasamir hafi samband í síma 577-1900 / 586-1400

Poszukujemy pracowników!

W zakres pracy wchodzi zarządzanie finansami oraz usługi ubezpieczeniowe dla osób z Europy Wschodniej osiedlonych na Islandii.

Proponujemy pracę w jednej z najlepszych firm w kraju w dziedzinie handlu i doradztwa.

Naszym celem jest zapewnienie, aby osobom pochodzenia obcego zagwarantowano taką samą obsługę jak Islandczykom.

- *Ciekawa i wydajna praca w dobrym zespole.
- *Ciekawa praca z dobrą perspektywą na przyszłość.
- *Dobre zarobki w przyjaznym otoczeniu.

Kwalifikacje / Wymogi:

Osoba ubiegająca się musi mieć czyste zaświadczenie o niekaralności.

Wnioski (english or islensku) prosimy wysłać na adres á wnioski@wnioski.is

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)

Leikskóli fyrir 5 ára börn
Leikskólakennari í 70%

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)

Myndlistarkennari eða starfsmaður með áherslu á myndlist

Annað uppeldismenntað starfsfólk

Hlíðarberg (565 0556 hliदारberg@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennari
Skilastöður og stöður e.hádegi
Aðstoð í elhúsi f. hádegi

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Sjá nánar á heimasíðu skólans
www.leikskolinn.is/hvammur

Smáralundur (565 4493 smaralundur@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk

Stekkjjarás (517 5920/664 5862 stekkjjaras@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Sérkennsla
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða reynslu
Skilastöður/hlutastöður/heilsdagsstöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennarar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)

Skólaliði

Hraunvallaskóli (590 2800 hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)

Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk skóla

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyarskoli.is)

Enskukennsla e. áramót
Skólaliði (50%)

Öldutúnsskóli (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)

Kennari í sérdeild
Íþróttakennsla
Skólaliði

Allar upplýsingar um störfín gefa skólustjórar viðkomandi skóla.
Fræðslustjórnin í Hafnarfirði

Smiðir

Óskum eftir vönum smiðum til starfa.
Mikil verkefni framundan hjá traustu fyrirtæki.
Atvinnuumsóknir á heimasíðu félagsins afhus.is

Frekari uppl. gefur Einar í síma 690 6006.



Verkstjóri

Óskum eftir vönum verkstjóra til starfa.
Mikil verkefni framundan hjá traustu fyrirtæki.
Atvinnuumsóknir á heimasíðu félagsins afhus.is

Frekari uppl. gefur Einar í síma 690 6006.



Tækniamaður

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða tækni mann til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Starfið felur aðallega í sér viðgerðir og þjónustu á **tannlækna búnaði** og öðrum tengdum búnaði, ásamt aðstoð við sölu o. fl.

Leitað er að röskum og sjálfstæðum **rafeindavirkja, rafvirkja** eða einstaklingi með **sambærilega menntun**, sem vill takast á við áhugavert og krefjandi starf og hefur mikinn áhuga á þjónustu og mannlegum samskiptum. Góð enskukunnátta er nauðsynleg. Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Þeir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir **þriðjudag 7. nóvember**.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, www.sminor.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ERTU AÐ LEITA?



Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda.

Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendur

Kynnið ykkur þjónustu okkar á heimasíðunni www.radning.is og hafið samband þegar við getum orðið ykkur að liði.

Umsækjendur

Kynnið ykkur úrval áhugaverðra starfa í boði og fyllið út umsókn á heimasíðu okkar www.radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Óskum eftir að ráða tvo sérfræðinga í hugbúnaðarþróun



Starfssvið

Þróun á hugbúnaðarlausnum. Aðstoð við þarfagreiningu fyrir viðskiptavinum TrackWell og ábyrgð á afhendingu lausna.

Hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa menntun á sviði verk-, tækni-, tölvunar- eða kerfisfræði. Viðkomandi þurfa að hafa góða þekkingu á vefþróun, uppbyggingu vefþjónustu í Java J2EE eða .NET. Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á Linux eða Unix stýrikerfum, C/C++ og einu eða fleiri skriftarmálum.

Allir umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði og verða að geta unnið sjálfstætt, agað og eiga auðvelt með samskipti við aðra. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir að vinna í tæknilega krefjandi umhverfi og læra nýja hluti.

Nánari upplýsingar má fá hjá framkvæmdastjóra hugbúnaðarsviðs Sigurði E. Guttormssyni. Tekið er á móti ferlisskrám á job@trackwell.com eða á skrifstofu félagsins.

Umsóknarfrestur er til 7. nóvember.

TrackWell var stofnað árið 1996 og er leiðandi í hugbúnaðarlausnum fyrir hreyfanlegar auðlindir (MRM - Mobile Resource Management). Með MRM lausnum TrackWell ná rekstaraðilar fram betri stýringu á forðum s.s. starfsmönnum, bílum, skipum og öðrum tækjum. Helstu vörur TrackWell eru TracScape-flotastýringarkerfi, Timon - tíma- og verksskráningarkerfi og SeaData- útgærdarstjóri og afladagbók. Fyrirtækið er í góðum rekstri með marga trausta viðskiptavinum og samstarfsaðila bæði innanlands og erlendis. Hjá fyrirtækinu starfar góður og samstilltur hópur með mikla reynslu og þekkingu.

TrackWell hf.
Laugavegi 178
sími 510 0600
fax 510 0601
www.trackwell.com



Reykjavíkurborg

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í leikskólum

Deildarstjóri

- **Fellaborg**, Völvufelli 9, sími 557-2660.
- **Grandaborg**, Boðagrandu 9, sími 562-1855.
- **Hulduheimar**, Vættaborgum 11, sími 586-1870.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- **Barónsborg**, Njálsgötu 70, sími 551-0196.
 - **Brekkuborg**, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
 - **Fálkaborg**, Fálkabakka 9, sími 557-8230.
 - **Geislabaugur**, Kristnibraut 26, sími 517-2560.
 - **Gullborg**, Rekagrandu 14, sími 562-2455.
 - **Hamraborg**, Grænuhlíð 24, sími 553-6905.
 - **Hamrar**, Hamravík 12, sími 577-1240.
 - **Hraunborg**, sími 577-9770.
 - **Hulduheimar**, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
 - **Klettaborg**, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
 - **Rauðaborg**, Viðarás 9, sími 567-2185.
- Um er að ræða 100% stöður en hlutastarf kemur til greina.
- **Seljakot**, Rangárseli 15, sími 557-2350.
 - **Sólbakki**, Stakkahlíð 19, sími 552-2725 og 698-9822.
 - **Rofaborg**, Skólabæ 6, sími 567-2290 og 587-4816.
 - **Völvuborg**, Völvufelli 7, sími 557-3040.
 - **Ægisborg**, Ægisíðu 104, sími 551-4810.

Sérkennsla

- **Seljakot**, Rangárseli 15, sími 557-2350. Um er að ræða c.a. 50% stöðu eftir hádegi.

Yfirmaður í eldhúsi

- **Hulduheimar**, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
- **Klettaborg**, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.

Aðstoð í eldhúsi

- **Brekkuborg**, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
 - **Heiðaborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Um er að ræða 75% stöðu.
- **Hulduheimar**, Vættaborgum 11, sími 586-1870.
- Um er að ræða stöðu frá janúar 2007.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólalastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.menntasvid.is

Laus störf í grunnskólum

Austurbæjarskóli, sími 411-7200

- Námsráðgjafi. Um er að ræða tímabundna stöðu vegna fæðingarorlofs.

- Stuðningsfulltrúar í 50-75% stöðu.

Árbæjarskóli, sími 567-2555.

- Kennara á yngsta stig

Borgaskóli, sími 577-2900/ 664-8136.

- Kennara á miðstig. Um er að ræða stöðu til vors.

- Kennara í tilfallandi forföll

Fellaskóli, sími 557-3800.

- Skólaritari. Staðan er laus frá áramótum.

- Yfirmaður skólalæmnefndar

Foldaskóli, sími 540-7600.

- Skólalíði í 50-100% stöðu við gæslu og ræstingu.

Fossvogsskóli, sími 568-0200.

- Umsjónarkennari á miðstig. Staðan er laus frá áramótum.

- Skólalíði til að sinna nemendum í leik og starfi.

- Ræstingar í ákvæðisvinnu

Hólabrekkuskóli, sími 557-4466.

- Skólalíði

Ingunnarskóli sími 411-7828.

- Kennari í 3.-4. bekk vegna barnsburðarleyfis.

- Kennari í 5.-6. bekk vegna forfalla.

- Forfallakennari.

- Skólalíði.

Langholtsskóli, sími 553-3188.

- Skólalíði, m.a. aðstoð í mótuneyti. Starfshlutfall getur verið samkomulagsatriði.

Sæmundarsel, v/Ingunnarskóla, sími 411-7848.

- Kennari til kennslu 3.-4. bekkjar.

Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740.

- Kennari

- Proskapjálfi

- Stuðningsfulltrúi í 75% stöðu

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólalastjórar og aðstoðarskólalastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Öll laus störf í leik- og grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Rafvirkjar

Viltu vinna á góðum vinnustað?
Vegna aukinna verkefna vantar okkur fleiri rafvirkja til starfa.
Nánari upplýsingar gefur Hjörleifur í síma 861-4045
hjoll@rafvirkjameistarinn.is



Íþróttafulltrúi Ármanns og Próttar



Glímufélagið Ármann og Knattspyrnufélagið Próttur óska eftir að ráða í stöðu íþróttafulltrúa.

Starfið felst m.a. í að hafa forystu um mótun íþróttáæskulýðs- og þjálfunarstefnu félaganna og fylgja henni eftir í daglegu starfi.

Leitað er eftir íþróttfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun. Mikilvægir þættir í fari starfsmanns eru frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum auk góðra samskiptahæfileika m.a. við börn og unglinga.

Umsóknarfrestur er til mánudagsins 6. nóvember n.k.

Glímufélagið Ármann og Knattspyrnufélagið Próttur eru staðsett í hjarta íþróttanna í Laugardalnum. Félagin eru í miklum vexti og standa þau fyrir metnaðarfullu starfi á sviði íþróttá- og æskulýðsmála auk öflugrs forvarnastarfs. Mikil endurskipulagning og breytingar eiga sér nú stað hjá félögum. Ármann og Próttur standa sameiginlega að sérstöku "Rekstarfélagi" um íþróttamiðstöð í Laugardalnum að Engjavegi 7 Reykjavík. Um er að ræða samrekstur félaganna með sameiginlegu starfsmannahaldi.

Umsóknnum skal skilað á tölvupóstfangið gvo@trottur.is

Nánari upplýsingar fáast hjá framkvæmdastjóra í síma 896 2988



Net- og kerfisstjóri

Skrifstofa Alþingis óskar eftir að ráða í starf net- og kerfisstjóra í tölvudeild skrifstofunnar

Tölvudeild er deild innan rekstrar- og þjónustusviðs skrifstofunnar. Starfsmenn deildarinnar eru 5.

Starfið felst fyrst og fremst í:

- Umsjón með netkerfi Alþingis (Cisco)
- Uppsetning á nýjum búnaði og kerfum, s.s. skjalavistunarkerfinu Documentum og Digital Asset Manager
- Samskipti við starfsmenn og samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í tölvunarfræði
- Önnur menntun ásamt viðtækri starfsreynslu kemur til álita
- Starfsreynsla af rekstri tölvukerfa æskileg
- Góð þekking á Linux/Unix kerfum
- Lögð er áhersla á hæfileika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og samstarfshæfni (hópvinna). Þjónustulund nauðsynleg.
- Góð íslenskukunnátta áskilin. Góð tök á ensku og einu Norðurlandamáli æskileg

Áhersla er lögð á símenntun í starfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags starfsmanna Alþingis. Þau geta tekið mið af hæfni, sértækri reynslu og frammistöðu starfsmanns.

Umsóknir ásamt greinagóðum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu sendar skrifstofu Alþingis, Kirkjustræti 8, 150 Reykjavík merktar kerfisstjóri. Umsóknarfrestur er til 12. nóvember nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Þorbjörg Árnadóttir, deildarstjóri, veitir nánari upplýsingar í síma 563 0625 og svarar fyrirspurnum sem beint er til thorbjorg@althingi.is.

<http://www.althingi.is/>

ERT ÞÚ SKAPANDI?

Fyrirtæki skráð í Kauphöll Íslands óskar eftir að ráða öflugan grafískan hönnuð til starfa.





Starfið felst í hönnun alls markaðsefnis fyrirtækisins, m.a. þátttöku í stærri og smærri auglýsingaherferðum og hönnun á kynningarefni og vefsíðu. Mikil tengsl eru við auglýsingastofur, prentsmiðjur og ljósmyndara.

Leitað er að hugmyndaþróun og kraftmiklum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi. Um er að ræða spennandi starf fyrir réttan aðila í frjóu umhverfi hjá traustu fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember nk.

Umsjón með starfinu hefur Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is





REYNSLA

-  Góð starfsreynsla sem Grafískur hönnuður
-  Reynsla af skilum verkefna og samskiptum við fjölmiðla og prentmiðjur
-  Reynsla af frágangi og á verkum fyrir prent, vef og sjónvarp
-  Reynsla af bæði MAC og PC umhverfi

ÞEKING

-  Adobe Photoshop
-  Adobe Illustrator
-  Adobe InDesign
-  Flash + vefborðagerð

KOSTIR

-  Kunnátta á HTML + vefsíðugerð + virkni vefsíðna
-  Teiknihæfileikar
-  Grunnskilningur á þrívíddarforritum
-  Færni í mannlegum samskiptum

LEIKSKÓLAKENningarAR OG FÓLK MEÐ REYNSLU

Laus er til umsóknar staða leikskólakennara. Einnig óskum við eftir fólki með sambærilega menntun eða reynslu. Heilsdags- og hlutastarf er í boði.

Náttúruleikskólinn Hvarf er sex deilda einkarekinn skóli. Hann er staðsettur við Álfkonuhvarf í Vatnsendahverfum í Kópavogi og er rekinn af ÓB ráðgjöf.

Einvala starfsfólk starfar í leikskólanum og er mikil jákvæðni og áhugi í hópnum. Ábyrgð leikskólans hvað varðar heilbrigði er mikil og er lögð áhersla á grænmeti og ávexti í mataruppeldi barnanna.

Grunntónninn í starfsmannastefnu leikskólans er hlýja og faglegur stuðningur.

Sjá nánar í umfjöllun um leikskólann í Mbl. á www.obradgjof.is (Opnuviðtal 2. júní sl.).

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband við Áslaugu Helgu Daníelsdóttur leikskólalastjóra eða Kristínu Auði Harðardóttur aðstoðarleikskólalastjóra í síma 570 4900 eða með því að senda tölvupóst í leikskolinn@obradgjof.is.



Náttúruleikskólinn Hvarfi
- til árangurs náttúrulega

STARFSMENN Í STEINSMIÐJU PRACOWNICY DO OBRÓBKI KAMIENIA

S. Helgason óskar eftir að ráða duglega og kröftuga starfsmenn í steinsmiðju. Fjölbreytt og áhugaverð störf eru í boði. Áhersla er lögð á nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum.

Upplýsingar gefur Stefán hjá S. Helgasyni, Skemmuvegi 48, sími 557 6677, stefan@shelgason.is

S. Helgason zatrudni pracowitych i energicznych pracowników do obróbki kamienia. Różnorodnie propozycje pracy do zaoferowania. Praca Wymaga precyzyjności i drobiazowości.

Wszelkie informacje można uzyskać u Stefana w S. Helgasyni, Skemmuvegi 48, Telefon: 557 6677, stefan@shelgason.is



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

MAKE UP STORE™

Óskar eftir starfskrafti í fullt starf

Hæfniskröfur:
metnaður & þjónustulípurð
frumkvæði & sjálfstæð vinnubrögð
færni í að farða og leiðbeina
Umsóknir sendist til margret@margret.is
Umsóknarfrestur er til 3. nóvember n.k.

MAKE UP STORE er alþjóðleg verslunardeja í 12 löndum og eru verslanirnar yfir 80 talsins. Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval snyrtivara og veitir þjónustu og ráðgjöf við val á vörum. Einnig býður MAKE UP STORE uppá kennslu í förðun fyrir einstaklinga og námskeið fyrir hópa.



www.makeupstore.se

Já, nú er stuð og stemmning

JÁ óskar eftir traustum og kraftmiklum starfsmönnum. Hjá **JÁ** starfar samheldinn hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur gildin: traust, hraða, fróðleikssást, nýsköpun og umhyggju að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Auglýst er eftir hópstjóra fyrir þjónustuver í Reykjavík

Ábyrgð hópstjóra er að sjá um starfsmannamál og daglegan rekstur 118 og 1811 í Reykjavík. Hópstjóri þarf auk þess að sinna skyldum þjónustufulltrúa.

- Leiðbeiningar og hvatning til starfsmanna.
- Skipulagning vakta og skráningar með aðstoð upplýsingakerfa.
- Dagleg umsjón og samskipti við aðra stjórnendur.

Hópstjóri þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, vera röggssamur, skipulagður og búa yfir almennri tölvuþekkingu. Reynsla af stjórnun starfsmanna og framhaldsmenntun er kostur.

Umsjón með starfinu hefur Lilja Hallbjörnsdóttir hjá Já. Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið með því að senda ferilskrá á netfangið liljah@ja.is. Nánari upplýsingar er hægt að fá í gegnum tölvupóst, liljah@ja.is, eða í síma 522 3216.

Auglýst er eftir veiðimönnum í Reykjavík

Nú er vertið. Vegna aukinna söluverkefna vantar okkur 3 ráðgjafa til starfa í Reykjavík. Sölu ráðgjafar kynna vörur og þjónustu Já fyrir íslenskum fyrirtækjum, t.d. auglýsingar í miðlum Já.

- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavini Já á fyrirtækjamarkaði.
- Eftirfylgni verkefna.

Ráðgjafar þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, vera jákvæðir, skipulagðir og búa yfir almennri tölvuþekkingu. Reynsla af sölustörfum á fyrirtækjamarkaði er kostur.

Umsjón með störfunum hefur Dagný Laxdal hjá Já. Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starf með því að senda ferilskrá á netfangið dagny@ja.is. Nánari upplýsingar er hægt að fá í gegnum tölvupóst, dagny@ja.is, eða í síma 522 3217.

JÁ

Stórhöfða 33 110 Reykjavík www.ja.is

Aðstoðarlæknir á lausu!

ÖLL vinna kemur til greina. Er að leita að u.þ.b. 50% starfi. Starfshlutfall umsemjanlegt, get tekið vaktir. Útskrifaðist frá læknaeild HÍ í vor.

Á gott með mannleg samskipti, samvisskusamur og almennt vel liðinn á fyrri vinnustöðum. Hef víða komið við innan heilbrigðiskerfinu.

Frekari upplýsingar í s. 8981357.

RITHÖFUNDUR

Handritagerð

Kvikmyndafélag óskar eftir samstarfi við rithöfund við gerð kvikmyndahandrits og bókar.

Viðkomandi þarf ekki að hafa reynslu af handritagerð. Þekking á því sviði er til staðar.

Áhugasamir sendi bréf með helstu upplýsingum um fyrri verk og störf á netfangið ow.films@gmail.com



Svala Rún Sigurðardóttir segir að jóga sé frábær leið til að slaka á.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nauðsynlegt að slaka á í lok dags

Svala Rún Sigurðardóttir er vinnusálfræðingur og jógakennari. Hún segir að þetta tvennt fari mjög vel saman.

Svala vinnur á daginn hjá hugbúnaðar- og ráðgjafar-fyrirtækinu Focal og er forstöðumaður ráðgjafarsviðs. „Ég hef yfirumsjón með ráðgjöfum og verkefnum, fer inn í fyrirtæki og veiti ráðgjöf og held námskeið um gæðamál og starfsmannamál,“ segir hún. Á kvöldin er Svala síðan jógakennari hjá Jóga.is sem hún á og rekur ásamt Halldóru Káradóttur vinkonu sinni.

Svala útskrifaðist sem vinnusálfræðingur frá Bandaríkjunum árið 1995 og á svipuðum tíma kynntist hún jóga. „Ég fór að stunda jóga strax og ég kom heim frá Bandaríkjunum. Árið 2001 fór ég síðan í kennaranámið og dró þá Halldóru með mér og haustið 2002 opnuðum við Jóga.is.“

Vinnusálfræði og jóga fer mjög vel saman að sögn Svölu. „Ég er í mjög andlega krefjandi starfi þar sem ég er alltaf að vinna með nýjum og nýjum fyrirtækjum og yfirleitt að stjórna því sem ég er að gera. Þess vegna finnst mér mjög gott að fara í jóga til þess að slaka á eftir daginn og þó að ég sé að kenna sjálf næ ég því alveg. Ég er oft spurð að því hvort þetta sé ekki alltof mikið en það er það alls ekki og ég mundi ekki lifa það af að hafa ekki jóga,“ segir hún og hlær.

Svala segir að í öllum hraðanum í samfélaginu sé nauðsynlegt að geta hreinsað hugann og slakað á. „Margir sem eru að koma í tíma til okkar koma út af miklu stressi eða mikilli vöðvabólgu, en þetta tvennt hangir oft saman. Þegar keyrslan er orðin mikil verður fólk uppgefið á einhverjum tímamarki en það kann bara ekki alltaf að slaka á sjálft. Jóga er frábær leið til þess að hjálpa fólki að tæma hugann og slaka á.“ emilia@rettabladid.is

Curves

Líkamsræktarstöð fyrir konur

vantar hressar konur til starfa í hlutastörf aðallega seinni part dags
Um er að ræða móttöku og þjálfun í tækjasal, reynsla eða þekking á líkamsþjálfun æskileg. Umsóknir með mynd sendist á curves@simnet.is fyrir 3.11.06

Tæknimenn við jarðgangagerð

Metrostav - Háfell ehf. óskar eftir að ráða tæknimenn til starfa við gerð Héðinsfjarðarganga. Aðilar með jarðfræðimenntun koma einnig til greina. Um er að ræða störf á Siglufirði og Ólafsfirði. Nánari upplýsingar veitir Magnús Jónsson Verkefnisstjóri í síma 863 9968 netfang: magnus@hafell.is



Frá Kvinnaskólanum í Reykjavík

Kvinnaskólinn í Reykjavík vill ráða starfsmann til aðstoðar í mótuneyti kennara og nemenda skólans. Um er að ræða 70% starf (gæti jafnvel orðið fullt starf síðar með öðrum verkefnum).

Umsóknarfrestur er til 3. nóv. n.k. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist skólanum að Fríkirkjuvegi 9. Ekki þarf sérstakt umsóknareyðublað.

Launakjör eru skv. Stofnanasamningi Kvinnaskólans og SFR.

Skólameistari eða aðstoðarskólameistari veita nánari upplýsingar í síma 580-7600.

Skólameistari

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:

Valhúsaskóli Skólaliði

Af sérstökum ástæðum vantar okkur skólaliða til starfa sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt og líflegt starf með ungu fólki.

Nánari upplýsingar veitir Þröstur Leifsson, húsvörður, sími: 822-9125

Mýrarhúsaskóli Skólaskjól

Okkur vantar fólk til að starfa með börnum í lengdri viðveru. Þetta er skemmtilegt og gefandi starf á góðum vinnustað, hentar vel háskóla- og framhaldsskólanemum. Vinnutíminn er kl. 13:30 til 17:15 eða eftir samkomulagi, hlutastörf eru einnig í boði.

Nánari upplýsingar veitir Rut Bjarnadóttir, forstöðumaður, sími: 5959-200; farsími: 822-9123; netfang: rutbj@selthjarnarnes.is

Á Seltjarnarnesi eru um 680 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1.-6. bekk og Valhúsaskóla; fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Skólinn er vel tækjum búinn og starfsaðstaða er góð. Skólafirrvöld á Seltjarnarnesi leggja mikinn metnað í að reka góðan skóla þar sem áhersla er lögð á liðan nemenda. Seltjarnarnesbær hefur nýverið unnið metnaðarfulla skólafestun fyrir alla skóla bæjarins.

Umsóknir berist til Sigfúsar Grétarssonar skólafestjóra, netfang: sigfus@selthjarnarnes.is Sjá einnig: www.grunnskoli.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa



Reykjavíkurborg

- Einn vinnustaður



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir samstarfsaðilum vegna reksturs Gistiskýlis fyrir heimilislausa Reykvíkinga

Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa ákveðið að leita eftir samstarfsaðilum til að reka Gistiskýli fyrir heimilislausa Reykvíkinga.

Markmið með rekstri Gistiskýlisins er að veita heimilislausum Reykvíkingum næturgistingu og samastað í skamman tíma. Lögð er áhersla á:

- Aðgengilega og góða þjónustu
- Ráðgjöf og stuðning við þá sem eftir þjónustunni leita
- Náið samstarf með starfsmönnum Velferðarsviðs
- Góða samvinnu við áfengis- og vímuefnaeðferðarstöðvar, lögreglu og aðra sem koma að málefnum heimilislausa

Varðandi samstarfsaðila er einkum horft til einstaklinga/félagsamtaka sem hafa reynslu af þjónustu við einstaklinga sem eiga við margháttða félagslega erfiðleika að stríða með sérstakri áherslu á reynslu af vinnu með einstaklinga sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Gerður verður sérstakur þjónustusamningur vegna rekstursins.

Nánari upplýsingar veitir Elly A. Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri á Velferðarsviði í síma 411-9000. Netfang: elly.alda.thorsteinsdottir@reykjavik.is.

Umsóknir sendist Elly A. Þorsteinsdóttur skrifstofustjóra á Velferðarsviði, Tryggvagötu 17 101 Reykjavík, merkt "Gistiskýli" fyrir 10. nóvember 2006.

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu. Það ber ábyrgð á að framfylgt sé stefnumótun og áætlanagerð í velferðarmálum, eftirliti og mati á árangri, samhæfingu og samþættingu í málaflokknum. Þróun á mati á gæðum velferðarþjónustu, tengslum rannsókna og þjónustu, nýsköpun og þróun nýrra úrræða í velferðarþjónustu. Að auki annast Velferðarsvið rekstur ýmissa úrræða.



Viltu líflega og gefandi aukavinnu hjá traustu fyrirtæki?

SPRON leitar að dugmiklum og traustum einstaklingum til starfa hjá úthringiveri **SPRON**. Vinnutími er frá kl. 17:30-21:30 og er hægt að vinna 2-4 kvöld í viku – allt eftir því sem hentar hverjum og einum! Frábær vinnuaðstaða, góður starfsandi og frekari atvinnumöguleikar eru í boði hjá **SPRON** fyrir þá sem standa sig vel!

Starfið felst í þátttöku í skemmtilegum átaksverkefnum hjá **SPRON** þar sem góð laun fást fyrir góðan árangur. Hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um starfið (lágmarksaldur 20 ára).

Hæfniskröfur:

- Reynsla og/eða áhugi á sölu
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu **SPRON** á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Óli Sigurðsson, verkefnastjóri úthringivers, á netfanginu jonoli@spron.is.

SPRON er handhafi Viðurkenningar Jafnréttisráðs 2006.





Fjármálastjóri á nýju Leikskólasviði Reykjavíkurborgar



Laus er staða fjármálastjóra á nýju Leikskólasviði hjá Reykjavíkurborg.

Starfssvið fjármáladeildar er m.a. að annast fjárhags- og rekstraráætlanir, fjármálalega ráðgjöf til leikskólastjóra og fjárhagseftirlit, innheimtu, úttektir, samningagerð og uppgjör. Leikskólasvið þjónustar um 80 leikskóla auk skrifstofu sviðsins.

Starfssvið fjármálastjóra: (eða helstu verkefni)

- Ábyrgð á daglegri stýringu deildarinnar
- Fjárhags- og rekstraráætlanagerð
- Fjármálaleg ráðgjöf til leikskólastjórna
- Fjárhagseftirlit
- Umsjón með innheimtumálum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðskiptafræði á háskólastigi eða sambærilegt nám
- Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af fjármálaumsýslu nauðsynleg
- Stjórnunarhæfni
- Lipurð í samskiptum og færni til að starfa í hópi

Leikskólasvið annast starfsemi og rekstur leikskóla. Í því felst þróun leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólustarfi og upplýsingamiðlun fyrir leikskólaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

Upplýsingar um starfið veita Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, sviðsstjóri Leikskólasviðs, ragnhildur.era.bjarnadottir@reykjavik.is, í síma 411-7000.

Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember n.k. Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf og sendist til Menntasviðs, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Laun eru skv. kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Arkitektar og byggingafræðingar óskast til starfa í Reykjavík, Akureyri og Reykjanesbæ

arkitektur.is leitar að öflugum og framsæknum starfsfólki til að takast á við spennandi verkefni.

Verksvið:

- Alhliða hönnun mannvirkja.
- Skipulagsgerð.
- Verkefna- og hönnunarstjórnun og áætlanagerð.

Menntun:

- Lokapróf í arkitektúr, skipulags- eða byggingafræðum nauðsynlegt.

Hæfniskröfur:

- Nokkurra ára reynsla á teiknistofu æskileg.
- Færni í notkun helstu hönnunarforrita skilyrði.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg.
- Geta sýnt frumkvæði og hafa skipulagshæfni.
- Sjálfstæð vinnubrögð, þróun verkefna og góð enskukunnátta æskileg.
- Eiga auðvelt með að leiðbeina og vinna með fólki.

Umsóknum skal skila til Helgu Benediktsdóttur framkvæmdastjóra á netfangið: helga@arkitektur.is
Fullum trúnaði heitið í meðferð umsókna.
Upplýsingar veitir Helga í síma 821-5024



arkitektur.is

Hverfisgata 26 · 101 Reykjavík · Sími 562 5020 · Fax 562 5086
Kaupangur v. Mýrarveg · 600 Akureyri · Sími 462 6727 · Fax 461 1507
Vikurbraut 13 · 230 Reykjanesbæ · Sími 421 5020
www.arkitektur.is

arkitektur.is er öflugt fyrirtæki á sviði hönnunar, skipulags- og mannvirkjaframkvæmda. Arkitektar fyrirtækisins búa yfir viðtækri reynslu og þekkingu, jafnt á sviði hönnunar, teikni- og tölvuvinnslu sem og verkefnastjórnunar og áætlanagerðar.

Verkefnastjórn, fjármögnun

Fjölhæfur maður leitar að stjórnunarstarfi í verslun, iðnaði eða á byggingarvörusviði. Er vanur verkstjórn, starfsmannahaldi, erlendum samskiptum, skipulagningu, tilboðsgerð, bókhaldi, framleiðslu og sölustörfum.

Einnig kemur til greina fjármögnun eða aðstoð vegna áhugaverðra viðskiptatækifæra.

Áhugasamir sendi tölvupóst á antonsig@simnet.is og ég mun hafa samband.



KÓPAVOGSBÆR

Réttu hjálparhönd

- Heimilislegt og notalegt hjúkrunarheimili fyrir minnissjúka aldraða í Roðasölum 1 í Kópavogi, óskar eftir að ráða áhugasaman og skipulagðan matráð til starfa.

Vinnutími er frá kl. 8.00-16.00 (eða eftir samkomulagi). Starfið felst í innkaupum aðfanga og matseld/bakstri fyrir heimilismenn ásamt tilheyrandi störfum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Eflingar og Launaneðndar sveitarfélaga.

Allar nánari upplýsingar veitir Ída Atladóttir, forstöðumaður í Roðasölum í síma 564 2490 eða 570 1482. Einnig má senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið ida@kopavogur.is

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

Sölustörf:

Kaupfélagið leitar eftir sölufólki í verslanir sýnar

Kaupfélagið Kriglunni:
Hlutastarf 12 -18 alla virkadaga
Hlutastörf og helgarvinna

Kaupfélagið Smáralind :
10-17 alla virkadaga
12-19 alla virkadaga
Hlutastörf og helgarvinna

Góð laun í boði fyrir réttan aðila

Leitum að samviskusömum einstaklingum til sölustarfa í verslunum okkar, 18 ára og eldri.

Umsóknir/fyrirspurnir sendist á hermann@sporbaugur.is

Kaupfélagið

Kringlan S. 568 6211 - Smáralind S. 534 8211



Afleysingar

Læknablaðið óskar eftir starfskrafti til afleysinga. Um er að ræða 50% starf og viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. nóvember næstkomandi og starfi allt fram til 1. júlí í sumar. Starfið felst í auglýsingaöflun, vefumsýslu blaðsins og almennum verkefnum ritara.

Vinsamlegast sendið umsóknir um starfið til blaðsins ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf fyrir 1. nóvember nk. rafrænt: vedis@lis.is eða í pósti: Læknablaðið, v/ starfs-umsóknar, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Saman náum við árangri

SAMSKIP

> BÍLSTJÓRAR - óskast til Samskipa

> Fyrirtækið

Samskip hf. er ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 59 skrifstofum í 23 löndum.



Við leitum að dugmiklum og samviskusömum starfsmönnum, með reynslu af akstri og góða hæfni til mannlegra samskipta. Um er að ræða akstur meiraprófsbifreiða, gámaakstur og sendibílaakstur í Reykjavík.

> Vinnutími

8.00-16.00

> Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið meiraprófi og eru ADR réttindi æskileg en ekki skilyrði. Frumkvæði, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi skal hafa fagaða framkomu, geta unnið undir álagi, lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund. Umsækjandi skal hafa hreint sakavottorð og engan fíkniefnaferil.

> Áhugasamir

Vinsamlegast fyllið út umsókn á vef Samskipa (www.samskip.is) og veljið „Bílstjórar – auglýst staða 29.10.06“ fyrir 3. nóvember nk. Gunnar Jónsson, rekstrarstjóri, veitir allar nánari upplýsingar í síma 458 8660.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

» Ráðningaráþjónusta

Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf



» Kannaðu málið á

www.hhr.is



HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is



Landhelgisgæsla Íslands leitar eftir áhugasömu og traustu starfsfólki til starfa í Vaktstöð siglinga

Starfssvið:

- Vöktun sjálfvirkra tilkynningakerfa skipa
- Fjarskiptaþjónusta við skip. Móttaka, greining og miðlun neyðarkalla auk tilkynninga um óhöpp eða slys
- Samhæfing verkefna Landhelgisgæslu Íslands vegna leitar og björgunar, löggæslu og fiskveiðieftirlits

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð almenn menntun
- Gott vald á íslensku og ensku
- Samskiptahæfileikar, sjálfstæði og metnaður til faglegra starfa
- Reynsla af störfum tengdum sjó, siglingafræðipekking, þekking og reynsla af fjarskiptum ásamt staðkunnáttu æskileg

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra. Unnið er á vöktum.

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, ásamt sakavottorði, skal skilað til Landhelgisgæslu Íslands, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík fyrir 13. nóvember nk., merktar **“Umsókn - VSS”**

Nánari upplýsingar veita Ásgrímur Ásgrímsson yfirmaður Vaktstöðvar siglinga (asgrimur@lhg.is) sími 860-2622 og Svanhildur Sværrisdóttir starfsmannastjóri (svanhildur@lhg.is) sími 545-2000.



Starfskraftur óskast!

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir góðu starfsfólki í framleiðslu og uppsetningu skilta og umhverfismerkinga.

Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.

Umsóknir skal senda með tölvupósti á artis@artis.is

www.artis.is

Neonljós, stórmyndaprentun, ljósaskilti, umhverfismerkingar.



Opus

Teikni- og verkfræðistofa Akureyri

Byggingarverkfræðingur / Tæknifræðingur

Óskum eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til starfa. Starfið felst meðal annars í hönnun burðarvirkja og lagnakerfa, svo og umsjón og eftirliti með framkvæmdum.

Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

Umsóknir sendist á: opus@opusehf.is



Opus teikni- og verkfræðistofa ehf. Strandgötu 13, 600 Akureyri, S:461-4014

Hringdu í 550 5600 ef blaðið berst ekki

ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrifandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip“ sendist á netfangið: galle@isl.is



FRÆÐSLUSKRIFSTOFA
RAFIÐNAÐARINS

Sveinspróf í rafiðngreinum

Sveinspróf í rafiðngreinum fara fram
í febrúar 2007.

Umsóknarfrestur er til 1. des. 2006.
Nemar í skóla hafi samband við
deildarstjóra í viðkomandi skóla.
Upplýsingar og umsóknareyðublöð
liggja frammi hjá:

Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins,
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík,
Sími 580 5252.

Einnig er hægt að nálgast
umsóknareyðublöðin á heimasíðu
Fræðsluskrifstofunnar,
veffang <http://www.rafis.is/fsr>
Ath. Greiða þarf leyfisgjald fyrir
sveinsbréf kr. 5.000- við innritun.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins
29. október 2006



Jólaborpið í Hafnar røi

auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum,
félagasamtökum, verslunum eða öðrum sem
vilja taka hús á leigu gegn vægu gjaldi.

Vinsamlega hafi samband í síma 585 5775 eða á
jolathorp@hafnarfjordur.is

Jólaborpið opnar 25. nóvember og verður opið allar helgar til jóla.

Á Thorsplani, í hjarta Hafnarfjarðar, verða 20 fagurlega skreytt
jóláhús. Boðið verður upp á skemmtidagskrá alla opnunardaga
á nýju og glæsilegu sviði.



Hefur þú áhuga á kyrrð?

Kyrrðardagur Neskirkju
verður laugardaginn
4. nóvember, kl. 10-17.

Stjórnendur eru prestarnir
Halldór Reynisson og
Sigurður Árni Þórðarson.
Áslaug Höskuldadóttir stýrir
slökun.

Kyrrðardagur hentar öllum, sem
hafa áhuga á tilgangi eigin lífs,
slökun og trú.

Skráning er í Neskirkju við
Hagatorg, s. 511-1560
www.neskirkja.is

Aðalfundur KTÍ

Boðað er til aðalfundar Kælitæknifélags
Íslands þriðjudaginn 31. október 2006.
Fundurinn verður á Grand Hótel Reykjavík
Sigtúni 38 kl. 20:00.
Dagskrá aðalfundar er samkvæmt lögum
Kælitæknifélags Íslands.

Kynningar verða að aðalfundarstörfum loknum:

1. Kælitækninám.

Kristján Kristjánsson, véla-, rekstrar- og iðnaðartækniþæðingur,
Verkefnastjóri Iðunar, segir frá jóska handverkskólanum
í Hadstens og kælitækninám þar.

Ásgeir Guðnason, vélfræðingur og kennari við Fjöltækniskóla
Íslands, segir frá kennslu í kælitækni, og hugmyndum um rétt-
indanám í kælitækni við Fjöltækniskólan.

2. Varmadætur.

Sigurður J. Bergsson, tækniþæðingur hjá Kælitækni h.f.

Stjórn Kælitæknifélags Íslands.
www.kti.is



IDAN
fræðslusetur

Auglýsing um sveinspróf

Fræðslusetrin að Hallveigarstíg 1, hafa sameinast undir
nafninu IDAN - fræðslusetur.

Sveinspróf í málmíðngreinum, húsasmíði, söðlasmíði, hár-
snyrtiðn og snyrtifræði verða haldin í janúar 2007, ef næg
þátttaka fæst. Sveinspróf í vélvirkjun verður haldið 2.- 4.
mars 2007.

Umsóknarfrestur er til 1. des nk. Með umsókn skal leggja
fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsýfirlit og burtfarar-
skírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að
nemi muni útskrifast í desember 2006.

Umsóknarfrestur fyrir sveinspróf í matreiðslu, framreiðslu,

bakaraiðn og kjötiðn sem haldin verða í desember, er til 1.
nóv. nk.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, vefvang:
www.ans.is og á skrifstofunni.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður, er mismunandi eftir
iðngreinum.

IDAN - fræðslusetur,
Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík,
sími: 590 6400, bréfsími: 590 6401,
netfang: idan@idan.is

Námskeið um ábyrgð byggingastjóra

Námskeið

Innihald: • Um byggingastjóra og byggingaleyfi.
• Ábyrgð byggingastjóra - Vátryggingamál.
• Ábyrgð byggingastjóra - Verkræmkmæmdir.
• Tryggingaslit.
• Úttektir - Áfangaúttektir og lokaúttektir.

Tími: Laugardagurinn 4. nóvember 2006, kl. 9.00 - 17.00.

Staður: Hallveigarstígur 1 í Reykjavík.

Leiðbeinendur:
Magnús Sædal, Byggingarfulltrúinn í Reykjavík.
Gunnar Pétursson, lögfræðingur.

Verð: Fullt verð kr. 16.000
Verð til aðila IDUNNAR kr. 4.000

Skráning og upplýsingar:
Sími: 590 - 6400
Vefur IDUNNAR: www.idan.is. Tölvupóstur: idan@idan.is

Starfandi byggingarstjórar eru sérstakleg hvattir til að sækja þetta námskeið!

Bygginga- og mannvirkjasvið



IDAN
fræðslusetur



Við finnum kaupendur og seljendur að fyrirtækjum

Firma Consulting ehf. (www.firmaconsulting.is) er
ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við
fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja.

Firma Consulting ehf. leggur áherslu á persónulega
og faglega þjónustu með áherslu á gæði, trúnað og
traust í vinnubrögðum sínum. Firma Consulting ehf.
veitir m.a. eftirtalda þjónustu:

- Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja.
- Aðstoð við verðmat á fyrirtækjum.
- Aðstoð við sameiningu fyrirtækja.
- Aðstoð við verðmat á fasteignum.
- Aðstoð við gerð kaupsamninga
fyrirtækja og fasteigna.
- Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja
erlendis í samstarfi við sérhæfð
fyrirtæki á því sviði.
- Almenn rekstrarráðgjöf.



Magnús Hreggviðsson viðskipta-
fræðingur og löggiltur fyrirtækja-,
fasteigna- og skipasali. Magnús er með
áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum,
sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og
fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi,
„land-developer“ í Smárahvammi og
starfandi stjórnarformaður í nokkrum
fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting ehf.

GSM 820 8800 og 896 6665. magnus@firmaconsulting.is

Firma Consulting ehf., Þingaseli 10, 109 Reykjavík,
GSM: (354) 820 8800 og (354) 896 6665
Fax: (354) 557 7766. Vefvang: firmaconsulting.is



KÓPAVOGSBÆR

Afrekssjóður ÍTK

Auglýst er eftir umsóknum í Afrekssjóð Íþrótt- og tólmundaráðs Kópavogs (ÍTK)

Samkvæmt reglugerð eru markmið sjóðsins eftirfarandi:

- Að veita afreksíþróttafólki í íþróttafélögum í Kópavogi fjárhagslegan styrk vegna æfinga og/eða keppni, og þannig búa þeim sem besta aðstöðu til að stunda íþrótt sína
- Að veita afreksíþróttafólki í hópíþróttum í íþróttafélögum í Kópavogi sem náð hefur afburðaárangri fjárhagslegan styrk og gera þeim kleift að búa sig enn betur undir áframhaldandi keppni.
- Að styrkja afreksíþróttafólk sem á lögheimili í Kópavogi og stundar íþrótt sem ekki er iðkuð með íþróttafélagi í Kópavogi.
- Að veita árlega styrki og viðurkenningar fyrir unnin afrek í íþróttum jafnt kvenna sem karla.

Umsóknum um styrki skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 16. nóvember 2006. Umsóknareyðublöð ásamt reglugerð fyrir sjóðinn fást á skrifstofu íþrótt- og tólmundaráðs Fannborg 2 II hæð.

Nánari upplýsingar eru gefnar í síma 570-1600

Íþróttafulltrúi

www.kopavogur.is - www.job.is



Bolholt 4 - Reykjavík

(áður Ísleifur Jónsson ehf.)

Næsta hús á milli Kauphallar Íslands og Laugavegs 180

- Til leigu -

Eftirtaldir hlutar í húsinu Bolholti 4, Reykjavík, eru til leigu. Verða lausir frá og með 15. október nk. Leigist frá þeim tíma eða eftir samkomulagi. Hægt að skipta hlutum upp eftir nánara samkomulagi. Alls er um sex eignarhluta að ræða.

1. Verslunarhúsnæði á 1. hæð austur sem er:	245,4 fm
2. Verslunarhúsnæði á 1. hæð vestur sem er:	170,5 fm
3. Skrifstofu- eða iðnaðarhúsnæði á 2. hæð austur:	219,5 fm
4. Skrifstofu- eða iðnaðarhúsnæði á 2. hæð vestur:	186,7 fm
5. Vöruskemmi á baklóð, upphituð að hluta:	330,0 fm
6. Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð vestur, sem er:	178,6 fm
Alls samkvæmt fasteignamati ríkisins	1.330,4 fm

Leigist í ofangreindum hlutum eða saman eftir nánara samkomulagi.

Allar upplýsingar gefur:

Ragnar Aðalsteinsson

f.h. Grensás ehf. - netfang: grensas@isl.is

Sími: 893 8166 til 4. nóvember 2006.

Eigandi verður erlendis frá 5. nóv. til 15. des. 2006

Sími og fax: 001-407-249-9425 eða netfang: grensas@isl.is

ÚTBOÐ

F.h. Framkvæmdasviðs
Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu:

Skólalæð 6 - Leikskólinn Rofaborg, stækkun,
útbod nr. 06065.

Útbodsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.
Opnun tilboða: 20. nóvember 2006, kl 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur. 10858

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod



Reykjavíkurborg
Þjónustur- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, brátsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

... í öruggum höndum Gunnar Sv. Friðriksson hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali

FASTEIGNASTOFAN

Fjarðargötu 19 • Fax 565 5572 • Opnið: mán-fim 9-18 og fös 9-17 • Sími 565 5522
www.fasteignastofan.is • Allar eignir á mbl.is

Opið hús í dag milli kl. 15.00 og 16.00

Hraunbrún 5, Hf



Í sölu mjög gott og vel skipulagt tvílyft 170 fm. einbýli, auk sérstæðs 33 fm. bílskúr á góðum stað miðsvæðis í Hf. Húsið er töluvert endurnýjað, nýlegt eldhús og baðherbergi. Húsið er klætt að utan og því viðhaldslítið. Möguleiki á leiguíbúð á jarðhæð.

Þetta er mjög falleg og vel umgengið hús á góðum stað í Hafnarfirði. Stutt í skóla og leikskóla.
Verð kr. 39,9 millj.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Sérhæðir við bakka Elliðaavatns

Frábært útsýni og tenging við náttúruna á besta stað við Grandahvarf í Kópavogi

EINSTAKAR EIGNIR!

Íbúðirnar í Grandahvarfi eru vandaðar sérhæðir frá 124-144 fm að stærð.

- Glæsilegar fullbúnar sérhæðir
- Sérlóð fyrir íbúðir á neðstu hæð með tréþalli
- Glæsilegur frágangur lóða og sameiginlegra svæða

Myndavél með upptöku verður uppsett við innkeyrslu í götuna, vöktuð af stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar. Einnig fylgir öryggiskerfi hverri íbúð.

Útivistarreitir með útsýnisskífu, grillaðstöðu og sviði í rómverskum stíl.

Allar nánari upplýsingar, teikningar, skilalýsing og bæklingur fást hjá fasteignasöluni Kletti í síma 534 5400.



Opið hús
í dag!
Sunnudag frá 14 - 16



KLETTUR
FASTEIGNASALA
www.klettur.is / sími: 534 5400



Byggingafélag
JB byggir á reynslunni

10 söluskrifstofur

RE/MAX

FASTEIGNABLAÐ

www.remax.is

95. Tölublað - 4 Árgangur - 29. Október 2006



RE/MAX
BORG



RE/MAX
BÚI



RE/MAX
ESJA



RE/MAX
FASTEIGNIR



RE/MAX
HEIMILI & JARÐIR



RE/MAX
HEIMILI & SKIP



RE/MAX
LIND



RE/MAX
MJÓDD



RE/MAX
SENER



RE/MAX
STJARNAN



FRAMÚRSKARANDI SÖLUFULLTRÚAR

FRAMÚRSKARANDI ÁRANGUR

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.





RE/MAX MJÓDD

Engihjalli 17
200 Kópavogur
Opíð hús Mánudaginn kl. 17:30-18:00

Verð: 18.5 M
Stærð: 97,4
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1979
Brunabótamat: 13,5 M

Ásdís Ósk Sölufulltrúi
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Góð 5 herbergja íbúð á 3.hæð í lyftublokk, þar af 4 svefnherbergi. Fallegt parket er á gangi, stofu og eldhúsi. Eldhúsinnrétting er upprunaleg en mjög snyrtileg með góðum borðkrók. Tvennar svalir eru á íbúðinni. Baðherbergi er með flisum á gólf og baðkari. Það er sameiginlegt þvottahús með tveimur öðrum íbúðum á stígganginum og geymsla í kjallara húsin. Tilvalin eign fyrir stóra fjölskyldu.




RE/MAX MJÓDD

Rjúpufell 48
111 Reykjavík
Opíð hús mánudag kl 18:30-19:00

Verð: 17.700.000
Stærð: 113,8
Fjöldi herbergja: 4ra
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 14.900.000

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

4ra herbergja íbúð í klæddu húsi með yfirbyggðum svölum. Forstofa með flisum á gólf. Stofa með dökkum flisum á gólf, við hið stofu eru yfirbyggðar svalir með teppi og fallegum hlöðnum "spænskum" vegg. Eldhús er með upprunalegri innréttingu, falleg Ariston tæki í eldhúsi og skemmtilegur hlaðinn veggur utan um eldhústækin. Borðkrókur er við hið stofu. Innaf eldhúsi er þvottahús með tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf.




RE/MAX MJÓDD

Lækjarás 6
210 Garðabær
Opíð hús í dag kl 14:00-14:30

Verð: 55.000.000
Stærð: 241,1
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1984
Brunabótamat: 30.430.000
Bilskúr: já

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Mjög gott fjölskylduhús á 2 hæðum með stórum innbyggðum bílskúr og stórum grónum garði. Neðri hæð: Rúmgóð forstofa, gestasnyrtning, eldhús með miklu skáplássi og góðu vinnuþlássi. Stór stofa með setustofu innaf, útgengt út í stóran og grónn garð. Tvöfaldir bílskúr, þvottahús og vinnustofa með sérinnangi. Efri hæð: Stórt sjónvarpshól, 3 svefnherbergi og rúmgott baðherbergi með bæði baðkari og sturtuklefa. Hiti er í plani og gangstétt að húsi. Þetta er skemmtilegt hús innanreka í litlum botnlanga.




RE/MAX MJÓDD

Álfaskeið 14
220 Hafnarfjörður
Opíð hús í dag kl 15:00-15:30

Verð: 22,9M
Stærð: 99,8
Fjöldi herbergja: 4ja
Byggingarár: 1958
Brunabótamat: 14,3M

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Falleg 4ja herbergja efri sérhæð með sérinnangi. Eignin er frábæra staðsett á rólegum og barnvænum stað við Álfaskeið og er laus strax. Eldhús mjög bjart með 4 gluggum og hvítri innréttingu. Nýleg vönduð gaseldavél, háfur og uppþvottavél fylgir með. Gegnheil hvíttuð furuborð á gólf. Stofa rúmgóð með fallegum frónskum glugga. Baðherbergi með baðkari og fallegum flisum á gólf. Herbergi eru 3. Þetta er virkilega falleg eign í sjarmerandi húsi, þar sem órstutt er í alla þjónustu




RE/MAX MJÓDD

Lautasmári 5
201 Kópavogur
Opíð hús í dag kl 16:00-16:30

Verð: 23.500.000
Stærð: 94,1
Fjöldi herbergja: 3ja
Byggingarár: 1996
Brunabótamat: 14.200.000

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Mjög skemmtileg 3ja herbergja íbúð í góðu lyftuhúsi. Rúmgóð forstofa með fataskápum. 2 svefnherbergi bæði með skápum. Eldhús með innréttingu á 2 veggjum og borðkrók. Þvottahús er innan íbúðar. Stofan er innst í íbúðinni og útgengt á svalir. Baðherbergi er bæði með baðkari og sturtubotni. Nánasta umhverfi: Smáralindin er í 2ja mín. göngufæri, einnig órstutt í Smáratorg með allri sinni þjónustu sem og Gullsmárin fyrir eldri borgara. Einnig er órstutt í bæði skóla og leikskóla.




RE/MAX MJÓDD

Barónsstígur 49
101 Reykjavík
Opíð hús í dag kl 17:00-17:30

Verð: 21,5M
Stærð: 90,9fm
Fjöldi herbergja: 4ja
Byggingarár: 1933
Brunabótamat: 11,8M

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Frábærlega vel staðsett 4ja herbergja íbúð á 2 hæð með möguleika á útleiguherbergi. Stofa og borðstofa eru samliggjandi með rennihúð á milli. Fallegt útsýni er frá stofu. Möguleiki er á að nota aðra stofuna sem herbergi. Eldhús með innréttingu uppgerðri að hluta, borðkrók og útsýni að Hallgrímskirkju, uppþvottavél fylgir með. Herbergin eru tvö. Baðherbergi með sturtu. Öll gólf eru máluð. Sundhöll Reykjavíkur er í nokkra metra fjarlægð, skólar, menning og þjónusta er í göngufæri.




RE/MAX MJÓDD

Gullengi 9
112 Reykjavík
Opíð hús í dag kl. 18:30-19:00

Verð: 24,9M
Stærð: 105fm
Fjöldi herbergja: 4ja
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 15,8M

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

Falleg 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í 6 íbúða fjölbýli. Góður fataskápur er í forstofu. Svefnherbergin 3 eru öll með fataskápum og parketlögð. Baðherbergi er bæði með baðkari og sturtuklefa, innréttingu með halogenlúsingu og flisum á gólf. Stofan er björt með parketi á gólf og þaðan er útgengt á svalir. Eldhúsið er með maghony/sprautulakkaðri innréttingu og borðkrók. Þvottahús og geymsla er innan íbúðar. Þetta er falleg eign á barnvænum stað í Grafarvogi þar sem órstutt er í alla þjónustu.




RE/MAX MJÓDD

Fannborg 3
200 Kópavogur
Opíð hús mánudag kl. 17:30-18:00

Verð: 16.900.000
Stærð: 82,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 10,9 millj.

Ásdís Ósk lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdis Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinnangi, stórum svölum og frábæru útsýni. Forstofa með flisum, eldhús með dökkri innréttingu og búi innaf. Stofa með parketi og útgengt á stórar svalir með frábæru útsýni. 2 svefnherbergi, bæði með skápum. Flisalagt baðherbergi með tengi fyrir þvottavél.
http://www.stalform.is
E-mail: jthor@stalform.is

Riðfri sérsmiði, innréttingar, handrið, húsgögn og fl. Stalform ehf, sími 691 9477 www.stalform.is

Riðfri sérsmiði, innréttingar, handrið, húsgögn og fl. Stalform ehf, sími 691 9477 www.stalform.is

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Hús á Menorca, íbúð í Barcelona, Costa Brava og Valla dolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

Fyrir veiðimenn

HEITUR OG ÞURR Í termo

SPORTVÖRUGERÐIN

Skipholti 5, 562 8383



BYSSUTILBOÐ

Maverick pumpa frá USA.

Sterk og góð.

Verð kr. 29,700.-

VESTURRÖST


Laugavegi 178 - S.551 6770

Rjúpnaskittur ath.

Vantar 1-2 Rjúpur lifandi (lítið særðar) Er tilbúinn til að borga allt að 10.000 fyrir stk. ef fuglinn er lítið særður. Uppl. í s. 8668112. Geymið auglýsinguna.

Ýmislegt**Breiðfirðingafélagið Félagsvist**

Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð Faxafeni 14, sunnudaginn 29. október kl. 14. Breiðfirðingafélagið



HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði


Rentus

Á www.rentus.is finnur þú allt um leigu-húsnæði.

Námsmaður óskar eftir meðleigjanda í 3.herbergja íbúð í 200 Kóp. Uppl. í síma 821 1612.

Kanarí Enska ströndin.Íbúð til leigu í nóv og des. (1herb+ stofa/eldhús). Uppl. í s. 865 2121.

3ja herb. 83 fm íb. á jarðh. við Burknavelli, Hfj. til leigu í a.m.k. 1 ár. Laus strax. Kristján S. 898 7422.

Nýppgerð stórglæsileg 4 herb íbúð í 101. Tölvu/síma tengar í flestum herb. allar tegundir sjónvarps mögulegar. Þvottavél, þurrkari + ísskápur geta fylgt. Leiga 150 þ allt innifalið. Eingöngu góðir leigjendur koma til greina. S. 898 6580

Björt, falleg 2-3ja herb. jarðhæð 90 fm í Garðabæ. Sérinnng., garður, bílastæði, góðar geymslur. Leigist reykl. pari eða einstaklingi án gæluðýrra. 100 þús. á mánn, m/híta & rafm. S. 557 5616 & 896 6703.

Glæsileg, nýppgerð, 3 hb. íbúð til leigu á besta stað í 101. S. 894 0569.

Frábært herbergi til leigu á Melhaganum! Óskað eftir reglusömum og reyklusömum einstaklingi. Áhugasamir hafi samb. milli 7-8 í s. 561 9006.

3ja herbergja íbúð til leigu í Hafnarfirði, leiga 95 þús. á mánn., innifalið hússj. + hiti, 2 mánn fyrirfram. Uppl. í s. 517 3114 & 695 2150.

Fyrirtæki/fjölskyldur

Nýppgerð 2ja herb. raðhús í 101 til leigu. Laust í desember. Leiga 150 þ. + hiti og rafmagn. Uppl. á thora76@gmail.com

Er með allt að 50fm rými til leigu ásamt sameiginlegri kaffiástöðu, móttöku og snytingu. Húsnæðið er notað undir ljósmyndastúdíó í dag. Leiguverð 43 þús. Uppl. veitir Örn í s. 575 8500.

Til leigu íbúðir í Suðurnyrri, Seltjarnarnesi. Uppl. í s. 892 3207.

Til leigu einbýlishús á besta stað í Hafnarfirði, 146 fm. Uppl. í s. 861 9316, e.kl.12.

Til leigu 110 fm einbýlishús á Stokkseyri. Laust strax, fyrirframgreiddsla. Uppl. í s. 693 4060.

Til leigu 50 fm íbúð á Njálsgötu auk 20 fm svefnlofts, ekki full lofthæð. Sérinnngangur, leiga 95 þús. á mánuði. Upplýsingar í s. 891 6625.

4ra herbergja íbúð til leigu sv. 108 við Kríngluna til 10. apríl 2007. Allur húsbúnaður fylgir. Nánari uppl. í s. 899 7622.

Húsnæði óskast

31 árs iðnaðarmann vantar 2ja-3ja herb. íbúð. Reglusemi og skilvísun greiðslum heitið. Fyrirframgreiddsla í boði. Reyklaus. Uppl. í s. 845 1128.

2ja herbergja íbúð eða stúdíó í Þingholti eða Kvósinni óskast á leigu fyrir 62 ára, einhleypa konu. Leiga allt að 80 þús. á mánn., öruggar greiðslur. Uppl. í s. 856 7404 & 699 6917.

Ungur maður óskar eftir að taka á leigu herbergi á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 694 8427.

Óska eftir lítilli einstaklingsíbúð. Uppl. í s. 822 8335

21 árs stúlka óskar eftir einstaklingsíb. á víðráðanlegu verði. Er reykl. og reglusöm. Uppl. í s. 862 9272, Elin.

Húsnæði óskast

Óska eftir hæð eða húsi úti á landi. Nánari uppl. í s. 862 3064.

Smiður óskar eftir 2-3 herb. íbúð á stórreykjavíkarsvæðinu eða suðurnesjum, skilvísar greiðslur. S. 691 7484.

Óska húsnæðis

Reglusamur maður óskar eftir fjölskylduvænu, númgóðu húsnæði í eða nálægt Mosfellsbæ. Uppl. í s. 898 1298.

Atvinnuhúsnæði

Til leigu atvinnuhúsnæði v/Steinheili, Hafnaf. 171 fm. 130 fm gólflootur og 40 fm. milliloft. Hurð 4x4m. Verð 162 þ.+ vsk. S. 822 8647 eftir 17.30.

Atvinnuhúsnæði/ Geymsluhúsnæði

Til leigu er ca 200 fm húsnæði á 2. hæð með góðu aðgengi. Svæði 101. skrifstofa/kaffistofa/salerni.

Upplýsingar í síma 896 2336 & 896 2335

Tangarhöfði-Hagstæð leiga. Glæsilegt 200 fm skrifstúsn. á 2. hæð til leigu á ca. kr. 700 pr. fm. Rúmgott anddyri, 7 herb. m/parketgólfi, fundar- og eldunarstöðu, geymslu og snyrtingu. Uppl. í vs. 562 6633 & 693 4161.

Til leigu tæplega 30 fm bílskúr/vörugymsla í Hfj. Laus strax. Uppl. í 822 4850.

Vel einangraður vinnuskúr með rafstöð, ofnakerfi og innréttingu til sölu. Verð 700.000 kr. + VSK. Upplýsingar í síma 470 1710 eða í tölvupóst heidar@myllanehf.is

Til leigu

við Hverfisgötu, ca 240 fm lager og skrifstofu húsnæði, ca 135 fm skrifstofuhúsnæði og ca 75 fm lagerými. Laust strax. Uppl. í s. 821 0700.

Bílskúr

Bílskúr óskast til leigu fyrir búslóð o.fl. Allar nánari upplýsingar í síma 698 6311, Ranneig.



ATVINNA

Atvinna í boði


AKTU TAKTU

Kvöld & helgar

Aktu Taktu leitar eftir fjöru og hressu fólki í kvöld og helgarvinnu. Tilvalið fyrir skólafólk sem og aðra sem vilja vinna á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði.

Ef þú hefur áhuga hikaðu þá ekki við að senda inn umsókn á www.aktutaktu.is



BEJARBAKARI

Starfskraftar óskast

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu, á tvískiptar vaktir. Getum einnig bætt við helgarstarfsfólki. Umsóknareyðublöð á staðnum & s. 555 0480, Sigurður.

Félagsmiðstöðin Dalbraut 18-20 þarf á að halda tveimur frábærum starfsmönnum:

Um er að ræða 50% störf umsjónarmanna í móttökuleiðhúsi í litilli og notanlegri þjónustumiðstöð fyrir aldráðaVið leitum að starfsmönnum sem eru lípir í mannlegum samskiptum. Starfsmönnum sem geta starfað sjálfstætt og gengið í það sem þarf að gera hverju sinni. Starfsmönnum sem hafa metnað til að veita framúrskarandi þjónustu

-Við bjóðum upp á fjölbreytni í starfi

- Sveigjanlegan vinnutíma

-Virka þátttöku í þróun félagsmiðstöðvarinnar

Komdu í heimsókn og kynntu þér málið. Upplýsingar veitir **Sigríður Ólafsd forst. í síma 5686960**



Oliudreifing

Meiraprófsbílstjórar, Reyðarfjörður

Oliudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstarf á Reyðarfirði. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Starfið stendur báðum kynjum til boða. Allar nánari upplýsingar veitir Már í síma 474 1525 tölvupóstfang austurland@odr.is

Borgargrill

Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Dagvinna, kvöld og helgarvinna. Upplýsingar í síma 695 6869

Borgargrill við Miklubraut. borgargrill@internet.is



HAGKAUP

Stórkaup birgðaverslun

Okkur vantar hressa og skemmtilega starfsmenn á lager og í verslun. Ef þú hefur áhuga, komdu og kaktu á okkur í Faxafen 8. Þú getur líka hringt í Vigni verslunarstjóra í síma 567 9585, eða sent póst á storkaup@storkaup.is.



Gallery fiskur

Þjónustufólk óskast í sal.

Þjónustufólk óskast í sal Vinnutími 1-2 kvöld í viku fimmtudaga til laugardaga 17:30-22:00

Upplýsingar í s. 587-2882 og 869-4443 galleryfiskur@galleryfiskur.is



OLIVER BAR CAFE GRILL

Vetrarstarf!

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Aldurstakamark 20 ára. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Evu í síma 845 5923. www.cafeoliver.is.

Bakarí í Kópavogi

Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun. Tvískiptar vaktir. Helgarvinna samkvæmt samkomulagi. Uppl. í síma 897 0702, Sírý & 861 4545 Guðni.

Mosfellsbakarí Háaleitisbraut

Vorum að opna nýtt og glæsilegt bakarí á Háaleitisbraut 58-60. Okkur vantar ábyrgt og skemmtilegt fólk til að starfa með okkur alla virka daga og 1 dag aðra hvora helgi. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í s. 553 5280 & 894 7407.

Hársnyrtir í Mosfellsbæ

Hársnyrti / nema á síðasta ári vantar til starfa. Starfstími er samkomulagsatriði. Upplýsingar gefur Ingibjörg í síma 566 6090 og 699 7413.

Aðstoðardeildarstjóri

Óskum eftir að ráða ábyrga og atorkusama persónu til starfa í metravörudeild Rúmfatalagersins í Skeifunni. Góðir framtíðarmöguleikar. Upplýsingar gefnar á staðnum eða í síma: 820 8003, Ívar Rúmfatalagerinn Skeifunni 13



Leikbær

Erum að opna nýja búð í Mosfellsbæ og okkur vantar afgreiðslufólk í helgarvinnu. Umsóknir sendist á valdis@leikbaer.is

Poszukujemy pracowników!

W zakresie pracy wchodzą zarządanie finansami oraz usługi ubezpieczeniowe dla osób z Europy Wschodniej osiedlonych na Islandii. Proponujemy prace w jednej z najlepszych firm w kraju w dziedzinie handlu i doradztwa. Naszym celem jest zapewnienie, aby osobom pochodzenia obcego zagwarantowano taka sama obslugę jak Islandczykom.

-Ciekawa i wydajna praca w dobrym zespole.

-Ciekawa praca z dobra perspektywą na przyszłość.

-Dobre zarobki w przystajnym otoczeniu.

Kwalifikacje / Wymogi: Osoba ubiegająca się musi mieć czyste zawiadzenie o niekoralności.

Atvinna óskast

39 ára karlmaður óskar eftir vel launuðu aukastarfi. Uppl. í síma 695 3919.

Heimilishjálpi, ekki barna-pössun

Vil gjarnan halda húsi hreinu ca. 16 tíma á mánuði. Uppl. í s. 557 2162 & 846 3298.

Meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu. Getur byrjað strax. Uppl. í s. 856 4902.

Kona óskar eftir vinnu sem fyrst, hluta úr degi, heimilishjálpi kemur til greina. Uppl. í s. 869 6715.



ITR

Frístundaheimili

Starfsfólk óskast á frístundaheimili við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum. Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Ert þú sjálfstæður og öflugur sölumaður?

Tímaraútgáfan Birtingur auglýsir eftir duglegu og kraftmiklu fólki í kvöldstölu. Frábærir tekjumöguleikar, vinnutími frá kl 18-22, 2-4 kvöld í viku. Nánari upplýsingar fást hjá Ingu Huld, starfsmannastjóra í síma 515 5500 eða í tölvupósti inguhuld@birtingur.is

Verslunin Völuskrín óskar eftir einstaklingum sem búa yfir söluhæfileikum og hafa ríka þjónustulund. Til greina kemur hluta-eða heilsdagstarf. Umsóknir sendist á smaar@frett.is merktar „Völuskrín“ fyrir 1.nóvember nk.

Hrói Höttur

Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í allar stöður. Grill - pizzabakstur -afgreiðslu-úkeysla. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Aldur 18 skilyrði. Fólk eldri en 30 ára sérstaklega velkomið. Uppl. í s. 844 6292 milli kl13 og 15 og umsóknareyðublöð á staðnum.

Hjólbarðaverkstæði vantar vanan mann í vinnu, góðum launum heitið. Upplýsingar í síma 898 3031.

Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki

Vegna mikilla anna vantar fólk á aldrinum 19-50 ára í kvöld- og næturvinnu alla daga. Uppl. í s. 893 3432.

Leiðbeinanda vantar í 100% vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagrandu. Upplýsingar veitir leikskólustjóri í síma 562 2455 & 693 9820.

Vinnið heiman að!!

Væri ekki vel þegið að fá aukatekjur? Hringið í Ástu 891 8902.

Lítið hótél í Reykjavík óskar eftir næturverði til starfa frá og með 01. nóv. Möguleiki á íbúð. Hentar vel námsmönnum. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband á alfa@hotelvik.is.

Atvinna á Laugarvatni

Smiður eða laghentur maður óskast sem fyrst, um framtíðarstarf gæti verið að ræða. Leigu húsnæði á staðnum. Uppl. gefur TT Trésmiði ehf. í s. 894 0920.

Yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna netabát sem rær frá Suðurnesjum, góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig vantar vanan handflátningsmann í fiskverkun á Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Háseta vantar á 200 t netabát frá Þorlákshöfn, uppl. í s. 852 0789 & 892 0367.

Lærlingur, smiður eða verkamaður

Húsmiðameistar óskar eftir lærlingi, smiði og verkamanni. Fjölbreytileg smiðavinna. Uppl. í s. 698 2261.

Árbæjarbakarí

Starfskraftur óskast í afgreiðslu virka daga. Vinnutími 13-18.30. Uppl. í s. 869 0414.

Vantar smið eða laghentan mann við ýmis smiðastörf. Uppl. s. 892 5805.

Handflakari óskast í verktöku. Góð laun fyrir góðan mann. Uppl. í síma 899 3199.

Góðir tekjumöguleikar

Sjálfstætt starfandi söluafólk óskast sem fyrst við kynningar og dreifingu á nýri vöru. S. 898 8690.

Hjólbarðaverkstæðið Barðinn

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Húsbyggingu athugið! Tökum að okkur innréttingar og milliveggi. Tilboð eða tíma-vinna. S. 847 1555.

Atvinna óskast

39 ára karlmaður óskar eftir vel launuðu aukastarfi. Uppl. í síma 695 3919.

Heimilishjálpi, ekki barna-pössun

Vil gjarnan halda húsi hreinu ca. 16 tíma á mánuði. Uppl. í s. 557 2162 & 846 3298.

Meiraprófsbílstjóri óskar eftir vinnu. Getur byrjað strax. Uppl. í s. 856 4902.

Kona óskar eftir vinnu sem fyrst, hluta úr degi, heimilishjálpi kemur til greina. Uppl. í s. 869 6715.

Innkaup! Maður vanur innkaupum og erlendum viðskiptum óskar eftir framtíðarstarfi. Hefur fjölbreytta reynslu og þekkingu af innkaupum í Evrópu og Kína. Uppl. í síma 864 3573 eða atvinna10@hotmail.com

-Pólland-

Myndarlegur íslenskur karlmaður vill kynna-samt pólskri stúlkunni. Svör berist Fréttablaðinu merkt „Pólland“

ATVINNA

Hveragerði

Aðstoð óskast á tannlæknastofu. Um er að ræða hlutastarf eða fullt starf. Frekari upplýsingar fást í s. 897 2875.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Til sölu 4 negld (sava) dekk 205-55*16. Önnur 4 á felgum 175-65*14 uppl. í s. 892 3737.

Ýmislegt**Engar skuldir - Hæri tekjur**

Skoðuðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Hamborgarabúlla Tómasar, Takk fyrir góðar móttökur. Hamborgarabúlla Tómasar.

Fjótlegt, gott og austurlenskt á Badabing í hádeginu. Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Austurlenskur takeaway Badabing Flatahrauni Hafnarfirði.

Djúpsteyktar rækjur, djúpsteyktar rækjur á Badabing Flatahrauni Hafnarfirði

Einkamáli


SPJALL

SÖGUR OG DET

Karlar 515-8800

Konur 515-8888

ALLAR ÞJÓNUSTUR Í EINU NÚMARI

905-2580



Spjallrásin 1+1

Konur: 595-5555

Karlar: 908-5555

Langflasta spjallrás á Íslandi

Símasælfnumur 905-5555



Símaspjall 908 2020

Ertu náthrafn? Ertu einmanna? Ertu til í spjall? Er alltaf við, hvenær sem þig langar.

908 6050 & 908 2000

Karlmenn karlmenn! Erúði hressir? eruði í stuði? Magga er nýbyrjuð og er við laugardags og sunnudagskvöld og stundum á virkum dögum. Okkur langar að heyra í ykkur. Hringið í okkur og við verðum draumadísímar ykkar í allanótt. Lilja, Birta og Magga.

18+ klúbburinn á vef Rauða Torgsins. Sýndu þig, sjáðu aðra. Aðeins fyrir fullorðna. Nýna 75.000 kr. verðlaun fyrir flottustu myndina. Vertu velkomin/n. www.raudatorgid.is.

Ung kona leitar karlmanna sem eru til í „innilega“ símaleiki. Auglýsing hennar er hjá Örum Rauða Torgsins í síma 905-5000 (símatorg) og 535-9950 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8730.

SUNNUDAGAR

Steik hjá foreldrunum

Marianna Clara Lúthersdóttir leikkona segir að vegna þess hve hún vinnur oft um helgar séu flestir dagar svipaðir hjá henni.

Best: „Best er að ég fer stundum í steik til foreldra minna á sunnudögum ef ég er ekki að vinna.“

Verst: „Verst er að af því að dagarnir renna svona saman hjá mér vakna ég stundum upp og ætla að fara og útrétta eitthvað og fatta svo að það er helgi og allt lokað.“



MARIANNA CLARA ÆTLAR STUNDUM Í BANKANN Á SUNNUDÖGUM.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

STAÐURINN: BLÁFJÖLL

Bláfjöll eru fjallaklasi sem rís hæst 685 metra yfir sjávarmál. Umhverfis fjöllin hafa runnið hraun og er þar mest áberandi hraunið frá Heiðartoppum (613m), austur af skíðasvæðinu.

Margir gígar og gígabyrpingar eru á svæðinu. Má þar nefna Stompa, Eldborg og Skeifuna. Merkilegir hraunhellar eru nálægt skíðasvæðinu.

Bláfjöll eru vinsælt útivistarsvæði með góðri aðstöðu fyrir skíðafólk en skíðasvæðið liggur í 450 - 700 m hæð yfir sjávarmáli.

Bláfjöll eru innan vatnsverndarsvæðis og voru friðlýst árið 1973



VISSIR ÞÚ ...

... að eldgos braust út á eyjunni Krakatá í Indónesíu árið 1883?

... að í raun sprakk nærri öll Krakatá eyjan í eldsumbrotunum?

... að íbúar á Rodríguez eyju sem er í 4.653 kílómetra fjarlægð frá Krakatá heyrðu hvelinn?

... að þetta er talinn vera mesti hávaði sem menn hafa heyrt í sögunni?

... að afl umrótanna í Krakatá er talið hafa verið 10 þúsund sinnum meira en kjarnorkusprengjurnar sem varpað var á Hiroshima?

... að í kjölfar eldgossins myndaðist 40 metra há flóðbylgja?

... að fljóðbylgjan sópaði gufuskipum tvo og hálfan kílómetra upp á land?

... að tröllaukið sprengigos lagði eyjuna Santorini við Grikkland nánast í rúst árið 1893?

... að sprengingin á Santorini er talin hafa verið fjórum sinnum öflugri en sprengingin í Krakatá?

... að hefðbundin basaltkvika er yfirleitt um 1.100 til 1.200°C heit þegar hún streymir upp á yfirborðið?

... að Karbonitshraunkvikan sem vellur upp úr eldfjallinu Ol Doinyo Lengai í Tansaníu er aðeins 500 til 600°C heit?

... að nyrsta eldfjall jarðar er Beerenberg eldfjallið á eyrni Jan Mayen á Grænlandshafi?

... að Beerenberg eldfjallið er 2.276 metra hátt?

... að Beerenberg gaus síðast þann 20. september árið 1970?

... að í því gosi voru allir 39 íbúar eyjunnar fluttir á brott?

... að þessir 39 íbúar voru allir karlmenn sem unnu á Jan Mayen í hvalstöðvum?

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | VODAFONE

Á ÞRIÐJUDAG KL. 19:30

BARCELONA

CHELSEA

MEISTARADEILDIN



Á ÞRIÐJUDAG

17:15 Spartak Moskva - Inter Milan Sýn
19:30 Barcelona - Chelsea Sýn
19:30 Liverpool - Bordeaux Sýn Extra
19:30 Bayern München - Sporting Sýn Extra 2

Á MIÐVIKUDAG

19:30 Arsenal - CSKA Moskva Sýn
19:30 FC Kaupmannahöfn - Man. Utd Sýn Extra
19:30 Benfica - Celtic Sýn Extra 2

SYN
besta sætið

allt
heilsa

Alla þriðjudaga
og fimmtudaga

Liverpool-lífsstíll

Hanna Símonardóttir er fjögurra barna móðir í Mosfellsbæ og hefur brennandi áhuga á knattspyrnu. Liverpool er liðið hennar og styður hún það af lífi og sál eins og heimili hennar ber glöggt merki um. Sigríður Hjálmarsdóttir hittir Hönnu og ræddi við hana um þennan gríðarlega knattspyrnuáhuga.

Pað fyrsta sem grípur augað þegar gengið er upp að húsi Hönnu og fjölskyldu hennar í Mosfellsbæ er stórt Liverpool-skilti við hliðina á útidyrnum og gefur það vísbendingu um það sem tekur við þegar inn er komið. Plaköt, félagsfánar og fleira merkt Liverpool hangir upp um alla veggir heimilisins og að sjálfsgöðu býður Hanna upp á kaffi í Liverpool-bollum. Svefnherbergin eru með Liverpool-garðinum og sængurverum auk þess sem plaköt prýða veggina.

„Ég held þessi Liverpool-áhugi sé bara meðfæddur en ég hef haldið með liðinu allt frá því ég man fyrst eftir mér,“ segir Hanna og rifjar upp þegar hún sat og horfði á Bjarna Fel lýsa vikugömlum knattspyrnuleikjum á laugardögum á sínum æskuárum. „Ég er uppalin í sveit í Borgarfirði og þar var ekkert knattspyrnuútlit þannig að ég hafði ekki tók á að æfa fótbolta þegar ég var að alast upp. Ég spilaði samt fótbolta í öllum frímínútum í skólanum og nýtti öll

önnur tækifæri sem gáfust til að spila,“ segir Hanna sem fylgist með enska boltanum hvenær sem færi gefst. „Helgarnar hjá mér fara reyndar að miklu leyti í að fylgja börnunum í mót og leiki enda eru þau öll fjögur á kafi í íþróttum. Strákarnir þrír eru allir í fótbolta og einn í handbolta að auki en stelpan er í frjálsum, þannig að flestar helgar eru undirlagðar í þetta.“

Hanna segir síðasta sunnudag þó hafa verið alveg geggjaðan. „Það voru tveir frábærir leikir. Fyrst var Liverpool - Manchester United og síðan Real Madrid - Barcelona. Svona dagar eru náttúrlega algjörir lúxusdagar.“

Arlega á Anfield

Drátt fyrir að Hanna sé svo áhugasöm um knattspyrnu og prýði heimilið með munum og plakötum merktum Liverpool, þá hefur eiginmaður hennar, Einar Þór Magnússon, ekki minnst áhuga á knattspyrnu. „Ég hef reynt að vekja áhuga hjá honum með ýmsum ráðum en honum er bara frekar mikið sama um þetta allt saman,“

segir Hanna og bætir því við að hann hafi þó látið sig hafa það að fara með henni á leik með Liverpool eftir miklar fortölur. „Hann fór síðan sjálfviljugur á annan leik þannig að þetta er kannski ekkert alveg vonlaust. Samt hef ég hann grunaðan um að hafa haft meiri áhuga á stemningunni og umhverfinu en leiknum sjálfum, en þetta



STOFUMYNDIN Hanna er hæstánægð með myndina sem hangir fyrir ofan sófann í stofunni en þar sjást Liverpool-menn fagna Evrópumeistaratitlinum árið 2005. Í höndunum heldur hún á árituðum fótbolta sem hún fékk frá 5. flokki karla í knattspyrnu hjá Aftureldingu. „Þessi verður mjög verðmætur eftir nokkur ár þegar strákarnir verða orðnir þekktir knattspyrnumenn,“ segir Hanna stolt.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



SMÁ MÓTVÆGI Eiginmaður Hönnu, Einar Þór Magnússon, sá um að skreyta þennan vegg í sólstofunni. Hanna segir þennan bar vera smá mótvægi við allt fótboltadótið á heimilinu en bílnum breytti Einar sjálfur í bar.

kemur allt.“ Sjálf hefur Hanna farið á fimm leiki með Liverpool en heimsækir Anfield, heimavöll félagsins, á hverju ári þegar hún ferðast sem fararstjóri fyrir Bobby Charlton-knattspyrnskólann. „Mér líður eins og ég sé komin heim í hvert sinn sem ég kem þangað enda er frábært að geta komist þangað svona oft.“

Hanna segist oft hafa verið spurð að því hvort allt þetta Liverpool-dót fengi að hanga á veggjunum ef einhver annar á heimilinu væri aðdáandi en ekki hún. „Ég hreinlega treysti mér ekki til að svara þeirri spurningu enda er það svo fjarlægð.“

sigridurh@frettabladid.is



ÞRIÐJA LEIKÁRIÐ Edda er ánægð með að hefja þriðja leikárið af Alveg brilljant skilnaði þrátt fyrir að vera í fullu MBA námi á Bifröst.

Engar tvær sýningar eins

Leikkonan Edda Björgvinsdóttir er að hefja þriðja leikárið með einleikinn Alveg brilljant skilnaður vegna mikillar eftirspurnar. Sjálf hafði Edda hugsað sér að taka frí frá leikhúsinu í vetur til að sinna MBA námi sínu við Háskólann á Bifröst. „Ég ætlaði ekkert að koma nálægt leiklist á meðan ég væri í háskólanum en það er greinilegt að ég á ekkert að fá að yfirgefa hana í þessi tvö ár sem ég er í skólanum,“ segir Edda glöð í bragði og bætir því við að þetta sé nú allt skrifað í skýin. „Það eru engar tilviljanir í lífinu og ef maður hlustar þá er maður leiddur þangað sem maður á að fara. Það er mín trú.“

Spurð hvort hún sé ekkert orðin leið á verkinu segir Edda: „Ef leikrit er skemmtilegt og maður tengir vel við það þá er ekkert hægt að fá leið á því vegna þess að óþekkta stærðin er alltaf áhorfendurnir. Þess vegna eru engar tvær sýningar eins. Það er alltaf ný upplifun að leika jafnvel þó orðin séu þau sömu þá er andrúmsloftið aldrei eins. Það er ekki hægt að útskýra þetta fyrir þeim sem ekki hafa reynt það en leikarar vita þetta.“

Edda segir það mjög sérstakt að fá að leika þetta hlutverk því það sé svo margt í verkinu sem höfði til svo mikils fjölda. „Það eru algjör forréttindi að fá að leika þetta svona mikið,“ segir hún og telur sýningarnar ekki koma niður á náminu í vetur.

sigridurh@frettabladid.is

Aðeins 1 króna fyrir börnin

www.flugfelag.is | 570 3030



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

1 kr. aðra leiðina + 739 kr.

(flugvallarskattur og tryggingargjald)

Þetta einstaka tilboðsfargjald

- gildir til allra áfangastaða Flugfélags Íslands innanlands
- er fyrir börn 2 - 11 ára í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- gildir 16. okt. - 6. nóv.
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu www.flugfelag.is
- bókanlegt frá 13. október

Fáðu flugið

NÝTT Á GRAS.IS



PAR SEM ALLT SNÝST UM FÓTBOLTA!

NÚ FÆRDU GRAS.IS FÉTTIR Í SÍMANN!

Vodafone live!

Fréttir og íþróttir Leikir Skemmtun

STUÐ MILLI STRÍÐA Hinn vondi gluggapóstur

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR SKILUR EKKI BANKAMÁL



Ég hef aldrei verið þekkt fyrir að hafa mikið fjármálavitt enda tölur ekki mín sterkasta hlið. Kannski engin afsökun en það er eitthvað við bankann og hina endalaus möguleika sem hann hefur upp á að bjóða sem hræðir mig. Möguleikarnir eru nefnilega ekki allir af hinu góða og ég á bara erfitt með að skilja þetta allt saman. Yfirdráttur, vextir, skuldabréf og lánadreifing er eins og hið versta ískur í mínum eyrum.

Ég fæ þirringkast þegar ég sé gluggapóst læðast inn um lúguna og get bara ómögulega skilið af hverju í ósköpunum bankarnir fara ekki að

breyta tilhöguninni á þessum póstum, sem oftast nær innihalda fremur leiðinlegar fréttir. Formleg bréf með fullu nafni og heimilisfangi sem gerir ekkert annað en að minna mann á óþægilegar staðreyndir og peningaleysi. Ég held að ég geti bara fullyrt það hér og nú að ég hef aldrei fengið skemmtilegan gluggapóst. Venjulega fer þessi póstur á sérstakan stað heima hjá mér og reyni ég að fresta því í lengstu lög að opna hann. Best er undirbúa sig vel og vandlega áður en pósturinn er opnaður og láta hann ekki slá sig út af laginu.

Stundum líður mér eins og bankarnir eigi mig. Eftir að ég keypti mína fyrstu íbúð fór ég að sjá það meir og meir hversu mikið líf mitt


stendur og fellur með bönkunum.

Ég til dæmis hata að fara í bankaútibúð mitt. Þrúgandi andrúmsloftið og peningalyktin í loftinu er ekki í uppáhaldi og þetta númerakerfi fær mig til að líða eins og lambi á leið til slátrunar. Bíða eftir kalli gjaldkerans og fá syndaflausn við afgreiðsluborðið. Bankastarfsmenn gætu einnig platað mig upp úr skónum því það eina sem ég geri þegar ég er stödd í banka er að kinka kolli og segja já. Finnst eiginlega að það ætti að skylda að kenna fólki á banka, fjármál og allt sem því tengist. Það ætti að gera það að skyldu-fagi í menntaskóla. Ef svo hefði verið þá hefði ég örugglega verið betur stödd í dag og opnað mína gluggapósta með glöðu geði.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




BJARNI ARASON
13-18 ALLA VIRKA DAGA Á LÉTT BYLGJUNNI

Ljúf og þægileg tónlist á Létt Bylgjunni 96,7.

LÉTT BYLGJAN
967

RETTU LOGIN... ALLTAF!



JIMI HENDRIX Gítarsnillingurinn samdi þekkt lög á borð við Purple Haze og Voodoo Chile.

Fjölskyldan höfðar mál

Fjölskylda gítarsnillingins Jimi Hendrix er að íhuga að höfða mál vegna þess að mörg af bestu lögum kappans voru nýverið seld á uppboði fyrir rúman milljarð króna.

Fjölskyldan segist eiga lögin og réttinn á að selja þau. Um er að ræða lög á borð við Purple Haze og Voodoo Chile.

Lögin voru boðin upp sem hluti af eignum umboðsmanns Hendrix, Michael Jeffery, sem lést árið 1973. Hendrix dó í London þremur árum fyrr, aðeins 27 ára.

Hendrix er ennþá gríðarvin-sæll og seljast plötur hans á hverju ári í um það bil 600 þúsund eintökum.



BON JOVI Hljómsveitin Bon Jovi á besta lag níunda áratugarins að mati áhorfenda VH1.

Bon Jovi á toppnum

Lagið Livin' On A Prayer með rokksveitinni Bon Jovi frá New Jersey hefur verið valið besta lag níunda áratugarins í nýrri skoðanakönnun tónlistarstöðvarinnar VH1.

Lagið, sem var gefið út árið 1986, vann lög á borð við Pour Some Sugar On Me með Def Leppard, Hungry Like The Wolf með Duran Duran, Billie Jean með Michael Jackson og When Dove's Cry með Prince.



BORAT Sacha Baron Cohen fer með hlutverk Borats í nýju myndinni.

Bræður á Borat-plötu

Tónlistin úr kvikmyndinni Borat, sem verður frumsýnd þriðja nóvember, kemur út á plötu sama dag.

Á plötunni syngur Sacha Baron Cohen meðal annars slagarann Born to be Wild. Einnig syngur hann lagið You Be My Wife ásamt bróður sínum Erran Baron Cohen sem er trompetleikari og tónskáld. Syngur Erran tvö lög til viðbótar á plötunni.

Myndin Borat, sem heitir réttu nafni, Borat: Cultural Learnings of America for Make Benefit Glorious Nation of Kazakhstan, fjallar um sjónvarpsmanninn Borat frá Kasakstan sem lendir í hinum ýmsu ævintýrum.

Plötusnúður hitar upp

Ekki hefur verið ákveðið hvaða hljómsveit mun hita upp fyrir Sykurmolana á endurkomutónleikum sveitarinnar í Laugardalshöll 17. nóvember.

Sigtryggur Baldursson trommari staðfesti að búið væri að ráða plötusnúð til að keyra upp stemninguna í höllinni en ekki væri búið að ákveða hvaða hljómsveit myndi sjá um lokaupphitun. Tók hann fram að aðeins ein hljómsveit myndi hita upp.

Miðasala á tónleik-

ana hefur gengið vel. Miðar í stúku seldust upp á hálf tíma en enn eru til rúmlega 700 miðar í stæði sem

kosta 5.350 krónur stykkið. Seljast þeir þó hratt, m.a. vegna mikils áhuga erlendis, en þegar hafa um 700 manns pantað sér flug og miða í gegnum Icelandair.

- fb



BJÖRK Björk á tónleikum með Sykurmolunum árið 1988. Sveitin spilar í Laugardalshöll 17. nóvember.

Æfur út í fjölmiðla

David Hasselhoff er æfur þessa dagana vegna þess að atriði í skilnaðarmáli hans og eiginkonu hans, Pamelu Bach, hafa verið gerð opinber í fjölmiðlum. Þetta gerðist eftir að hjónin voru hjá dómstólum í Los Angeles til að leysa öll deilumál sín á milli vegna skilnaðarins. Í þessum gögnum kemur meðal annars fram að Hasselhoff hafi haldið framhjá Bach oft en einu sinni og átt við áfengis- og eiturlyfjavandamál að stríða. Bach kemur heldur ekki vel út úr þessu því hún greindist með kókaín í blóðinu fyrir tveimur mánuðum, meðal annars í afmælisveislu sextán ára dóttur sinnar.

Hasselhoff er reiður út í fjölmiðla vestan hafs vegna þessa og



DAVID HASSELHOFF Æfur út í fjölmiðla eftir að gögn sem tengjast skilnaði kappans við Pamelu Bach voru gerð opinber í fjölmiðlum.

segir að þessar upplýsingar séu rangar og skaði börn þeirra hjóna.



Súlur vindheld og hlý verð áður 14.490 kr. nú **5.800 kr.**

Súlur vind- og regnheldur jakki verð áður 24.500 kr. nú **9.800 kr.**



Lagersala

í eina viku

50-80% afsláttur



Freyja regnbuxur verð áður 2.890 kr. nú **1.400 kr.**

Freyja regnjakki verð áður 3.410 kr. nú **1.700 kr.**



Lagersala - Faxafeni 12

Opið virka daga kl. 09-18 • laugardag kl. 10-16

66°
NORÐUR

Manntafl leikið á ný



kl. 15

Eirún Sigurðardóttir ræðir um sýningu sína í Ásmundarsal Listasafns ASÍ. Sýninguna kallar hún *Blóðholu*. Þá holi segir hún sterkari en þrumugudinn Þór og bjartari en nokkra dís og hafa að geyma unaðslega mykt og sveigjanleika. Hún sé tenging okkar við fortíðina, hellirinn þar sem líf okkar kviknaði. Eirún er stofnandi 1/3 Gjørningaklúbbsins og hefur sýnt víða undir hans nafni frá 1996 en nú sýnir hún ein og stök.

Tilkynnt hefur verið að í kvöld hefjist sýningar að nýju á Manntafl eftir Stefan Zweig frá fyrra leikári. Sýningin fékk afar góðar viðtök og var Þór Tulinius tilnefndur til Grímuvörðlaunanna fyrir einleikinn. Aðeins fjórar sýningar eru í boði og sú fyrsta er í kvöld.

Það er Þór Tulinius sem fer með öll hlutverk í leiknum en sýningin var sett upp af Þíbilju í samstarfi við Leikfélagið. Leikstjóri er Hilmir Snær Guðnason í tilkynningu frá Borgarleikhúsi segir: „Manntafl

er hiklaust ein af perlum skáldverka tuttugustu aldarinnar. Hún er uppgjör snillings af gyðingaætum við nasisma Hitlers, sem hafði lagt undir sig hans heimaland. Hún er uppgjör við stríð og hörmungar þess, ómennskt ofbeldið og niðurlægingu mannanna. Sagan er rík af áleitnum umfjöllunarefnum um fíknir og árátur sem hrjáð geta manninn. Sagan er skrifuð af slíkri snilld, að hún rígheldur manni í spennu frá upphafi til enda.“



MANNTAFL
Þór Tulinius í hlutverki sínu.

> Ekki missa af...

Maður með myndavél eftir Dziga Vertov verður sýnd í MÍR-Salnum kl. 15 í dag. Þetta tímamótaverk er það fyrsta af nokkrum russneskum verkum sem MÍR sýnir næstu vikur á Hverfisgötu 105.

Pétur Gunnarsson spjallar um Brekkukotsannáll eftir Halldór Laxness á Gljúfrasteini í dag kl. 16. Um þessar mundir er hálf öld frá því að Brekkukotsannáll kom út og brá við nýjan tón eftir hinar umdeildu bækur Gerplu og Atómstöðina.

menning

menning@frettabladid.is

„UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.“

AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14
Sun 5/11 kl. 14
Sun 12/11 kl. 14
Sun 19/11 kl. 14

MEIN KAMPF

Lau 4/11 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20
Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?

Í kvöld kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20

REGÍNA ÓSK ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

Í djúpum dal-útgáfutónleikar
Mið 1/11 kl. 21
Miðaverð 2.000

FOOTLOOSE

Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20
Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20

AMADEUS

Lau 4/11 kl. 20 3.sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6.sýning

BRILLJANT SKILNAÐUR

Fim 2/11 kl. 20
Fim 9/11 kl. 20
Fim 16/11 kl. 20

DOGMA LEIKARANS

Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Sýnt á 3ju hæðinni

MANNTAFL

Í kvöld kl. 20 Fös 3/11 kl. 20
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Aðeins þessar sýningar.

FJÖLSKYLDUSÝNING ÍÐ

Lau 4/11 kl. 17 Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

Lau 11/11 kl. 14 Frums.
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 14

Fritt fyrir 12 ára og yngri

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhusi.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Kúkar niður af skýinu

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Um langan aldur hefur íslenskum flytjendum staðið hálfildings stuggur af söngvum Magnúsar Þórs Jónssonar – Megasar til flutnings. Textarnir hafa hrætt og vist er að flytjendur verða að leggja nokkuð yfir braginn og tónfallið sem honum er skapað. Magnús leikur sér gjarna að því að ofhlaða línur í textum sínum svo flytjandi verður að kunna þá list að þjappa líka og hlaupa á atkvæðum, fella úr og ofhraða orðalengjum. Þetta er kúnst í samfélagi þar sem textar eru yfirleitt einfaldir.

Svo er líka að kunna að túlka, leggja yfir kvæðið og skilja það til hlítar og gera að sínu.

Þetta er ekki öllum gefið: tveir standa að mínu viti upp úr á safndisknum sem Sena gaf út í síðustu viku, Rúnar Júlíusson og Ragnar Kjartansson. Báðir takast á við textann af karlmennsku, þora að leika sér með hann og gera hann sinn.

Það eru þrettán lög á disknum Þælduði sem þælandi er í. Efniskráin fellur í tvö horn: hér er gott úrval af kántrí-lögum Magnúsar

sem liggja vel fyrir og eru skemmtilega kerksnisleg í sínu fasta formi. KK með Dauða Snorra, Hjalmar með Sögu úr sveitinni, Maggi Eiríks með Gamla sorri Grána, Baggalútur með Undir rós, Papar með Við Birkiland. Allt er þetta ágætt og gaman að heyra. Svo er hin deildin sem er tilraunakenndari og þar er að finna þá tónlist sem er meira að smekk þess er hér slær lykla; blandan er engan veginn einlita, þetta er svona bland í poka og allt bragðsterkt.

Fjölbreytileikinn skýrist af djörfum efnistöku: Ragnhildur Gísladóttir tekur einfalt stemmustef gamla Fylkingarslagarans, Fram og aftur blindgötuna, og gerir úr því skemmtilega tvírátt og dularfullt lag, þó vísurnar séu hver úr sinni áttinni. Þetta er líklega elsta tónsmíðin á disknum fyrir utan unglingsmíðina Gamla sorri Grána. Hér er verið að syngja lög sem eru orðin hátt í fimmtugt. Fyrir utan mergjadan flutning Ragnars og Rúnars sem tvímælalælaust er toppurinn í þessari endurvinslu, verður að nefna flutning Ragnheiðar Gröndal sem hefur lagst yfir í góðri trú á sínum tíma. Þetta er nnað lagið sem



RÚNAR JÚLÍUSSON Reynist hafa þaulréttan skilning á texta Magnúsar og flytur hann af mikilli innlifun.

hún tekur til handargagns af því safni: Táraborg er í hennar flutningi fallega sungið en undirleikur hennar helst til bragðdaufur, mest á miðjum skalanum en vantar dýpri blæbrigði í útsetningu sem lagið þarf svo mjög.

Drumukettir takast á við Drukkuð börn í athyglisverðri túlkun og Hera flytur hina sérkennilegu smíð, Meðstreymi; þetta er eitt þeirra ljóða Magnúsar sem verður að liggja yfir.

Þá eru ónefnd tillegg Páls Óskars sem gerir Þóttu gleymir Guði að kirkjusöng og Heilræðavísur Maríu Sólar. Þetta er vel heppnað safn og stendur framur samantekt íslenskra poppara fyrir tíu árum sem sýndi að þeir gátu ekki rífið sig frá upphaflegum flutningi Magnúsar.

- pbb

ÝMSIR FLYTJENDUR

ÞÆLDÍDI SEM ÞÆLANDI ER Í

Niðurstaða: Skemmtilegt safn með hefðbundnum flutningi og nýstárlegum.

Sýnt í lönó

BEST
Í HEIMI

Frumssýning	Uppselt	28. okt.
Laugardagur		4. nóv.
Sunnudagur		5. nóv.
Föstudagur		10. nóv.
Laugardagur		11. nóv.
Laugardagur		18. nóv.
Sunnudagur		19. nóv.

Miðasala er opin virka daga frá kl. 11–16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700 www.idno.is Sýningar kl. 20



MÍÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Sun. 29. okt. kl. 20
Fös. 3. nóv. kl. 20
Lau. 4. nóv. kl. 20
Sun. 5. nóv. kl. 20

“FRÁBÆR KVÖLDSTUND” KÓPAVOGSBLAÐIÐ
ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is

Sýnt í Reiðhöll Gests, Álalind 3, Kópavogi



Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
3. sýn. í kvöld sun. 29/10 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 4/11 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag sun. 29/10 uppselt, sun. 5/11 kl. 14:00 uppselt, lau. 11/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00, sun. 7/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11 uppselt, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim 16/11, fös. 17.11.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Lau. 4/11, sun. 5/11, fös. 10/11 örfá sæti laus.

FOSSÉ HÁTÍÐ:

MÁLÞING UM HÖFUNDARVERK JONS FOSSE
Í dag sun. 29/10 kl. 15:00–17:00. Aðgangur ókeypis.
Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00

UMBREYTING – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Lau. 4/11 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 17:00, sun. 12/11 kl. 17:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu, kl. 11:00 og 12:15

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Í dag sun. 29/10 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, lau. 4/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 5/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, lau. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt, sun. 12/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 12:15 uppselt.

Gjafakort í Þjóðleikhúsið opnar ævintýraheim!



SITJI GUÐS ENGLAR

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

danny and the deep blue sea

“pönkuð ástarsaga”

Frumssýning:
fim 2. nóv kl. 20:00

Sýningar
fös 3. nóv kl. 20:00 uppselt
fös 3. nóv kl. 22:00 uppselt
lau 4. nóv kl. 20:00
lau 4. nóv kl. 22:00

Aðeins þessar sýningar
Miðaverð kr. 2000
Sýningin fer fram á ensku

ROCK´N ROLL í 50 ár á Íslandi
Vegna mikillar aðsóknar og fjölda áskorana verða aukatónleikar í Austurbæ 25. og 26. október kl. 20.00
Kynnir: Þorgeir Astvaldsson
Miðaverð kr. 2000

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

Sundruð ríki skoðuð í myndlist

Um næstu helgi verður opnuð sýning í Listasafni Reykjavíkur sem vakið hefur mikla athygli bæði í Bretlandi, Noregi og Bandaríkjunum. Hún kallast Uncertain States of America – Bandarísk list á þriðja árbúsundinu. Þar verða sýnd verk eftir vonarstjórnur samtíma-myndlistarinnar í dag.

Sýningin var opnuð í Ósló í fyrra og hefur farið bæði til New York og London þar sem henni er nýlökki. Sigurför hennar heldur áfram eftir viðdölinu í Listasafni Reykjavíkur þegar hún fer til Kaupmannahafnar og Kína.

Til marks um hversu sýningarstjórnunum hefur tekist vel við val ungra bandarískra listamanna á sýninguna má nefna að á síðum listatimaritsins Flash Art yfir efnilegustu listamenn samtímans eru ellefu af þeim fjórutíu og fimm sem verk eiga á sýningunni.

Flash Art leitaði til eitt hundruð gagnrýnenda og eitt hundruð gallerísta til að fá hjá þeim álit



FRÁ SÝNINGUNNI VESTANHAFS Hún hefur hvarvetna vakið umtal.

á því hvaða 100 listamenn það væru sem skiptu máli í dag ef frá eru taldir Matthew Barney, Damien Hirst og Maurizio Cattelan. Ekki kom á óvart að margir listamannanna lentu bæði á lista gagnrýnendanna og galleríistanna. Á lista gagnrýnendanna voru fjórir af listamönnunum sem sýna í Listasafni Reykjavíkur, í 12. sæti og ofar. Þetta eru þau Trisha Connelly (9) Paul Chan (10) og tvíeykið Allora & Calzadilla (12). Þau tvö fyrstnefndu lentu líka á lista galleríistanna.

Á lista galleríistanna er einnig að finna fjóra listamenn af topp tuttugu myndlistarmönnunum sem verk eiga á sýningunni. Kelley Walker og Wady Guyton eru þar á meðal en sá síðarnefndi er einn þeirra listamanna sem kemur hingað til lands í tilefni af sýningunni. Walker og Guyton vinna innsetningu sína í sameiningu en hún samanstendur af 900 málningardósum og 50 málverkum sem þeir máluðu saman á fáeinum vikum. Trisha Connelly er ofarlega á báðum listunum en hún hefur vakið gríðarlega athygli fyrir áhrifamikil hljóðverk.

Eins og mörg önnur verk á sýningunni verður verki Donnelly fundinn óhefðbundinn staður en það verður sett upp í lyftu Hafnarhússins. Lyftan gefur fulla ástæðu til að taka sér ferð upp á þriðju hæð hússins, skrifstofuhæðina, en þar verður í fyrsta sinn sett upp sýning í rýminu fyrir framan skrifstofurnar. Um er að ræða innsetningu Mario Ybarra sem endur-

speglar reif-menninguna með myndbandi, hljóði og myndum og gestir geta valið sér tónlist til að hlusta á.

Í kaffiteríu Hafnarhússins setur listamaðurinn Christian Holstad upp glymskratta sem spilar lög að vali gesta og í anddyrinu verður hengd upp ný útfærsla á risavöxnum bandaríska fánanum í útfærslu Franks Benson. Listamaðurinn og hönnuðurinn Matthew Brannon er einn þeirra sem koma hingað til landsins og verða verk hans m.a.

í anddyri Hafnarhússins en þess má geta að samstarf tókst á með Listasafninu og Brannon sem felst í því að hann hannar allt kynningarefni fyrir sýninguna.

Einn af yngstu listamönnunum á sýningunni, Devendra Banhart, er ekki síður þekktur sem tónlistarmaður og hefur gefið út nokkrar plötur. Þess má geta að á meðal þeirra hundruð gagnrýnenda sem voru álitsgjafar hjá Flash Art er að finna tvo af þremur sýningarstjórnunum sýningarinnar, þá Daniel Birnbaum

og Hans Ulrich Obrist. Halldór Björn Runólfsson er líka á meðal álitsgjafa. Og annar Íslendingur er tengdur listanum því Ragnar Kjartansson er á listanum yfir 200 bestu myndlistarmenn samtímans að mati gagnrýnenda.

Því er svo við að bæta að Pierre Huyghe, sem nú sýnir í Tate Modern í Lundúnum, er í 34.-39. sæti gagnrýnenda listans en hann verður með einkasýningu í Hafnarhúsinu snemma á næsta ári.

- pbb

Upplifðu sanna

Jóla stemningu

Forréttir:

Síldarréttir
Reykt síld
Taðreykt bleikja
Mojhito lax
Kjúklingarúlla
Andarlifraterrine
Köld jólaskinka
Rauðvínssóðin nautatunga

Aðalréttir:

Kalt hangikjöt
Ávaxtafylltur grísahnakki
Villikryddað lambalæri
Innbakaðar nautalundir
Purusteik
Hnetufyllt kalkúnabringa
Jólapyllsur Óperu

Meðlæti:

Rauðkál
Grænertur
Baunasalat
Eplasalat
Kartöflusalat
Suðrænt tómatsalat
Ávaxtasalat
Karamellukartöflur
Heitar sósor

Eftirréttir:

Súkkulaði kaka
Ostaterta
Ris a la mande
Sherry fromage

Jólahlaðbord

Úrvals hráefni,
Árni Ísleifs
handleikur flygilinn,
óvæntar uppákomur
og frábær þjónusta

Pantaðu bord í síma:

552 9499



Lækjargötu 2 / 101 Reykjavík

Stórfenglegt drasl

[LEIKLIST]

UMFJÖLLUN

Stjórndendur Þjóðleikhússins hafa í meira en hálfa öld fallið í þá freistni að kippa á svið nýju skemmtiefni frá West eða Broadway og trommað upp með trúðana sína gestum sínum til skemmtunar á föstudags- og laugardagskvöldum.

Stundum hefur þetta gengið vel, stundum ekki. Þetta eru svörtustu blettirnir í sögu hússins, þessi óskiljanlegu einskisverðu verk sem halda kommersjál leikhúsum uppi. Þau eru grunn, gamaldags og einfeldningsleg. Þau brjóta í bága við lög um Þjóðleikhús.

Þar eru þau sýnd vegna þess að kommersjál leikhús hefur ekki komist á legg hér á landi. Kommersjál leikhús kemst ekki á legg hér á landi vegna þess að ríkisstyrkt leikhús eru alltaf að grípa í svona verk. Sem er sýnd.

Stórfengleg! er verk úr þessari skúffu. Það er eins konar brandaraverk: ósmekklegr en elskuleg amerísk kelling syngur falskt. Erindi þess er að réttlæta fúskarann og segja svei við þá sem hlæja að öllum sem ekki eru fullburða á sínum vettvangi. Það er gert með því að gera grín að slíkrri persónu úr sögunni og hennar tilburðum á listasviðinu. Og sumir áhorfendur á frumsýningu hlógu úr sér góminn, jafnvel að fimmaurabröndurum leikskáldsins.

Styrkur sýningarinnar eru vinsældir sem Ólafía Hrönn Jónsdóttir nýtur, ekki aðeins meðal starfsfólks Þjóðleikhússins og embættismanna sem eru lunginn af frumsýningargestum þar á bæ núorðið, heldur almennings: á þau mið er róið.

Og metnaðurinn fyrir hönd listakonunnar er ekki stærri en þetta hjá Tinnu Gunnlaugsdóttur og hennar samstarfskonum. Í lágkúruna skal senda hana. Það er ekki verið að bjóða henni Mutter Courage, einhvern þann part sem hæfir listrænum þroska Lollu á þessum stað í ferli hennar. Nei elskulega kómik hennar skal nota og þann hæfileika, að hún getur gólað falskt ef hún vill



Þjóðleikhúsið: Stórfengleg

HÖFUNDIR: PETER QUILTER

Niðurstaða: Grunnt, gamaldags, einfeldningslegt. Sextíu milljóna fimmaurabrandari.

og lærir, til að telja inn krónurnar.

Að öllu leyti ber sýningin þess merki hver ætlunin er: hún er lítillsigld í útliti, fátækleg og ódýr að öllu leyti. Það er hrátt þýðingarbragð af ódýrum textanum, ungliðunum er vorkunn að vera komnir í þau klisjukenndu hlutverk sem leikhúsið býður þeim uppá í start og þau eru svo lítilþæg að þiggja. Öllum aðstandendum er minnkun af þessu verki.

En mest þó leikhússtjórninni. Eru ráðgjafar leikhússtýrinnar orðnir svona meðvirkir eða eru þessu ósköp máski ættuð frá dramatúrgunum? Svona stórfenglegt drasl á Þjóðleikhús sem nýtur almannastyrkja sem menningarstofnun ekki að setja á svið. Það nýtur þeirra til annarra verka. Sextíu milljónir sem leikhúsið er að bæta við sig í fjárlögum þessa árs eru til annars. Ofan á allt hitt. Og þegar allt er talið þá er ekki fjarri að þessi leiksýning kosti skattgreiðendur það – sextíu milljóna fimmaurabrandari – sem Þjóðleikhús hefur ekki efni á.

Páll Baldvin Baldvinsson

Þetta sögðu þau aldrei


Ferðamennska og fjármunir geta gert kraftaverk en hvernig stendur á því að ég hef ekki tekið eftir þessu fyrr?

Það rennur upp ljós fyrir persónu í Hugarfjötri eftir Paulo Coelho en kannski fullseint.

Fleyg orð fá stundum vængi og á spjöldum sögunnar fljúga frægir frasar jafnvel í munn þeirra sem létu þá aldrei frá sér.

Orðabókaútgáfa Oxford tók sig því til og rýndi í mörg þekkt slagorð og kannaði hvort uppruni þeirra væri eignaður réttu fólki. Niðurstöðurnar má lesa í spánnýrri orðabók sem helguð er tilvitnunum, nánar tiltekið röngum tilvitnunum, og heitir *What they didn't say – A Dictionary of Misquotations*, eða *Þetta sögðu þau aldrei* eins og það myndi útleggjast á íslensku.

Meðal þess sem fram kemur í bókinni er að María



Antoinette spurði aldrei hvi hungraður lýðurinn gæti ekki borðað kökur og enginn hefur beðið Scotty að geisla sig upp (e. „Beam me up, Scotty“) í Star Trek-þáttunum.

Ritstjóri bókarinnar, Elizabeth Knowles, segir hana ekki til þess ætlaða að vera með beturvitunahátt heldur sýna fram á hvernig fleyg ummæli eiga til að breytast í tímanna rás, rétt eins og tungumálið og skipta jafnvel um munn.

WHAT THEY DIDN'T SAY Hinn fleygi frasi: „Beam me up, Scotty“ heyrðist aldrei í Star Trek-þáttunum.

> Bók vikunnar

Fyrsta skáldsaga Hauks Máls Helgasonar, Svavar Pétur og 20. öldin, kom út hjá Nýhil fyrir skömmu. Haukur Már hefur áður sent frá sér ljóðabækur og kennslubækur en hér segir hann frá bankastarfsmanninum eilífa, Svavari Pétri Svavarssyni, sem er gert að flytja líkið af John Lennon frá New York til Kópavogs, þar sem því verður stíllt upp við hafnarvinnu til að bjóða íbúa velkomna í 20. aldar-garðinn Öldina okkar. „Atburðastýran“ Ásthildur gerir Svavari Pétri tilboð sem hann getur ekki hafnað unni verkefnið vex honum, vægast sagt, yfir höfuð, og jafnvel persónulegustu minningar hans sjálfs af 20. öldinni eru ekki lengur óhultar.

bækur

menning@frettabladid.is

Þrusu þverskurður í máli og myndum

[BÓKMENNTIR]

UMFJÖLLUN

Sagnasafnið *Heil brú*, sem kom út hjá forlaginu Máli og menningu, á vordögum geymir nú sögur eftir íslenska rit- og myndhöfundar byggðar á norrænni goðafræði. Þetta er óvenjulegt verkefni fyrir margra hluta sakir, ekki aðeins vegna þess að myndhöfundarnir nú völdu sér samstarfsmenn en ekki öfugt eins og fordæmi eru fyrir, heldur er hér á ferðinni forvitnilegur þverskurður af íslenskum samtímahöfundum, hvort heldur rit- eða myndhöfundum, sem ekki býst annars staðar.

Höfundarnir sækja mismikið í þennan auðuga sagnarbrunn og sögur eru vitaskuld jafn ólíkar og höfundarnir eru margir en meðal þeirra eru skáld sem ekki hafa skrifað fyrir börn og ungmennti áður, t.d. Þórunn Erla Valdimarsdóttir sem birtir söguna *Leynipjónusta* hrafanna og hænurnar þrjár við myndskreytingar Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur, Úlfhildur Dagsdóttir segir frá *Jörmun Gunn*; ásamt Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur og Vilborg Dagbjartsdóttir sem skrifar söguna *Það kallast ögurstund*; með myndlýsingum Guðrúnar Hannesdóttur.

Saga Þórunnar er skemmtilega unngæðisleg þó ég myndi vart telja hana barnaefni. Viðfangsefnið er dulúðugt og mjög krefjandi að mínu mati en líkt og með sögu Úlfhildar Dagsdóttur, Jörmun Gunnur, er sagan eins og hluti af stærri heild. Maður verður altént mjög forvitin um framhaldið við lestur þeirra beggja.

Vilborg Dagbjartsdóttir skrifar sögu ambáttanna Fenju og Menju út frá þeirra eigin sjónarhorni en viðskipti þeirra við sækönginn Mysing varð til þess að sjórin varð saltur. Saga Vilborgar er hugljúf og endir hennar góður fyrir ambáttirnar dugmiklu enda sökkva þær ræningja sínum og fagnaðarbylgja fer um hafid. Teikningar Guðrúnar Hannesdóttur eru áhrifamiklar og eftirminnilegar.

Margir höfundanna kjós að færa uppfæra godsögurnar og vísa til þeirra í samtímanum þannig eru til dæmis sögur Sjóns, *Blúbb*; og *Sögurnar* eftir Auði Jónsdóttur sem báðar fjalla um Miðgarðsorminn en bjóða um leið upp á hressilegar söguskýringar um þennan orm sem hringar sig enn um sagnaheiminn. Myndir Halldórs Baldurssonar við sögu Sjóns höfðu mest til mín af myndlýsingum þessarar bókar enda eru þær með afbrigðum liflegar og Halldór lunkinn við að hitta á rétta augnablikið í frásögninni.

Myndasaga Emblu Ýrar Bárudóttur og Ingólfs Arnar Björgvinssonar, *Mistilteinn*; brýtur bókina skemmtilega upp,



HEIL BRÚ Glæsileg endurnýjun á menningararfi þjóðarinnar fyrir hagsandi börn og fulloröna

stutt frásögn sögð alfarið í myndum. Alvarleiki frumtextans er þó á bak og burt í útfærslu Emblu og Ingólfs og persónulega fannst mér afgreiðslan dálítið ódýr á þessu ódæði Haðar.

Titilsagan eftir Gerði Kristnýju tekur fyrir sögu brúarvarðarins Heimdallar sem átti níu mæður. *Heil brú*; er einkar hugmyndarík frásögn og forvitnileg í uppeldislegu tilliti og myndlýsingarnar frumlegar. Þetta er saga sem bíður upp á forvitnilegar vangaveltur.

Andri Snær Magnason vísar til orlaganornanna Urðar, Verðandi og Skuldar líkt og Þórunn Erla gerir í sinni sögu en saga Andra, 2093, er heimaspekileg og sorgleg og líkt og saga Þórunnar gæti hún reynst torlesin fyrir yngri kynslóðina.

Rithöfundurinn Þórarinn Eldjárn er á kunnuglegum miðum í aðlögun sinni á hamarsheimt Þórs. Í sögunni *Stanleyh-amarsheimt*; er mikið sprell, stíllinn auðveldur og látlaus en myndir Sigrúnar Eldjárn setja punktinn yfir i-ið og fá lesendur til að skella upp úr yfir öllu saman.

Það er fengur af þessu framtakið Eddu útgáfu og lbbý samtakanna og óskandi að á því verði framhald. Þessi endurnýjun sagnaarfsins getur vart orðið til annars en að efla áhuga og auka forvitni lesenda á bókmenntum almennt sem og á möguleikum myndlýsinganna.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

BÓKMENNTIR

ÝMSIR HÖFUNDAR

Heil Brú

Niðurstaða

Forvitnilegur þverskurður af íslenskum samtímahöfundum í mynd og máli-Ýmsir höfundar

Mögnuð sjóferð fordæmdra sála

[BÓKMENNTIR]


UMFJÖLLUN

Skipið er sjöunda skáldsaga Stefán Mána á ferli sem segja má að einkennist nokkuð að tilraunum og leit. Dyrnar á Svörtufjöllum kom út fyrir tíu árum, frumrauninni fylgdi höfundurinn eftir með *Myrkravél*, hinni stórgóðu Hótel Kalifornía og Ísrael: Sögu af manni.

Stefán Máni sótti í sig veðrið með hverri bók og í Ísrael var hann búinn að ná feykilega góðum tókum á smásmuglislegum lýsingum á umhverfi, athöfum og tilfinningum sem eru eitt sterkasta höfundareinkenni hans. Hann breytti nokkuð um stefnu með *Svartur á leik* þegar hann skoðaði undirheima Reykjavíkur í nokkuð sérstæðri glæpasögu sem bar keim af rannsóknarblaðamennsku. Túristi kom svo út í fyrri, svoltið eins og skrattinn úr sauðaleggnum eftir *Svartur á leik*, og benti til þess að höfundurinn væri enn að reyna að finna þann takt sem hentaði honum best. Og nú kemur *Skipið* en með þeirri bók má segja að hann stökkvi aftur á bak, yfir Túrista, þar sem bókin er áþekktari *Svartur á leik* og er einhvern veginn rökkrétt framhald á því sem höfundurinn var að gera þar. Skipið er þó frábrugðin *Svartur á leik* að því leyti að hún er hreinræktadur reyfari og hvaða stefnu sem Stefán Máni kýs að taka nú þá tekur *Skipið* af öll tvímæli um að spennusagnaformið steinliggur í höndum hans.

Beinagrindur og óhreint mjól

Skipið er ekta karlasaga og gerist um borð í fraktskipinu Per se sem siglir frá Íslandi áleiðis til Suður-Ameríku. Um borð eru níu karlmennt sem allir eru með einhvers konar beinagrindur í farteskinu. Einn þeirra myrðir eiginkonu sína rétt fyrir brottför, annar er með handrúkkara á hælunum vegna spilaskuldar upp á nokkrar milljón-



BÓKMENNTIR

STEFÁN MÁNI

Skipið

JPV Útgáfa 2006

Niðurstaða:

Skipið er þrælspennandi reyfari þar sem allir grundvallarþættir spennusögunnar eru útfærðir með krafti í hressilegum texta. Hröð atburðarásin er með nokkrum ólíkindum en rígheldur lesandanum sem neyðist til að klára bókina í einum rykk. Alveg þvottekta spennutryllir.



STEFÁN MÁNI Siglir inn á reyfaramiðin á ný með *Skipinu*, fantagóðri spennusögu sem heldur lesandanum við efnið með skemmtilegum persónum og röð magnaðra atburða.

ir, nokkrir áhafnarmedlima eru í uppreisnarhug og nýi hásetinn er ekki sá sem hann á að vera. Hann er kallaður Kölski, snælduvitlaus og margdæmdur handrúkkari og dópsali.

Það verður því ljóst á fyrstu blaðsíðunum að ferð Per se mun ekki ganga áfallalaust fyrir sig og þegar skipið er komið út á ballarhaf eru unnin skemmdarverk á fjarskiptabúnaði þess þannig að þessi ósamstæði hópur er eins einangradur og frekast getur orðið.

Eins og öll lögmál um mannleg samskipti við slíkar aðstæður gera ráð fyrir skerst vitaskuld í odda, áhöfnin margklofnar og enginn treystir neinum. Togstreitan á milli persónanna verður þrúgandi og er framan af helsti spennuvaldur sögunnar.

Alvöru reyfari

Stefáni Mána tekst býsna vel að fanga þrúgnu stemninguna um borð og hefur fundið fint jafnvægi í smásmugustíflnum áður nefnda sem hann beitir af leikni þegar við á en skellir svo inn á milli á magnað skeið og eyðir hvorki tíma né pláss þegar hann keyrir spennuna upp. Skipið er því ekki bók sem er lesin í áföngum, spennan stigmagnast jafnt og þétt þannig að undir miðbik bókar kemur ekki annað til greina en að lesa til enda í einum rykk og þegar hasarinn er sem mestur kemst maður í sama flling og maður gerði þegar maður var fjórtán ára og las Alistair MacLean.

Stefán Máni notar gamlar, góðar og þrautreyndar brellur til þess að viðhalda spennunni og tefur framvinduina með því að flakka grimmt með sjónarhornið á milli persóna og lýsa sömu atburðum með augum fleiri en einnar persónu. Þessi frásagnartækni er vitaskuld ansi reyfarakennd rétt eins og persónurnar sem eru flestar steriótýpur og fulltrúar ákveðinna gilda og lasta. Stíllinn sver sig einnig í sömu ætt og verður stundum ansi klisjukenndur en það verður að segjast eins og er að klisjur eiga hvergi betur heima en í reyfurum þannig að allt gengur þetta upp.

Það er síður en svo slæmt að persónur sögunnar séu staðlaðar þar sem Stefáni Mána tekst engu að síður að gæða þær lífi og með forsögum þeirra öðlast þær sæmilega dýpt þannig að maður lætur örlög þeirra sig varða.

Skrautakollur um borð

Krimminn Kölski er aðalgaurninn og alveg hreint þrælskemmtileg týpa. Helmassaður, siðblindur fauti sem lætur sér ekkert fyrir brjósti brenna og óttast ekkert. Það er auðvitað grínlaust að sitja uppi með slíkan mann á hrákadalli á opnu hafi en þegar í harðbakkann slær getur samt komið sér vel að hafa brjálæðing í sínum röðum. Náfrændur Kölska hafa drifið atburðarásina áfram í ótal skáldsögum og kvikmyndum og í *Skipinu* er hann ómissandi þó hann sé á mörkum hins raunverulega í ofurmennsku sinni. Stefán Máni selur manni hann samt á augabragði og krafturinn í bókinni dettur aðeins niður þegar Kölski er tekinn úr umferð um stund. Kölski er minn maður í þessari bók. Hollywood gangster af guðs náð sem hefði spjarað sig vel í Assault on Precinct 13 og þó hann sé hálfgerður laumufarþegi í *Skipinu* þá er hann svo sannarlega á heimavelli.

Skipið, með Kölska í stafni, svínvirkar sem spennusaga og sem slík er hún vel yfir meðallagi hvað varðar stíl, persónusköpun og skemmtilegheit. Hröð atburðarásin verður þó, eftir því sem skipið rekur lengra út í buskann, með nokkrum ólíkindum en þar sem Stefán Máni finnur sögunni stað á öræðum miðum þar sem raunveruleikatengingar dofna og allt getur gerst treflar það lesturinn ekki fyrr en í lokin. Þá er Stefán Máni búinn að spinna svo krassandi sögu, koma svo oft á óvart, ýta lesandanum að ystu mörkum hins mögulega og nánast mála sig út í horn um leið þannig að það er flókið að loka sögunni á sannfærandi hátt. Maður sér á tímabili ekki aðra útgönguleið fyrir Stefán Mána en að stökkva yfir í hið yfirmátturlega en hann bjargar sér fyrr horn og skilur við mann státtan eftir hressilega rússbanareið.

Þórarinn Þórarinnsson




TAX FREE DAGAR

Allar vörur án VSK!




~~2.199~~
1.760

Justin Timberlake
FutureSex/LoveSounds



~~2.199~~
1.760

Ýmsir (Megas tribute)
Pældu í því sem pælandi er í




~~2.199~~
1.760

Bríet Sunna
Bara ef þú kemur með




~~2.199~~
1.760

Evanescence
The Open Door



~~2.199~~
1.760

Hildur Vala
Lala



~~2.499~~
1.999

Bubbi
060606 - CD



~~2.199~~
1.760

Robbie Williams
Rudebox




~~2.199~~
1.760

Toggi
Puppy



~~2.199~~
1.760

Lay Low
Please Don't Hate Me



~~2.199~~
1.760

Regína Ósk
í Djúpum Dal



~~2.299~~
1.839

Mission Impossible 3
DVD

Við fellum niður VSK af öllum vörum.
Tónlist, tölvuleikjum og DVD myndum.



~~3.999~~
3.199

Football manager
2007 PC

Höfum opnað nýjar og glæsilegar verðslanir

í Kringlunni, Smáralind og Laugavegi 26

Nýtt í bió

MYRIN
BYGGD A METSÖLUBOK
ARNALDAR INDRIDASONAR
HALLGRÍMUR HEGGASON - KASTLÓSIÐ
STEIN SIGURJÓNSSON - X-FM
DAVID ORN JÓNSSON - KVIKMYNDIR.COM

JET LI'S FEARLESS
FRÁ FRAMLEIÐENDUM CROUCHING TIGER,
HIDDEN DRAGON KEMUR SÍÐASTA BARDAGA-
MYND SÚPERSTJÖRNUNNAR JET LI.
"...EPÍSKT MEISTARAVERKI!"
- SALON.COM
"TVEIR ÞUMLAR UPP!"
- EBERT & ROEPER

THE DEVIL WEARS PRADA
DRAUGASTARFÍÐ MED
YFIRMANNI DAUDANS!
EMPIRE

GRETTIR 2
7

HADEGISBIÓ
SÝND KL. 12

SMÁRA BIÓ SÍMI 564 0000

FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 1.30, 5.40, 8 og 10.20 B.L. 12 ÁRA
SÝND Í LÚXUS	kl. 1, 3.20, 5.40, 8 og 10.20
DEVIL WEARS PRADA	kl. 5.40, 8 og 10.20
DRAUGAHÚSIÐ ISL.TAL	kl. 12, 2, 4 og 6 B.L. 7 ÁRA
MONSTER HOUSE ENSKT TAL	kl. 1.50 og 3.40 B.L. 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	kl. 3.20, 8 og 10.20
GRETTIR 2 ISL.TAL	kl. 12 og 1.40

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

FEARLESS	kl. 5.40, 8 og 10.20 B.L. 16 ÁRA
MYRIN	kl. 4, 6, 8.30 og 10.30 B.L. 12 ÁRA
DEVIL WEARS PRADA	kl. 8 og 10.20
DRAUGAHÚSIÐ ISL.TAL	kl. 3 og 6 B.L. 7 ÁRA
TALLADEGA NIGHTS	kl. 3 og 10
PETTA ER EKKERT MÁL	kl. 3, 6 og 8

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

MYRIN	kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.L. 12 ÁRA
SCOOP	kl. 8
TAKK FYRIR AÐ REYKJA	kl. 6 og 10 B.L. 7 ÁRA
DRAUGAHÚSIÐ	kl. 2 og 4 B.L. 7 ÁRA

450 kr. í bió!
Gildir á allar sýningar í Laugarásbió með kortinu

Sími 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

LUKE WILSON OWEN WILSON WILL FERRELL

The Wendell Baker Story
"Éin myndasta gamanmynd ársins?"
HJ - MBL
"Eins og það hafi átt sér stað!"
S. K. FM 5.7

MYRIN
BYGGD A METSÖLUBOK
ARNALDAR INDRIDASONAR
HALLGRÍMUR HEGGASON - KASTLÓSIÐ
STEIN SIGURJÓNSSON - X-FM
DAVID ORN JÓNSSON - KVIKMYNDIR.COM

Sýnd kl. 6, 8 og 10.10 Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10.10 B.L. 12

Uppfölnað Partydyrin eru metti!

CITIZENSHIP
SÝND KL. 8 OG 10.10 B.L. 10

GRETTIR 2
SÝND KL. 2 ISL.TAL

450 KR. Í BIÓ!
GILDIR Á ALLAR SÝNINGAR MEIÐTAKR MEÐ KAÐDU

Geggjuð grínmynd!

**Eva Mendes Luke Owen Will
Wilson Wilson Ferrell**

The Wendell Baker Story

Stórskemmtileg grínmynd með bræðrunum Luke (Old School) og Owen Wilson (Wedding Crashers) ásamt skutlunni Evu Mendes (Hitch) og Will Ferrell (Talladega Nights) í aukahlutverkum.

600 kr.
Gildir meðan myndin er í bió!

MasterCard korthafar fá miðann á aðeins 600 kr. ef þeir greiða með kortinu. Gildir meðan myndin er í sýningum. Myndin er sýnd í Laugarásbió.



Meira á www.kreditkort.is/klubbar

Depurð undir niðri

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Lay Low er hugarfóstur Lovísu Elísabetar Sigrúnardóttur sem er einnig í hljómsveitinni Benny Crespo's Gang.

Hún vakti fyrst athygli þegar plöufyrirtækið Cod-music samdi við hana eftir að hafa heyrð aðeins tvær demóupptökur frá henni. Eftir þessi góðu viðbrögð ákvað hún að leggja meiri kraft í sólóferil sinn og ætti ekki að sjá eftir því núna.

Tónlistin er nokkurs konar blanda af blús, sveitatónlist og poppi, eins og titillagið Please Don't Hate Me er gott dæmi um. Platan í heild er bæði vönduð og skemmtileg og hljómar síður en svo eins og

um fyrstu plötu sé að ræða. Þetta er þó ekki plata sem hægt er að dilla sér við, ef undan eru skilin tvö til þrjú lög.

Textarnir eru ýmissir konar vangaveltur, aðallega um samskipti kynjanna. Koma sambandslit og ástarsorg til að mynda við sögu í titillaginu, Too Late og Bye Babe. Þannig liggur depurð víða undir niðri eins og tónlistin ber oft vott um. Er það alls ekki til að skemma fyrir heildarútkomunni. Dæmi um þetta eru textabrot eins og „Try to live a life that doesn't fade away“, „Life just ain't that nice“ og „Don't need to kick me when I'm already down“.

Með þessari flötu frumraun er ljóst að Lay Low er komin til að vera. Tónlistin er mjög svo frá-



LAY LOW:

PLEASE DON'T HATE ME

Niðurstaða: Lay Low stímlar sig vel inn með vönduðu blús-kántrí sem ætti að falla vel í kramið hjá flestum. Depurðin í textunum gefur tónlistinni ennþá meiri vigt.

brugðin því sem stöllum hennar eru að senda frá sér um þessar mundir og skapar það henni sérstöðu sem mun nýtast henni vel, að minnsta kosti hér á landi. Freyr Bjarnason

Ástralalár ánægðir

Ástralalár bjóðin fékk góða byrjun á deginum þegar öll helstu blöð landsins birtu á forsiðu fréttir af því að Mary Donaldson, krónprinsessa Dana, ætti von á sér. Í The Sydney Morning Herald var því skellt á forsiðu að



MARY OG KRISTJÁN Danska krónprinsessan nýtur mikilla vinsælda í Ástralíu og landar hennar ráða sér vart fyrir kæti yfir fréttum um að hún sé ólétt að nýju.

„mamma væri orðin handa Mary“ og furða andfætlingar sig á því hvernig dönsku hirðinni tókst að halda þessu leyndu svona lengi. Dönsk slúðurblöð hafa lengi smjattað á þeirri kjaftasögu að von væri á nýjum erfingja í konungsfjölskyldunni en það var talið ólíklegt því einungis er ár síðan að þeim Mary og Friðriki fæddist sitt fyrsta barn.

Önnur blöð greina jafnframt frá því að von sé á Friðriki og Mary ásamt frumburðinum Kristjáni til Ástralíu í næsta mánuði. Mesta gleðin ríkir hins vegar í Tasmaníu þar sem Mary fæddist fyrir þrjátíu og fjórum árum.

LAUGARÁS BIÓ **TVÖ - BIÓ**

450 KR. Í BIÓ!

DRAUGAHÚSIÐ
SÝND KL. 7

HÚSIÐ ER Á LÍFI OG ÞAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!

DRAUGAHÚSIÐ
MONSTER HOUR

GRETTIR 2
SÝND KL. 2

Tilboð á fyrstu sýningar dagsins aðeins 450 kr.

ÓDÝRT Í BIÓ KR 450

www.haskolabio.is

BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA

THE DEPARTED

VARÐVEITT LÍF MIÐ FYRIR ÖGNUM ÖVINARINS

MYRIN

BÆJARHLAÐIÐ

FRÉTTAÞABÍÐ

20% AFSLÁTTUR FYRIR VÍÐSKIPTAVINI Í GULLVILD OG PLATÍNÍUM GLITNIS MEÐ GREIBSLUKORTI FRÁ GLITNI

WORLD TRADE CENTER

Stórmynd sem hefur engan dæmning

THE QUEEN

BÖRN

SPARBÍÓ 450

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA			SAMBÍÓ / KRINGLUNNI			SAMBÍÓ / KEFLAVÍK			SAMBÍÓ / AKUREYRI		
THE DEPARTED	kl. 4-5-7-8-10-10-11:10	B.I. 16	MATERIAL GIRLS	kl. 1:45-6	Leyð	THE DEPARTED	kl. 6-8-10	B.I. 16	THE DEPARTED	kl. 8-10:40	B.I. 16
THE DEPARTED VIP	kl. 2:15-8-11:10		JACKASS NUMBER TWO	kl. 3:40-5:50-8-10:10	B.I. 12	BÆJARHLAÐIÐ	kl. 2-4-6	Leyð	BÆJARHLAÐIÐ	kl. 2-4-6	Leyð
BÆJARHLAÐIÐ	kl. 2-4-6	Leyð	ÓBYGGÐIRNAR	kl. 1:45	Leyð	THE GUARDIAN	kl. 9	B.I. 12	THEIF LORD	kl. 2	Leyð
BARNYARD	kl. 4-8-10:10	Leyð	OVER THE HEDGE	kl. 1:45	Leyð	MATERIAL GIRLS	kl. 4-8	Leyð	MATERIAL GIRLS	kl. 4-6	Leyð
THE GUARDIAN	kl. 8-10:30	B.I. 12	BÍLAR	kl. 2	Leyð	BEERFEST	kl. 6	B.I. 12	THE DEVIL WEARS PRADA	kl. 8	Leyð
						THE THIEF LORD	kl. 4	Leyð	ÓBYGGÐIRNAR	kl. 2	Leyð
						ÓBYGGÐIRNAR	kl. 2	Leyð	ÓBYGGÐIRNAR	kl. 2	Leyð
						MAURAH...	kl. 2	Leyð	MAURAH...	kl. 2	Leyð

á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sannudögum



MATTHEW MCCONAUGHEY Tekur pipar-sveinalífarnið fram yfir samband þessa stundina.

Konupása

Leikarinn fjallmyndarlegi Matthew McConaughey hefur ákveðið að taka sér frí frá kvennámálum. Leikarinn var síðast á föstu með spænsku leikkonunni Penelope Cruz en það samband endaði fyrr á árinu. „Mér líður alltof vel einhleypum til að geta eyðilagt það með flóknum kvennámálum,“ segir McConaughey. Einnig segist leikarinn vera alltof upptekinn á æfingum, ferðalögum og vinnu sem hann tekur mjög alvarlega. Í síðustu viku stóð McConaughey í stappi við fjölmiðla og neitaði sögusögnum þess efnis að hann og hjólagarapurinn Lance Armstrong væru samkyrnheigðir. Þeir eru mjög góðir vinir og vöktu myndir af þeim berum að ofan saman við fjölda tilefna grunsemdir bandarísku slúðurpressunnar.

Enginn ofleikur

Michael J. Fox hefur vísað því á bug að hann sé að ofleika eða hafi sleppt því að taka lyfin sín fyrir umdeilda auglýsingu sem mælir með rannsóknum á stofnfrumum og fósturvísunum. Hinn þekkti álitsgjafi Rush Limbaugh sakaði leikarann um að ýkja sjúkdómseinkennin en Fox sagði það af og frá. Stofnfrumurannsóknir eru mikið hitamál í Bandaríkjunum og er jafn-



MICHAEL J. FOX Segist hafa verið á sterkum lyfjum þegar auglýsingin umdeilda var tekin upp til að slá enn frekar á einkennin. FRÉTTAÞABÍÐ/GETTY IMAGES.

vel talið að þær geti haft mikil áhrif á úrslit þingkosninga sem haldnar verða þar vestra á næstunni. Fox sagði í samtali við CBS-fréttastofuna að hann hefði verið ef eitthvað væri á miklum lyfjum til að slá enn frekar á einkennin og bætti því við að sjúkdómur ættu ekki að vera pólitískt þrættuepli. „Þetta er eitthvað sem varðar allar þjóðina,“ sagði Fox.

Snoop handtekinn

Rapparinn Snoop Dogg var handtekinn á Bob Hope-flugvelli í Bandaríkjunum grunaður um að hafa í förum sínum eitruyf og byssu. Snoop, sem heitir réttu nafni Calvin Broadus, þarf að mæta fyrir rétti þann 12. desember til að svara fyrir sakir sínar. „Það var enginn grundvöllur fyrir þessari handtöku,“ sagði lögfræðingur Snoop. „Um leið og allt er komið í dagsljósið held ég að hætt verði við allar kærur.“ Snoop á einnig yfir höfði sér ákæru fyrir að hafa kylfu í töskum sínum er hann var á leið til New York frá John Wayne-flugvelli í síðasta mánuði. Snoop, sem hélt tónleika í Egilsöll á síðasta ári, er gódkunungi lögreglunnar því árið 1990 var hann dæmdur fyrir að hafa kókaín í

förum sínum og þremur árum síðar var hann ákærður fyrir að vera með byssu á sér. Játaði hann sig sekan og fékk í staðinn þriggja ára skil-orðsbundinn dóm.

Árið 1996 var Snoop síðan sýknaður af því að hafa myrt klíkumeðlim. Dó hann eftir skotárás úr bíl þar sem Snoop var farþegi.



SNOOP DOGG Rapparinn hefur átt í erfiðleikum með að halda sig á mottunni í gegnum árin. FRÉTTAÞABÍÐ/TEITUR

10% vaxtaauki!

spron
www.spron.is

The Wendell Baker Story

9 hver vinnur.

Sendu SMS **JA WBF** á númerið **1900** og þú gætir unnið miða fyrir tvo!

Vinningar eru bíómiðar, DVD myndir og margt fleira!

Geggjuð grínmynd með bræðrunum Luke og Owen Wilson

Frumnýnd 27. okt.

ego

BÍÓMIÐI

SparBíó* — 450kr

BÆJARHLAÐIÐ M/ ÍSL TAL. KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AK. OG Í KEFL.

ÓBYGGÐIRNAR THE WILD

ÓBYGGÐIRNAR M/ ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Í KEFLAVÍK

MATERIAL GIRLS

MATERIAL GIRLS KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

OVER THE HEDGE

OVER THE HEDGE M/ ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

BÍLAR M/ ÍSL TAL. KL. 2 Í ÁLFABAKKA

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR MYNDIR KL: 1:45 OG 2 Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

Nýtt

> KR safnar liði

Í gær bárust tíðindi af því að markvörðurinn Stefán Logi Magnússon hefði samið við KR. Stefán Logi er 26 ára gamall og lék með KS/Leifri síðasta sumar. Hann þótti á sínum tíma eitt mesta markvarðarefni landsins er hann lék með unglíngaliði Bayern München. Hann stóð ekki undir þeim væntingum og hefur lítið farið fyrir honum síðan. Teitur Þórðarson, þjálfari KR, virðist þó hafa trú á honum. Nú er spurt að því hvað verði um hinn efnilega Atla Jónasson sem hélt um tíma að hann myndi leysa Kristján Finnbogason af hólmi næsta sumar er hann legði skóna á hilluna. Nú er Kristján búinn að framlengja og Stefán Logi kominn. Atli hlýtur að klóra sér í hausnum yfir stöðunni sem upp er komin.



sport

sport@frettabladid.is

MEÐ VALI INGIMUNDARSYNI

60

SEKÚNDUR

Sigurður Ingimundarson eða Valur Ingimundarson? Hvorugur. Eða nei, Valur.

Saknar þú George Byrd? Byrd gerði marga góða hluti fyrir okkur.

Best við Borgarnes? Rólegheitin.

Fjósíð er... Góður heimavöllur.

Besti erlendi leikmaður deildarinnar? Darryll Flake.

Besti íslenski leikmaður deildarinnar? Hlynur Bæringsson.

Besti íslenski körfuboltamaður allra tíma? Pétur Guðmundsson.

Af hverju ertu alltaf í sveitinni? Ég ólst upp á Stokkseyri og mér hefur alltaf liðið vel í sveitinni.

Bold eða Neighbours? Hvorugt.

Hvernig tekur þú pylsuna þína? Með öllu.

Garth Brooks eða Shania Twain? Johnny Cash.

Erfiðasti útivöllurinn? Njarðvík.



MATTHÍAS GUÐMUNDSSON Gæti farið aftur í Val þótt hann hafi sagt upp samningi sínum við félagið.

Matthías Guðmundsson: Útilokar ekki að fara í Val

FÓTBOLTI Matthías Guðmundsson sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að flest benti til þess að hann myndi spila á Íslandi næsta sumar og að hann myndi ákveða með hvaða liði í næstu viku.

Matthías sagði sem kunnugt er upp samningi sínum við Val og fór í kjölfarið utan til reynslu hjá liðum í Danmörku og Noregi. Það hefur enn ekki skilað neinu fyrir Matthías.

Flest íslensku félagin hafa borið vörnir í Matthías og hann segir valið erfitt. Valur er á meðal þeirra liða sem koma til greina hjá Matthíasi en einhverjar víðræður hafa átt sér stað.

- hbg

Glíman í sókn:

Alþjóðlegt mót haldið í dag

GLÍMA Forystumenn glímunnar eru búnir að spýta í lófana og boða til veislu í hinu nýja glímuhúsi Ármanns í Laugardal í dag. Um er að ræða fyrsta alþjóðlega glímumót sögunnar sem ber heitið Icelandair Open.

Þátttakendur á mótinu koma frá Íslandi, Þýskalandi, Danmörku, Svíþjóð, Hollandi og Belgíu. Um er að ræða landskeppni en ekki einstaklingskeppni. Mótið hefst klukkan 10 í dag og úrslitaglímurnar fara fram á milli klukkan 13 og 14. - hbg

Hefur verið ótrúlega erfiður tími

Gunnar Heiðar Þorvaldsson hefur ekki átt sjö dagana sæla það sem af er tímabilinu í Þýskalandi. Meiðsli hafa plagað hann undanfarnar vikur auk þess sem lið hans, Hannover 96, hefur skipt um þjálfara.

FÓTBOLTI Tímabilið í þýsku úrvalsdeildinni hefur ekki gengið að óskum hjá Gunnari Heiðari Þorvaldssyni. Í vor samdi hann við Hannover 96 en meiðsli hafa haldið honum á hliðarlínunni nánast allt tímabilið. Liðinu hefur einnig gengið skelfilega það sem af er tímabilinu og er í næstneðsta sæti með sex stig eftir átta leiki.

Gunnar Heiðar varð markhæsti leikmaður sænsku úrvalsdeildarinnar í fyrra er hann lék með Halmstad. Í kjölfarið varð hann mjög eftirsóttur og vann sér þar að auki fast sæti í íslenska landsliðinu. Hann skoraði til að mynda fyrsta mark Íslands í sigrinum á Norður-Írum í Belfast í byrjun september.

Síðan þá hefur hann lítið getað spilað fótbolta og gekkst undir aðgerð á nára fyrir þremur vikum síðan. Það var þó aðeins smávægileg aðgerð og býst hann við að vera orðinn klár jafnvel strax í næstu viku.

Er með íþróttanára

„Ég er ekki orðinn 100 prósent klár en þetta er allt í rétta átt,“ sagði Gunnar Heiðar við Fréttablaðið. „Þetta byrjaði fyrir fjórum vikum. Þá fór ég að finna fyrir eymslum í náranum og í kjölfarið reyndi ég að gera ákveðnar æfingar og hvíla vel á milli. Sjá hvort þetta myndi ekki lagast. En viku síðar var ég sendur til sérfræðings í Berlín sem skoðaði mig vel. Hann sagði að þetta væri sennilega það sem kallað væri íþróttanári og er algeng álagsmeiðsli hjá íþróttamönnum. Það þurfti að framkvæma smá uppskurð og fékk ég að vita að ég yrði 4-6 vikur að jafna mig.“

Gunnar Heiðar segir að þetta hafi komið upp á versta tíma fyrir sig því liðið hafi verið nýbúið að skipta um þjálfara. „Það er mikil pressa á mér að ég fari í gang enda hef ég ekki sýnt neitt síðan á



GUNNAR HEIÐAR Hér í sínum eina leik á tímabilinu til þessa, gegn Alemannia Aachen í lok ágúst þar sem hann kom inn á sem varamaður. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

undirbúningstímabilinu. Þá gekk mér mjög vel, skoraði mikið og lék vel. Það hafa því verið margir að biða spennir eftir því að ég kæmist í gang með liðinu í deildinni. Þetta hefur verið ótrúlega

erfiður tími, þessar síðustu vikur.“

Nýi þjálfarinn, Dieter Hecking, vildi snemma sýna hver hefði valdið að sögn Gunnars. „Hann er ekki mikið fyrir að anda með nefinu.

Strax setti hann tvær æfingar á dag og ég var þá einmitt nýkominn aftur eftir landsleikjahlé og var mjög þreyttur. Þetta reyndist bara of mikið á þessum stutta tíma fyrir mig. En við áttum ágætt spjall um daginn og hann hefur trú á mér. Það er spurning hvernig þetta verður þegar ég er orðinn leikfær á nýjan leik.“

Er í óvissu

Aðspurður segir hann þó alls ekki sjá eftir því að hafa gengið til liðs við Hannover. Þegar hann valdi það lið sagði hann að hann hefði tekið sína ákvörðun þar sem hann vildi fara til liðs þar sem hann fengi að spila, sem hefur hingað til ekki reynst raunin. „Maður veit auðvitað lítið hvar maður stendur gagnvart nýja þjálfaranum. En það er rétt, það var hellingur af liðum á eftir manni sem eru miklu betri en Hannover. En ég sé ekki eftir neinu enda líður okkur kærustunni vel hér.“ Hann leynir því þó ekki að árangur liðsins í ár hefur reynst mikið vonbrigði.

Þýska úrvalsdeildin, „Bundesliga“, er ein sú stærsta í Evrópu. Hvergi annars staðar í álfunni koma fleiri áhorfendur að meðaltali á leik og eftir HM í sumar hefur áhuginn aldrei verið meiri. „Þegar ég kom hingað fyrst bjóst ég ekki við því að áhuginn yrði svona mikill. Það kom mér bara skemmtilega á óvart og setur meiri pressu á mig eins og alla aðra.“

„Og hann er ekki í vafa um hvað næstu vikur og mánuðir muni bera í skauti sér. „Nú fer minn tími að koma. Það er vonandi að maður sé jafn heitur og maður hefur verið undanfarnar vikur. Það er erfitt að standa á hliðarlínunni og sjá liðinu ganga illa. Ég veit líka að ég get staðið mig vel í þessari deild. Það er kominn tími til að sýna þessum Þjóðverjum hvað maður getur.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

HERRAKVÖLD STJÖRNUNNAR

FÖSTUDAGSKVÖLDIÐ
3. NÓVEMBER 2006

Í HÁTÍÐARSAL
FJÖLBRAUTARSKÓLANS Í GARÐABÆ



DAGSSKRÁ:

- * HÚSIÐ OPNAR KL. 19, BORDAHALD HEFST STUNÐVÍSLEGA KL. 20
- * STÓRGÆSILEGT KVÖLDVERÐARHLAÐBORD, FRÁ SKÚLA HANSEN
- * HÁTÍÐARRÆÐA: JÓHANNES KRISTJÁNSSON
- * HAPPDRETTI
- * SKEMMTIATRÍÐI
- * MÁLVERKAUPPBOÐ UNDIR DYGGRI STJÖRN JÓNS GUÐMUNDSSONAR - GLÆSILEG VERK I BOÐI
- * VEISLUSTJÓRI: JÓN GUNNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI LANDSBJARGAR

MÍÐAVERÐ 5.000.- KR.
MÍÐAR SELDIR Í FORSÖLU HJÁ KB-BANKA, GARÐATORGI
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.STJARNAN.IS

* ATHUGIÐ - TAKMARKAÐUR FJÖLDI AÐGÖNGUMÍÐA

Stórskyttan Einar Hólmgeirsson á förum frá Grosswallstadt:

Einar til Flensburg næsta sumar

HANDBOLTI Stórskyttan Einar Hólmgeirsson hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skrifað undir þriggja ára samning við þýska stórlíðið Flensburg sem Viggó Sigurðsson stýrir tímabundið. Einar verður fyrsti Íslendingurinn sem spilar með þessu þýska stórlíði.

Samkvæmt heimildum blaðsins var skrifað undir samninginn síðasta sumar og átti ekki að tilkynna um undirskriftina fyrr en í desember einhverra hluta vegna. Í ljósi þess að málið hefur leikið út er ekki ólíklegt að því verði flýtt og tilkynning um samninginn komi strax í næstu viku.

Thorsten Storm, framkvæmdastjóri Flensburg, hefur til að mynda staðið í ströngu við að neita þessum fréttum sem nokkrir fjölmiðlar hafa sterkar heimildir um að séu sannar.



EINAR HÓLMGEIRSSON Hefur slegið í gegn í Þýskalandi og er á leið til stórlíðs Flensburg. FRÉTTABLAÐIÐ/BONGARTS

Einar sagðist ekki geta staðfest að hann væri búinn að skrifa undir samning við Fréttablaðið í gær en staðfesti þó að hafa fengið samningstillboð frá félaginu.

Samningur Einars er eins og áður segir til þriggja ára og heimildir Fréttablaðsins herma einnig að um sé að ræða einn stærsta samning sem íslenskur handknattleiksmaður hefur gert í Þýskalandi.

Þessi tíðindi þurfa ekki að koma mikið á óvart enda hefur Flensburg lengi haft augastað á Einari sem hefur slegið rækilega í gegn með Grosswallstadt.

Einar er ekki að spila með landsliðinu í Ungverjlandi vegna meiðsla en hann sagðist þó væntanlega vera klár í slaginn fyrir næsta leik sem er merkilegt nokk gegn Flensburg á útivelli.

- hbg

KÓPAL Glitra

Ýrist lítið

Linda Þorvaldsdóttir málari:

„Einfaldlega besta málningin
sem ég hef notað.“

Að ýrast = að slettast úr rúllunni.

Kópal Glitra þekur betur, ýrist sama og ekkert og er svo til lyktarlaus.
Spurðu um **KÓPAL**.

Útsöluastaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi
Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameisteri, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík
Núpur byggingarvöruslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameisteri, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki
Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi
Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameisteri, Grindavík

málning
-það segir sig sjálft-

Fannst Stykkishólmur vera á enda veraldar

Bandaríski körfuknattleiksþjálfarinn Geof Kotila tók við liði Snæfells fyrir yfirstandandi tímabil eftir að hafa þjálfað í Danmörku til fjölda ára. *Dagur Sveinn Dagbjartsson* hitti Kotila á dögnum og ræddi við hann um ferilinn, fjölskylduna, Stykkishólm og Ísland.

Það var góðlegur og viðkunnanlegur maður sem mætti undirrituðum í anddyri Haukaheimilisins á dögnum og þrátt fyrir að lið hans, Snæfell, ætti að mæta Haukum eftir rétt rúman klukkutíma var ekkert sjálfsagðara en að gefa sér tíma í gott spjall. Kotila hefur víða komið við á sínum ferli en hann hætti þó ungur að spila sjálfur.

„Ég lék körfubolta í framhaldsskóla eins og flestir krakkar í Bandaríkjunum og lék eftir það í fjögur ár með Michigan Tech háskólanum sem var þá í annarri deildinni í háskólakörfuboltanum. Við vorum með ágætt lið og ég stóð mig þokkalega. Á lokaárinu mínu í Michigan Tech fékk ég boð um að fara til Finnlands og spila af því að faðir minn er finnskur. Ég hafnaði því boði, sem var mjög vitlaust hjá mér,“ sagði Geof Kotila.

Var frábær leikmaður

Hann er í svokölluðu Hall of Fame í Michigan Tech háskólanum en á sínu síðasta ári var hann kjörinn verðmætasti leikmaður liðsins. Á sínu fyrsta ári var hann valinn besti nýliðinn og einnig fékk hann viðurkenningu sem sá leikmaður sem tók mestum framförum.

Auk þess að vera valinn verðmætasti leikmaður liðsins á sínu síðasta ári fékk Kotila einnig viðurkenningu sem sá drengur skólans sem skarað hafði mest fram úr á árinu í íþróttum. 22 ára gamall hætti Kotila hins vegar að spila og sneri sér að þjálfun.

„Ég byrjaði að þjálfra í framhaldsskóla í Minnesota og var þar í eitt og hálf ár en svo sneri ég aftur til Michigan Tech og var aðstoðarþjálfari þar í hálf ár.“

Aðalþjálfari liðsins þurfti hins vegar að hætta á miðju tímabili og Kotila tók við hans starfi. „Ég var aðalþjálfari í háskólaliði þegar ég var 24 ára og ég var alltof ungur, ég vissi í raun ekkert. En ég hef verið aðalþjálfari nánast allar götur síðan,“ sagði hinn 47 ára gamli Kotila.

Flutti til Danmerkur

Kotila þjálfaði hjá Michigan Tech í ellefu ár en færði sig svo um set og þjálfaði í Flórída í eitt ár. Eftir þetta eina ár í Flórída bauðst Kotila að fara til Danmerkur að þjálfra.

„Fyrirverandi leikmaður minn hjá Michigan Tech var að spila í Danmörku. Hann hringdi í mig og spurði hvort ég vildi ekki koma til Danmerkur og þjálfra liðið sem hann lék með. Ég vissi ekkert um evrópskan körfubolta og í fyrstu var ég ekkert alltof hrifinn af þessari hugmynd.“

Á þeim tíma bjó ég við strönd-



GEOF KOTILA Hætti ungur að spila körfubolta sjálfur en hann var mjög öflugur leikmaður sem vann til margra einstaklingsverðlauna. Hann tók við háskólaliði aðeins 24 ára að aldri og hefur því 25 ára reynslu í þjálfun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ina í Flórída og lifði mjög góðu lífi en samt sem áður hringdi ég í hann viku síðar og tók starfið,“ sagði Kotila og bætti því við að ein af ástæðunum fyrir því að hann tók þetta starf var sú að hann sá eftir því að hafa ekki farið til Finnlands á sínum tíma.

Kotila ætlaði upphaflega að vera eitt ár í Danmörku en raunin varð önnur. „Ég giftist danskrí konu og við eigum tvö börn saman, eitt þriggja ára og eitt níu mánaða. Ég þjálfaði í Danmörku í

ellefu ár og þjálfaði tvö lið. Síðara liðið sem ég þjálfaði var Bakken Bears og við lékum við Keflavík í Evrópukeppninni á sínum tíma. Þetta var frábær reynsla fyrir mig,“ sagði Kotila en hvernig vildi til að hann fór að þjálfra á Íslandi?

„Ég var búinn að ákveða að skipta um lið. Ég var búinn að þjálfra Bakken í fjögur ár og bæði ég og stjórn félagsins vorum sammála um að það væri kominn tími til að skipta um þjálfara. Einnhverra hluta vegna þá talaði ég við íslenskan umboðsmann en hann benti mér á Snæfell.“

Ákvað að grípa tækifærið

Ég kom til Íslands og skoðaði Stykkishólm og fannst hann vera á enda veraldar. Ég er með unga fjölskyldu og þetta var ágætis tækifæri til að fá að eyða meiri tíma með henni. Stjórnin hjá Snæfelli kom mjög heiðarlega fram við mig og sagðist vera að reyna að byggja upp lið. Við fjölskyldan ákváðum bara að grípa þetta tækifæri.“

Kotila segir að sér og fjölskyldunni líki lífið vel í Stykkishólmi en hann er með tveggja ára samning við félagið.

„Ég kann mjög vel við strákana í liðinu og fólkið í Stykkishólmi hefur verið frábært og sýnt okkur mikinn stuðning. Fólkið þar vill ná árangri og ég líka. Ég veit að við erum ekki að spila góðan körfubolta núna en ef sýnir fólkið okkur smá þolinmæði þá eigum við eftir að spila betur. Ég hef oft sagt það að mín lið spila

yfirleitt ekki vel í byrjun tímabilsins. Ég er með mínar hugmyndir og er að biðja leikmenn að gera margt sem þeir hafa ekki gert áður og þetta tekur tíma.“

Eiginkona Kotila er sjúkra-þjálfari og starfaði m.a. hjá einu af stærstu fótballaliðum Danmerkur. Þriggja ára gömul dóttir þeirra er nýbyrjuð í leikskóla í Stykkishólmi og er strax byrjuð að tala íslensku.

„Það er alveg með ólíkindum af því að ég tala ensku við hana og hún talar auk þess dönsku en nú er hún byrjuð að tala íslensku. Þannig að við erum bara ánægð þar sem við erum og við hlökkum til að takast á við þessa áskorun.“

Komið fram við mig eins og kóng

Það komu allir fram við mig eins og kóng þegar ég kom fyrst í maí í Stykkishólm og allir sögðu að veðrið yrði svona fallett allan ársins hring. Vissulega eru þetta mikið viðbrögð, þetta er allt annað umhverfi. Þó að hér sé mjög fallett þá er þetta allt öðruvísi en ég er vanur, ég hef séð afskekkt staði áður en ekkert í líkingu við þetta. En það er frábært að geta keyrt í þrjátíu mínútur og sjá eldfjallasvæði og það finnst mér frábært. Snæfellsjökullinn er einnig glæsilegt fjall og það er eitthvað mjög einstakt við Snæfellsnesið. Við fjölskyldan reynum að fara einu sinni í viku og skoða okkur um en það er svoltið erfitt núna þegar tímabilið er í gangi.“

Kotila segir að efsta deildin á Íslandi sé betri en efsta deildin í

Danmörku þegar hann er spurður um muninn á deildunum tveimur.

„Ef maður lítur á deildina í heild sinni þá er hún betri hér og miklu jafnari en í Danmörku. Það finnst mér alveg ótrúlegt, að land með ekki fleiri íbúa en 300 þúsund geti haft tólf góð körfuboltalið. Aðstaðan hér er einnig betri.“

Íslenska deildin erfið

Málið er að danskir leikmenn eru of uppteknir af tveimur til þremur liðum en hér eru leikmenn mun dreifðari, sem er miklu betra fyrir deildina. Það sem Danir hafa kannski fram yfir eru stóru mennirnir. Ég var með leikmenn þar sem voru 205 cm til 215 cm í Danmörku en það sér maður ekki hérna.

Það gerir leikinn svoltið öðruvísi hér en í Danmörku. Hér er það þannig að ef maður mætir ekki í leikinn til að vinna þá tapar maður. Í Danmörku komast bestu liðin upp með að vera svoltið löt en samt vinna og að því leyti held ég að deildin hér sé mun erfiðari en í Danmörku.“

Hefur Kotila sett sér einhver markmið á þessu tímabili? „Ég vona að við náum í eitt af fjórum efstu sætum í deildinni. Ég tel mikilvægt að fá heimaleikjaréttinn í úrslitakeppninni og í henni getur allt gerst.“

Málið er samt að toppa á réttum tíma og spila sinn besta körfubolta í lok tímabilsins,“ sagði hann viðkunnanlegi þjálfari Snæfellinga í körfubolta, Geof Kotila, að lokum.



LEIÐTOGINN Kotila er á sínu fyrsta ári á Íslandi en hann þjálfaði í Danmörku í ellefu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÚRSPLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL - EVERTON	1-1
0-1 Tim Cahill (11.), 1-1 Robin van Persie (70.).	
BOLTON - MANCHESTER UNITED	0-4
0-1 Wayne Rooney (10.), 0-2 Wayne Rooney (16.), 0-3 Cristiano Ronaldo (82.), 0-4 Wayne Rooney (89.).	
FULHAM - WIGAN ATHLETIC	0-1
0-1 Henri Camara (83.).	
LIVERPOOL - ASTON VILLA	3-1
1-0 Dirk Kuyt (31.), 2-0 Peter Crouch (38.), 3-0 Luis Garcia (44.), 3-1 Gabriel Agbonlahor (56.).	
PORTSMOUTH - READING	3-1
1-0 Brynjar Gunnarsson, sjm (10.), 2-0 Nwankwo Kanu (52.), 3-0 Pedro Mendes (66.), 3-1 Kevin Doyle (84.).	
Ívar Ingimarsson og Brynjar Gunnarsson voru í liði Reading og spiluðu allan leikinn.	
SHEFFIELD UNITED - CHELSEA	0-2
0-1 Frank Lampard (43.), 0-2 Michael Ballack (49.).	
NEWCASTLE-CHARLTON	0-0

STADAN:

MAN. UNITED	10	8	1	1	23-5	25
CHELSEA	10	8	1	1	17-5	25
BOLTON	10	6	2	2	10-8	20
PORTSMOUTH	10	6	1	3	16-6	19
ARSENAL	9	5	3	1	16-5	18
EVERTON	10	4	5	1	16-9	17
ASTON VILLA	10	3	6	1	12-9	15
LIVERPOOL	10	4	2	4	12-12	14
FULHAM	10	3	4	3	11-15	13
READING	10	4	1	5	10-15	13
BLACKBURN	9	3	3	3	9-11	12
TOTTENHAM	10	3	3	4	6-10	12
WIGAN	9	3	2	4	12-11	11
MIDDLESB.	9	3	2	4	9-13	11
MAN.CITY	9	2	3	4	6-13	9
NEWCASTLE	10	2	2	6	7-13	8
WATFORD	10	0	6	4	7-13	6
SHEFF. UNITED	10	1	3	6	4-14	6
WEST HAM	9	1	2	6	6-13	5
CHARLTON	10	1	2	7	6-15	5

Enska meistaradeildin

BARNLEY - COVENTRY CITY	0-1
0-1 Wayne Andrews (84.).	
BIRMINGHAM - WBA	1-0
1-0 Gary McSheffrey (19.).	
CARDIFF CITY - DERBY COUNTY	2-2
1-0 Glenn Loovens (52.), 1-1 Steve Howard (66.), 2-1 Michael Chopra (74.), 2-2 Giles Barnes (90.).	
CRYSTAL PALACE - PLYMOUTH ARGYLE	0-1
0-1 Nick Chadwick (39.).	
HULL CITY - SUNDERLAND	0-1
0-1 Ross Wallace (90.).	
LEEDS UNITED - SOUTHDOWN	2-0
1-0 Ian Moore (40.), 2-0 Robbie Blake (88.).	
QUEENS PARK RANGERS - LEICESTER	1-1
0-1 Patrick Kisnorbo (7.), 1-1 Martin Rowlands (68.).	
STOKE CITY - NORWICH CITY	5-0
1-0 Lee Hendrie (22.), 2-0 Ricardo Fuller (38.), 3-0 Danny Higginbotham (69.), 3-0 Danny Higginbotham (74.), 4-0 Luke Chadwick (79.), 5-0 Darel Russell (92.).	
WOLVES - SHEFFIELD WEDNESDAY	2-2
1-0 Leon Clarke (30.), 1-1 Wade Small (36.), 1-2 Chris Brunt (53.), 2-2 Leon Clarke (73.).	

STADAN:

CARDIFF	14	9	3	2	27-12	30
PRESTON	14	7	5	2	22-15	26
WBA	14	7	4	3	24-13	25
BURNLEY	14	7	4	3	23-14	25
PLYMOUTH	14	6	6	2	21-15	24
BIRMINGHAM	14	7	3	4	19-15	24
WOLVES	14	7	2	5	12-15	23
LUTON	13	6	4	3	23-18	22
COVENTRY	14	7	1	6	14-12	22
COLCHESTER	14	6	2	6	20-16	20
S'HAMPTON	14	5	4	5	18-17	19
DERBY	14	5	4	5	20-20	19
SUNDERLAND	14	6	1	7	19-20	19
STOKE CITY	14	4	6	4	20-13	18
LEICESTER	14	4	6	4	13-14	18
CR.PALACE	14	5	3	6	15-17	18
NORWICH	14	5	3	6	20-26	18
IPSWICH	13	5	2	6	20-22	17
QPR	14	3	5	6	19-23	14
SHEFF.WED.	14	3	5	6	13-19	14
LEEDS	14	4	1	9	13-26	13
BARNLEY	14	3	3	8	18-28	12
SOUTHEND	14	2	4	8	12-25	10
HULL	14	2	3	9	9-19	9

Pýska Bundesligan:

NÜRNBERG - BORUSSIA DORTMUND	1-1
1-0 Jawher Mnari (59.), 1-1 Tinga (87.).	
BAYERN MÜNCHEN - FRANKFURT	2-0
1-0 Makaay (24.), 2-0 Mark van Bommel (29.).	
ENERGIE COTTBUS - HERTHA BSC	2-0
1-0 Daniel Gunkel (66.), 2-0 Shao Jiayi (83.).	
VFL BOCHUM - VFL WOLFSBURG	0-1
0-1 Mike Hanke (25.).	

STADAN:

W. BREMEN	9	6	1	2	27-11	19
B. MUNCHEN	9	5	1	3	14-10	16
SCHALKE 04	8	5	1	2	11-8	16
ENERGIE	9	4	2	3	13-12	14
NURNBERG	9	2	7	0	11-7	13
HERTHA BSC	9	3	4	2	14-11	13
DORTMUND	9	3	4	2	12-11	13
A. AACHEN	8	4	0	4	14-12	12
STUTTGART	8	3	3	2	14-14	12
MÖNCHENG.	9	4	0	5	10-13	12
BIELEFELD	8	3	2	3	11-10	11
B. LEVERKUSEN	9	3	2	4	13-13	11
FRANKFURT	9	1	7	1	11-11	10
WOLFSBURG	9	2	4	3	6-9	10
HAMBURGER	9	1	6	2	10-11	9
HANNOVER 96	9	1	4	4	9-18	7
FSV MAINZ 05	9	1	4	4	8-17	7
VFL BOCHUM	9	1	2	6	7-17	5

Chelsea gerði góða ferð til Sheffield þar sem liðið lagði heimamenn í United:

Hilarío fer áfram á kostum og varði vítaskyrynu

FÓTBOLTI Portúgalski markvörðurinn Hilarío var hetja ensku meistaranna í Chelsea í gær gegn Sheffield United þegar hann gerði sér lítið fyrir og varði vítaskyrynu í stöðunni 0-0. Chelsea átti í basli með Sheffield United í fyrri hálfleik en tók öll völd á vellinum í þeim síðari og tryggðu sér 0-2 sigur á útivelli.

Andrei Shevchenko var hvergi sjáanlegur í liði Chelsea en hann skoraði loksins mark um síðustu helgi. Joe Cole hélt hins vegar sæti sínu í liðinu eftir góðan leik í deildarbikarnum á miðvikudaginn þar sem hann skoraði eitt mark. Heimamenn í Sheffield United stóðu vel í ensku meisturunum

framan af í gær og fengu dæmda vítaskyrynu þegar Didier Drogba, sóknarmaður Chelsea, braut á Claude Davis á 17. mínútu. Hilarío, markvörður Chelsea, varði hins vegar vítaskyrynuna.

Frank Lampard kom Chelsea yfir stuttu fyrir leikhlé. Skot hans af löngu færi virtist ekki ýkja hættulegt en Paddy Kenny náði þó ekki að verja og Chelsea leiddi í hálfleik.

Þjóðverjinn Michael Ballack virðist ódum vera að finna sitt rétta form með Chelsea og hann kom liðinu í 0-2 í upphafi síðari hálfleiks. Markið skoraði Ballack með góðum skalla eftir sendingu frá Arjen Robben. Fátt markvert

gerðist það sem eftir lifði leik og nokkuð þægilegur sigur Chelsea því staðreynd, 0-2.

Jose Mourinho, framkvæmdastjóri Chelsea, var ekki sáttur við vítaskyrynuna sem Chelsea fékk dæmda á sig. „Dómarinn tók ranga ákvörðun. Þetta var stór ákvörðun að taka á móti Chelsea í upphafi leiksins. Ef að Hilarío hefði ekki varið þá hefðum við verið í vöndum málum. Þetta var ekki auðveldur leikur en við börðumst vel í leiknum. Við áttum sigurinn skilið og hefðum getað skorað fleiri mörk,“ sagði Mourinho. - dsd

MICHAEL BALLACK Er ódum að finna sitt gamla form. NORDIC PHOTOS/GETTY



Prenna hjá Rooney gegn Bolton

Wayne Rooney sýndi loks sitt rétta andlit gegn Bolton í gær og skoraði þrennu í stórsigri Man. Utd. Liverpool vann öruggan sigur á Aston Villa en Arsenal varð að setta sig við jafntefli á heimavelli gegn Everton.

FÓTBOLTI Enska stórstjarna Wayne Rooney var búinn að leika tíu leiki í röð án þess að skora þegar hann heimsótti Reebok-leikvanginn í Bolton með félögum sínum í Manchester United. Þrátt fyrir markaburrðina hefur Rooney fengið að spila margar mínútur og það skilaði sér í gær þegar stíflan brast og úr varð stórflið. Uppskera dagsins hjá Rooney var þrjú mörk og 4-0 sigur United sem hefði hæglega getað orðið stærri.

„Rooney sýndi í dag að hann er búinn að rífa sig upp úr lægðinni og sannaði fyrir öllum að hann er besti enski leikmaðurinn í dag,“ sagði Sam Allardyce, stjóri Bolton, sem gat ekkert gert við stórleik Rooney og féлага hans í United. „Þrennan hans var verðskulduð og hann tróð laglega upp í þá einstaklinga sem hafa verið að afskrifa hann. Fyrir utan þriðja markið þá var lítið sem við gátum gert gegn honum.“

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, sagði eftir leikinn að hann hefði rætt við Rooney um markaburrðina fyrir leik en þó eingöngu til þess að róa strákinn.

„Það var ekki spurning hvort heldur hvenær stíflan myndi bresta,“ sagði Ferguson. „Ég sagði



HVER ER KÓNGURINN? Það leyndi sér ekki að sjálfstraustið var komið aftur hjá Wayne Rooney þegar hann fagnaði þriðja marki sínu gegn Bolton. FRÉTTABLAÐIÐ/APP



BJARGVÆTTUR Robin Van Persie fagnar hér jöfnunarmarki sínu í gær.

stráknum bara að slaka á og þá myndi þetta koma. Maður sá sjálfstraustið koma hjá honum eftir fyrsta markið og ég vonaðist til þess að boltinn færi til hans í hvert einasta skipti sem við héldum honum.“

Liverpool gerði út um leikinn gegn Aston Villa í fyrri hálfleiknum í gær en á fimmtán mínútna kafla skorðu þeir þrjú mörk. Mörkin skorðu þeir Kuyt, Crouch og Luis Garcia. Aston Villa náðu að klóra aðeins í bakkann í síðari hálfleik og Agbolahor skoraði mark þegar tíu mínútur voru liðnar af hálfleiknum. Þar við sat og kærkominn sigur hjá Liverpool.

„Fyrri hálfleikurinn var það besta sem við höfum sýnt á þess-

ari leiktíð. Við byrjuðum leikinn af miklum hraða og héldum honum og leikmennirnir gáfu áhorfendum það sem þeir vildu. Síðari hálfleikurinn var erfiðari og Aston Villa sótti að okkur. Við héldum þó ró okkar og tryggðum okkur stiginn. Við sýndum að við erum með góða leikmenn ef við höldum þessu áfram þá förum við að færa okkur ofar á töflunni. Þessi sigur gefur okkur aukið sjálfstraust,“ sagði Rafa Benitez, framkvæmdastjóri Liverpool, Kampakátur eftir leikinn.

Arsenal náði eingöngu jafntefli gegn Everton á heimavelli í gær. Tim Cahill skoraði fyrsta mark leiksins á elleftu mínútu og þannig stóðu leikar í hálfleik. Allt virtist

stefna í sigur gestanna en nítján mínútum fyrir leikslok náði Hollendingurinn Robin Van Persie að jafna metinn í 1-1 og þannig endaði sá leikur.

Arsene Wenger var ekki sáttur við stigið. „Hver leikur sem við vinnum ekki er vonbrigði. Þetta var mjög gremjulegt, þeir áttu varla skot á markið og við vorum með boltann 70% af leiknum. Markvörður þeirra gerði sitt til að eyða tímanum og þeir stóðu stanslaust fyrir boltanum í aukaspyrnum. Þetta er neikvætt fyrir fót-boltann en svona er leikurinn bara í dag. Þetta var líkt og að horfa á sömu kvikmyndina tíu sinnum, hún verður leiðinleg á endanum,“ sagði Wenger. - hbg / - dsd

Lokaúrskurður var kveðinn upp í stóra hneykslismálinu í knattspyrnunni á Ítalíu og viðbrögð eru misjöfn:

Juventus fékk dóminn sinn mildaðann

FÓTBOLTI Juventus, Lazio og Fiorentina fengu öll dómána sína mildaða þegar lokaúrskurður í stóra hneykslismálinu var kveðinn upp á föstudaginn. Juventus voru dæmdir í mínus níu stig í stað mínus sautján eins og áður hafði verið kveðið á um, en eins og flestir vita þá missti Juventus sæti sitt í efstu deildinni á Ítalíu einnig.

Refsing Lazio var minnkuð úr mínus ellefu stig í mínus þrjú stig og refsingin sem Fiorentina fékk var minnkuð úr mínus nítján stigum í mínus fimmtán. AC Milan fékk sinni refsingu ekki breytt og hún er því sem áður mínus átta stig.

„Þessi ákvörðun sem tekin var er ekki svara verð af hálfu Milan,“ sagði í yfirlýsingu frá AC Milan

eftir að dómurinn var kveðinn upp.

Þessi ákvörðun dómstóla þýðir að Juventus er nú í tólfta sæti í annari deildinni á Ítalíu og aðeins þremur stigum frá fjórða sætinu, en fjögur efstu liðin fara upp í efstu deildina á vorinn. Lazio fara upp að hlið AC Milan eftir dóminn en bæði lið hafa nú sjö stig og Fiorentina eru á botni deildarinnar með ekkert stig.

Það er því alveg óhætt að segja að Juventus séu í betri stöðu en Fiorentina eftir þessa dómssupplakvaðningu þegar lítið er til næsta tímabils, Juventus á nú góða möguleika á að komast upp úr annari deildinni en góðar líkur verða að teljast á því að Fiorentina falli úr efstu deildinni.

Juventus sendu frá sér yfirlýsingu eftir dóminn. „Þessi ákvörðun tekur tillit, a.m.k. að einhverju leiti, til þeirra tilrauna og þeirra fórna sem félagið hefur gert til að endurbýggja innra skilulagið og ákvörðunin hefur aukið gildi íþróttarinnar í þágu knattspyrnunnar á Ítalíu,“ sagði í yfirlýsingunni en Juventus getur vel við unað með þá litlu refsingu sem félagið hlýtur miðað við alvarleika brotsins.

„Fiorentina og Juventus voru þau lið sem fengu hörðustu refsingarnar upphaflega en mér finnst að Fiorentina hefði átt að fá minni refsingu. Ég get ekki séð að þessi fjögur stig muni breyta miklu fyrir okkur,“ sagði Giancarlo Antognoni, fyrrum leikmaður Fiorentina. - dsd



SLUPPU VEL Juventus slapp vel eftir alvarleg brot sem félagið hefur framið undanfarin ár. NORDIC PHOTOS/GETTY

MiniMax TRÉSMÍÐA VÉLAR



Minimax C26
Sög, fræsari og
afréttari/bykktarhefili
220v einfasa
Verð: 404.625,-



Minimax lab 260
Sög, fræsari og
afréttari/bykktarhefili
220v einfasa
Verð: 575.190,-



Minimax lab 300N
Sög, fræsari og
afréttari/bykktarhefili
380V 3ja fasa
Verð: 697.200,-



Minimax S45N
Bandsög með
hallanlegu vinnuborði.
220v/380v
Verð: 215.385,-

- ÖLL VENDI ENU MEÐ VSK -
YFIR 30 NÝJAN TRÉSMÍÐAVÉLAR Á LAGER
ENNIG GOTT ÚRVAL AF NOTUÐUM VÉLUM
IDNVEÐLAR
Hvaleyrarbraut 20 - Hafnarfjörður
S: 414-2700 Fax: 414-2701
www.idnvelar.is

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handknattleik, þokkalega sáttur þrátt fyrir tvö töp gegn Ungverjum:

Mikil tilraunastarfsemi í gangi í þessum leikjum

HANDBOLTI Ísland og Ungverjaland mættust í annað sinn ytra í gær og rétt eins og í fyrri leiknum á föstudag fóru heimamenn með sigur af hólmi, 32-28. Leikur íslenska liðsins var betri í gær en á föstudag þegar vörnin var hriplek og markvarslan engin.

„Við spiluðum 6/0 vörn allan tímann núna og hún gekk betur en 5/1 vörnin í fyrri leiknum. Við gerðum marga tekniska feila í dag og það felldi okkur,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari. „Það vantaði náttúrulega marga sterka varnamenn hjá okkur en það var samt margt jákvætt og nýir hlutir sem við reyndum voru að ganga vel.“

Það vantaði marga sterka leikmenn í íslenska liðið að þessu sinni og því fengu aðrir menn að láta ljós sitt skína. Sumir þeirra nýttu tækifærið mjög vel.

„Logi var að koma mjög vel út í skyttunni. Raggi [Óskarsson] fékk að spila mikið og ég var mjög sáttur við hans framlag. Vignir [Svavarsson] kom líka vel út í báðum leikjunum. Þetta var mikil tilraunastarfsemi og ágætt að fá svona leiki líka,“ sagði Alfreð Gíslason.

- hbg

LOGI GEIRSSON

Var markahæstur í íslenska liðinu í báðum leikjunum gegn Ungverjum.



Íris Björk afgreiddi Hauka

Gróttta vann öruggan sigur á Haukum í toppslag DHL-deildar kvenna í gær. Gróttta hafði yfirhöndina allan leikinn en lokatölur urðu 27-22.

HANDBOLTI Gróttta tók í gær á móti Haukastúlkum á heimavelli sínum á Seltjarnarnesi. Fyrir leikinn voru liðin tvö jöfn að stigum og ljóst að um hörkuleik væri að ræða. Svo fór að Gróttta sigraði Hauka með fimm mörkum, 27-22, og þegar upp var staðið var sigur Grótttu nokkuð öruggur.

Heimastúlkur tóku yfirhöndina strax í byrjun og náðu fljótlega þriggja marka forystu, 5-2. Haukastúlkur voru þó aldrei langt undan og náðu tvisvar að jafna leikinn, 6-6 og 8-8, en þá tóku Gróttustúlkur kipp og höfðu þriggja marka forskot í hálfleik, 11-8. Sú forysta var ekki síst að þakka markverði Grótttu, Írisi Björk Símonardóttur, sem varði hvorki fleiri né færri en 12 skot í fyrri hálfleiknum og oft úr dauðafærum.

Haukar byrjuðu síðari hálfleikinn nokkuð vel og náðu að minnka muninn í eitt mark en lengra komust þær ekki. Við tók ótrúlegur kafli hjá Grótttu og um miðjan síðari hálfleik leiddu heimastúlkur með átta mörkum og allt virtist stefna í stórsigur Grótttu.

Haukar neituðu þó að játa sig sigraða, vörnin fór að vinna betur saman og í kjölfarið fengu þær hraðauppflaup sem nýttust vel. Haukar skorðu fimm mörk í röð en það virtist hins vegar hafa tekið mikla orku úr Haukastelpunum. Gróttta róaðist í sínum sóknarleik og kláraði leikinn af öryggi.

Öruggur sigur Grótttu var því staðreynd og liðið er með tíu stig eftir sex leiki, en Haukar eru enn með átta stig.

„Ég er mjög ánægður með þennan leik. Við náðum að þetta vörnina og fengum góða mark-



ÖRUGGUR SIGUR Þórunn Friðriksdóttir er hér komin í gott færi en Erna Þráinsdóttir brýtur á henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vörslu í kjölfarið. Íris var að verja mjög vel úr öllum stöðum,“ sagði ánægður þjálfari Grótttu, Alfreð Örn Finnsson. „Það er ótrúlegt hvað þetta Haukalið getur skorað mörg mörk á stuttum tíma. Við vorum tveimur eða þremur mörkum yfir í fyrri hálfleik og þær jöfnuðu á rúmlega 30 sekúndum og þessi kafli kom aftur í síðari hálfleik og þær náðu að minnka muninn niður í þrjú mörk. En ég átti leikhlé eftir og það var mjög

dýrmætt.“

Einar Jónsson, þjálfari Hauka, var að vonum ekki eins sáttur og Alfreð. „Það kom þarna 12 mínútna kafli í síðari hálfleik þar sem við erum hreinlega ekki með í leiknum og þær klára í rauninni leikinn þá. Það var engin árásgirni og við vorum ekki að komast í skotfæri. Íris varði stórkostlega í fyrri hálfleik og það gerði gæfumuðinn,“ sagði Einar eftir leikinn. dagur@frettabladid.is

Spútniklið Fram sá aldrei til sólar gegn hinu öflugna Stjörnuliði í Garðabæ:

Stjörnustúlkur í feiknaformi

HANDBOLTI Það er óhætt að segja að Stjörnustúlkur verði ekki auðsigraðar í vetur miðað við þá kennslustund sem þær tóku lið Fram í í Ásgarði. Þær bókstaflega slógu eign sinni á leikinn allt frá fyrstu mínútu og unnu verðskuldaðan sigur, 39-18.

Það var mikill getumunur á liðunum tveimur sem mættust í Ásgarði í gær. Stjörnustúlkur tóku frumkvæðið strax í upphafi leiks. Leikur þeirra var beinskeyttur og vörnin virkaði afar traust og hleypti fáum skotum í gegn auk þess sem sprækur markvörður þeirra, Florentina Grecu, átti góðan leik í fyrri hálfleik. Á móti einkenni ráðaleysi leik Framstúlkna. Þær voru hikandi í leik sínum og misstu boltann alltof oft í sókn sem leiddi til hraðauppflaupna Stjörnustúlkna. Staðan í hálfleik 16-7.

Seinni hálfleikur var endurteknung af þeim fyrri. Stjarnan nýtti breiddina í hópnum vel og bætti stöðugt við afgerandi forystu sína



KOMA SVO Stjörnustúlkna Jóna Margrét Ragnarsdóttir brýst hér í gegnum vörn Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og það var erfitt annað en að vorkenna Framstúlkum sem reyndu af veikum mætti að svara andstæð-

ingum sínum en án árangurs. Lokatölur urðu sem fyrir segir 39-18. Bestar í liði Stjörnunnar voru

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Vínáttulandsleikur:

UNGVERJALAND-ÍSLAND 32-28 (17-12)
Mörk Íslands: Logi Geirsson 8, Guðjón Valur Sigurðsson 4, Asgeir Örn Hallgrímsson 4, Vignir Svavarsson 3, Snorri Steinn Guðjónsson 3, Einar Örn Jónsson 3, Sigfús Sigurðsson 1, Arnór Atlason 1, Ragnar Óskarsson 1.
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 8, Björgvin Páll Guðavasson 2, Ólafur Gíslason 1.

DHL-deild kvenna:

GRÓTTA-HAUKAR 27-22 (11-8)
Mörk Gróttu (skot): Natasja Damljamovic 6/3 (9/3), Eva Margrét Kristinsdóttir 6 (10), Anna Úrsula Guðmundsdóttir 4 (5), Ragna Karen Sigurðardóttir 4 (6), Kristín Þórðardóttir 3 (4), Annís Erlingsdóttir 2 (3), Þórunn Friðriksdóttir 1 (1), Sandra Paegle 1 (6).
Hraðauppflaup: 3 (Kristín, Ragna, Natasja).
Fiskuð víti: 3 (Ragna, Þórunn, Anna).
Útan vallar: 6 mín.

Varin skot: Íris Björk Símonardóttir 16/2.
Mörk Hauka (skot): Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7/2 (10/3), Sandra Stokovic 7/1 (17/2), Ramune Pekarskyte 4 (9), Sigrún Brynjólfssdóttir 3 (4), Erna Þráinsdóttir 1 (3), Harpa Melsted 1 (3).
Hraðauppflaup: 6 (Sigrún 2, Sandra 2, Ramune, Hanna Guðrún).
Fiskuð víti: 5 (Sigrún 3, Ramune 2).
Útan vallar: 4 mín.

Varin skot: Helga Torfadóttir 8.
STJARNAN-FRAM 39-18
Mörk Stjörnunnar (skot): Rákel Dögg Bragadóttir 7/3 (8/3), Sólveig Lára Kjærsted 7(8), Anna Bryndis Blöndal 5(6), Alina Patrace 4(6), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 3/1 (4/1), Elísabet Gunnarsdóttir 3 (4), Kristín J. Clausen 3(4), Kristín Guðmundsdóttir 3/1 (5/1), Harpa Eyjólfssdóttir 2 (2), Hildur Harðardóttir 2 (2)
Varin skot: Florentina Grecu 8/1, Helga Vala Jónsdóttir 4/1
Hraðauppflaup: 11
Fiskuð víti: 5

Útan vallar: 8 mínútur
Mörk Fram (skot): Þórey Stefánsdóttir 5 (9), Eva H Harðardóttir 3 (5), Ásta B. Gunnarsdóttir 2/1 (4/3), Hildur Knútsdóttir 2 (4), Karen Knútsdóttir 2 (5), Arna E. Einarisdóttir 1 (4), Martha Sædal 1 (4), Sara Sigurðardóttir 1 (4), Hildur B. Sigurðardóttir 1 (4)
Varin skot: Kristína Matuzevic 3, Karen Einarisdóttir 1
Hraðauppflaup: 2
Fiskuð víti: 3
Útan vallar: 10 mínútur

HK-FH 27-24
Mörk HK: Aukse Vysniauskaitė 9, Auður Waagfjörð Jónsdóttir 6, Elísa Ósk Viðarsdóttir 6, Tinna Rögnvaldsdóttir 2, Rut Arnfrjórd Jónsdóttir 2, Tatjana Zukovska 2.
Mörk FH: Ásta Björk Agnarsdóttir 6, Þóra B. Helgadóttir 5, Linn Kristine Mangset Gullhaug 5, Harpa Dögg Víflsdóttir 3, Hafdis Inga Hinriksdóttir 3, Guðrún Drifa Hólmgeirsdóttir 1, Hildur Þorgeirsdóttir 1.

STADAN:

STJARNAN	6	5	0	1	202:120	10
GRÓTTA	7	5	0	2	189:174	10
VALUR	6	4	1	1	162:148	9
HAUKAR	7	4	0	3	204:172	8
ÍBV	7	3	1	3	185:174	7
FRAM	7	2	3	2	161:176	7
HK	7	3	0	4	175:211	6
FH	7	1	1	5	153:189	3
AKUREYRI	6	0	0	6	114:181	0

þær Rákel Dögg Bragadóttir sem átti stórleik bæði í vörn og sókn og Sólveig Lára Kjærsted sem var skeinuhætt í sóknarleik Stjörnunnar. Í liði Fram var einna helst Þórey Rósa Stefánsdóttir sem eitthvað kvadað.

„Við unnum þennan leik aðallega á sterkri vörn og hraðauppflaupum,“ sagði Rákel Dögg Bragadóttir hjá Stjörnuni. „Við erum líkamlega sterkari núna en í fyrra og það er bara að vona að við getum haldið þessu formi út leikiðina,“ sagði Rákel Dögg Bragadóttir



SIR ALEX Finnst yfirmenn félagsliða ekki sýna framkvæmdastjórum sínum nógu mikinn skilning. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

Sýnið stjórum þolinmæði

FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United, hefur nú gagnrýnt þá pressu sem framkvæmdastjórar eru undir. Ferguson hefur verið við stjórnvölinn hjá Manchester United í 20 ár og óttast að kollegar hans fái sífelld minni tíma til að ná árangri.

„Fótboltinn líður fyrir þessa þróun. Mörg félög eru rekin af góðum viðskiptamönnum, en það eru allt aðrar aðferðir í fótboltanum en í viðskiptaheiminum af því að fótboltinn er ástríðufullur leikur. Í fyrsta lagi þá er ekki hægt að vinna hvern einasta leik. Þrátt fyrir það eru framkvæmdastjórar reknir þegar sex leikir eru búnir af tímabilinu. Það getur ekki verið gott fyrir leikinn,“ sagði Ferguson, sem vann engan titil á fjórum fyrstu árum sínum sem framkvæmdastjóri Manchester United. - dsd

Martin Jol um Huddlestone:

Líkir honum við Keisarann

FÓTBOLTI Martin Jol, framkvæmdastjóri Tottenham, sparar ekki stóru orðin þegar kemur að Tom Huddlestone, leikmanni Tottenham. Jol gengur jafnvel svo langt að líkja honum við ekki ómerkari mann en Franz Beckenbauer, sem gengur oft undir nafninu Keisarinn.

„Sem varnarmaður er hann líkur Franz Beckenbauer. Ef hann væri að spila sem djúpur miðvörður, sópari, væri hann besti leikmaður í heimi, en það spilar enginn með djúpan miðvörð í dag. Ég get nánast fullyrt að ég hef aldrei séð neinn leikmann í líkingu við hann,“ sagði Jol. - dsd



DAVID BECKHAM Orðaður við Los Angeles Galaxy.

Fabio Capello:

Engar áhyggjur af Beckham

FÓTBOLTI Fabio Capello, þjálfari Real Madrid, er ekki að svitna mikið þótt David Beckham hafi ekki framlengt samningi sínum við félagið og sé sterklega orðaður við lið í Bandaríkjunum.

„Samningurinn er vandamál félagsins en ekki mitt. Ég er búinn að segja mína skoðun. Ég lít á Beckham sem hægri kantmann en ég er með aðra leikmenn í þá stöðu,“ sagði Capello, sem kallar ekki allt ömmu sína. - hbg

Skautafélagið Björninn stendur fyrir móti í Egilshöll:

Alþjóðlegt íshokkímót

ÍSHOKKI Þessa dagana fer fram alþjóðlegt íshokkímót í Egilshöllinni þar sem sex lið etja kappi, tvö íslensk og fjögur erlend. Það er Skautafélagið Björninn sem stendur fyrir þessu móti sem ber heitið Icelandair Cup.

Liðin sem mætt eru til leiks eru Copenhagen Women frá Danmörku, bandaríska liðið Bethlehem Wicked, Kingston Diamond og Bison Ladies bæði frá Bretlandi auk íslensku liðanna Skautafélags Akureyrar og Skautafélagsins Bjarnarins.

Mótið hófst á fimmtudaginn og í gær voru þrjár umferðir búnar af fimm. Björninn byrjaði mótið á að

spila við Kingston Diamonds, sem er besta lið mótsins, og tapaði 2-9 fyrir þeim. Björninn hefur unnið báða leiki sína eftir það, fyrst lagði félagið Copenhagen Women 4-1 og í gær vann Björninn góðan sigur á Bethlehem Wicked, 5-2.

Skautafélag Akureyrar hóf mótið með sigri á Bison Ladies, 4-1, tapaði svo fyrir Kingston Diamonds, 0-3, og gerði loks jafntefli við Copenhagen Women, 1-1.

Mótið er með deildarfyrirkomulagi þar sem tvö stig eru veitt fyrir sigur og eitt fyrir jafntefli. Ef tvö lið eru jöfn í lokin er það markatalan sem gildir. Mótinu lýkur í dag

- dsd



SKOT AÐ MARKI Þessi mynd er úr viðureign SA og Copenhagen Women sem fram fór í gær. Liðin skildu jöfn í leiknum, 1-1. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

KOSNINGAVETURINN ER AÐ HEFJAST!

Vikulegur umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Egill Helgason og vel valdir álitsgjafar fara yfir helstu þjóðmálin

SILFUR EGILS

Á sunnudögum kl. 12:25 í opinni dagskrá á Stöð 2



< Oprah

Oprah Winfrey er án efa áhrifamesti sjónvarpsstjórni í heiminum í dag. Hún var fyrsta konan í sögu sjónvarpsins til að framleiða sinn eigin spjallþátt sem er auðvitað The Oprah Winfrey Show, sem hún er búin að senda út síðan 1986 frá stórborginni Chicago.



VIÐ TÆKIÐ: BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR TELUR LEIKARA Í AMERÍKU

Vinir vina minna

Sumir segja að það séu bara þrettán leikarar á Íslandi. Þessir þrettán sjást á sviði, skjá og tjaldi og heyrast í auglýsingum og teiknimyndum. Maður er löngu hættur að trúa því að þeir séu einhverjir aðrir en þeir sjálfir. En það er skiljanlegt. Við Íslendingar erum bara ekki nógu mörg til að geta boðið upp á ný andlit í tíma og ótíma.

Þetta ætti að vera allt öðruvísi í Ameríku. En þegar vel er að gáð er að ekki svo.

Huff, í samnefndum sjónvarpsþætti, þekkti ég áður sem David vísindamann sem lengi framan af var ástin í lífi Phoebe í Vinum. Konan hans, Beth, kom upp á milli Chandlers og Joey í fjórðu seríu. Tag, aðstoðarmaður Rachel, stundar nú vettvangsrannsóknir í CSI: New York og geðilli nággranninn hr. Heckles hreldi Handlagna heimilisföðurinn. Kannski var það þess vegna sem frú Handlagin söðlaði um og fór að vinna sem lækni í Strong Medicine. Treeger húsvörður ber nú út póst til eiginkvennanna við Wisteria Lane og Kate Miller, mótleikkona Joey úr leikritinu um olíuleitina á Blargon 7, lék norm í Point Pleasant. Þar sást hinn fjallmyndarlegi Grant Show sem við þekkjum úr Melrose Place en hann átti líka góða spretti sem fyrrum

eiginmaður Daphne Zuniga í sjónvarpsþættinum Beautiful People. Sem er skemmtilegt því téð Daphne lék einmitt ástina í lífi Jakes sem Grant lék í Melrose Place. Jack Wagner er ekki mjög sannfærandi sem hrjúfi en ljúfi sjóarinn í Bold and the Beautiful þegar maður er vanur honum sem vonda læknum Burns í Melrose Place. Marcia Cross passar hins vegar alveg sem Kimberly í sama þætti því þær Bree hin aðþrengda eiga margt sameiginlegt. Önnur aðþrengd eiginkona gerði Melrósarhommann Matt að fimm barna föður. Breski eiginnmaður einnar systurinnar í Related er líka breski draugurinn í Dead Like Me og breski hjólaþrátturinn í fyrstu þáttaröðinni af Grey's Anatomy. Ringluð? Ekkert mál, horfið bara á næsta þátt!



MELROSE Leikararnir í Melrose Place eru uppstáðan í sápuóperum dagsins í dag.

dagskrá

EKKI MISSA AF



► 09.40 Kalli Kanina og vinir hans STÖÐ 2



► 17.00 Innlit/Útlit SKJÁREINN



► 10.40 Að Leikslökum SKJÁRSPOURT



► 21.10 Örninn SJÓNVARPIÐ



► 00.00 Ghost Whisperer Sirkus

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstunden okkar 8.01 Sammi brunavörður (9:26) 8.11 Geirharður bojng bojng (21:26)

8.31 Hopp og hí Sessamí (25:26) 8.55 Kvíkindi í koppum og kírnum (2:6) 9.00 Líló & Stíth (35:39) 9.25 Sígildar teiknimyndir (7:42) 9.33 Herkúles (7:28) 9.54 Tobbi tvisvar (31:52) 10.17 Allt um dýrin (4:25) 10.45 Jón Ólafs (e) 11.25 HM í stórvigi karla Uptaka af fyrri umferð og bein útsending frá þeirri seinni í Sölden í Austurríki.

13.00 Spaugstofan 13.25 Ritari Hitlers (e) 14.55 Mozart-tónleikar í Salzburg 15.55 Píánótríó frá fæðingarsstað Mozarts í Salzburg 16.20 Tíu fingur (3:12) 17.20 Nærmynd Þáttaröð um norræna kvikmyndaleikstjóra. Í þessum þætti er fjallað um Finnann Jóhannu Vuoksenmaa. e. 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Stundin okkar (5:30) Fjölbreytt og skemmtilegt efni fyrir yngstu börnin. Dagskrárgerð: Eggert Gunnarsson.

18.30 Geimálfurinn Gígur (2:10) 18.40 Við rokkum Finnisk barnamynd. 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós

20.10 Tíu fingur (4:12) Að þessu sinni er Halldór Haraldsson píánóleikari við hjóðfærni.

► 21.10 Örninn (1:8) (Örnen) Danskur spennumyndaflokkur um hálfíslenskan rannsóknarlögreglumann í Kaupmannahöfn, Hallgrím Örn Hallgrímsson, og baráttu hans við skipulagða glæpastarfsemi. Atríði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

22.10 Helgarsportíð 22.40 Stunga sporðdrekans (Der Stich des Skorpion) Þýsk sjónvarpsmynd frá 2004 byggð á sannri sögu um baráttu manns við austurþýsku leyniþjónustuna. Leikstjóri er Stephan Wagner.

0.10 Kastljós 0.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Young Adam 8.00 Happy Campers 10.00 Win A Date with Ted Hamilton! 12.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde 14.00 Happy Campers 16.00 Win A Date with Ted Hamilton! 18.00 Legally Blonde 2: Red, White & Blonde 20.00 Young Adam 22.00 Ghost Ship 0.00 The Anniversary Party 2.00 Ripley's Game 4.00 Ghost Ship



7.00 Pingu 7.05 Sullukollar 7.15 Yoko Yakamoto Toto 7.20 Hlaupin 7.30 Myrkfælnu draugarnir (54:90) 7.45 Stubbarnir 8.10 Doddi litli og Eymastór 8.20 Könnuðurinn Dóra 8.45 Pocoyo 8.55 Grallaramir 9.15 Codename: Kids Next Door ► 9.40 Kalli litli kanína og vinir hans 10.00 Hjólagerið 10.25 Evintýri Jonna Quests 10.50 Sabrina - Unglingsnornin 11.15 Galdrastelpurnar (9:26) 11.35 Bratz 12.00 Hádegisfréttir

12.25 Silfur Egils Víkilegur umræðuþáttur í beinni útsendingu á þar sem Egill Helgason fer yfir helstu þjóðmálin ásamt vel völdum álitsgjöfum.

14.00 Neighbours 15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn (e) 16.50 Veggfóður (e) 17.45 Oprah (115:145) 18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í samhengi og opinni dagskrá Stöðvar 2 og Sirkuss.

19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.

20.00 Sjálfstætt fólk Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsókn um sínum í mest verðlaunaða sjónvarpsþætti Íslandssögunnar.

20.35 Commander In Chief (5:18) (First, Do No Harm...) Mac forseti fær sitt erfiðasta verkefni til þessa er hún þarf að glíma við yfirvofandi hryðjuverkaágn. Fregin berast af því að hryðjuverkamenn hafi smyglað sprengiefni yfir kanadisku landamærin og Mac fær fyrirmenn hersins uppá móti sér þegar hún leggur til hvernig bregða skal við.

21.20 Numbers (2:24) (Tölur Önnur þáttaröð þessa bandaríska sakamálaþáttsar sem fjallar um stærfræðisnilling sem aðstoðar bróður sinn, yfirmann hjá FBI, við að leysa snúin sakamál.

22.05 Deadwood (9:12) (Amateur Night) Þriðja þáttaröð af þessum margverðlaunaða þætti. Str. b. börnum.

22.55 Anger Management (Reiðistjórnun) Óborganleg gamanmynd. Aðalhlutverk: Adam Sandler, Jack Nicholson, Marisa Tomei. Leikstjóri: Peter Segal. 2003.

0.35 Gone But Not Forgotten (1:2) 2.00 Gone But Not Forgotten (2:2) a

3.25 Returner (Str. b. börnum.

5.15 Sjálfstætt fólk

5.45 Fréttir Stöðvar 2 endursýndar frá því fyrr í kvöld.

6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SKJÁREINN

12.00 2006 World Pool Masters 12.50 Love, Inc (e) 13.20 Out of Practice (e) 13.50 Dýravínir (e) 14.20 Surface (e) 15.10 Queer Eye for the Straight Guy (e) 16.00 America's Next Top Model VI (e)

► 17.00 Innlit / útlit (e) Hönnunar- og lífsstílsþáttur.

18.00 Dateline Margverðlaunaður fréttaskýringarþáttur sem er frægur fyrir gagnrýna og óvægna umfjöllun um þau mál sem hæst ber.

19.00 Battlestar Galactica (e) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills.

20.00 Dýravínir Í þessum þáttum kynnr Guðrún Heimsisdóttir okkur fyrir dýrunum og eigendum þeirra en óhætt er að fullyrða að gældýraeign hafi aldrei verið fjölbreyttari en nú.

20.30 Celebrity Overhaul Ástralskir raunveruleikaþættir þar sem fræga fólk er tekið í gegn.

21.30 C.S.I.: New York Bandarísk sakamálaferia um Mac Taylor og félagu hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Lík konu finnst í vatnstanki á þaki íbúðarblokkar á Manhattan. Þetta er sjötta morðið í þessu sama húsi á síðustu tíu árum og orðrómur er á kreiki um að álög hvíli á húsinu.

22.30 Brotherhood Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmalamaður en hinn forhertur glæpamaður. Tommy sér tækifæri til að græða þegar ríkisstjórnin biður hann um að leggja fram frumvarp sem mun búa til störf í hverfinu hans. Michael fæst við armenskan dopsala.

23.30 Da Vinci's Inquest Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættimur fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver. Einnig er fylgst með krufningum og rannsókn lögreglu og meinafræðinga á margvíslegum glæpum og dauðsföllum.

0.20 Law & Order (e)

1.10 The L Word (e)

2.10 Östóðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS TV

14.30 Tekinn (e) 15.00 8th and Ocean (e) 15.30 The Newlyweds (e) 16.00 The Hills (e) 16.30 Wildfire (e) 17.15 Hell's Kitchen (e) 18.00 Seinfeld (e)

18.30 Fréttir NFS 19.10 Seinfeld (e) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.

19.35 The War at Home (e) (Snow Job) 20.00 8th and Ocean

20.30 The Newlyweds 21.00 Vanished (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug.

21.50 Weeds Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturfjarsalinn í úthverfum Los Angeles borgar. . 22.20 Rescue Me (e) Þriðja serían um Tommy Gavin og félagu hans á slökkvistöð númer 62.

23.05 My Name is Earl (e) Earl er smáglæpamaður sem dettur óvænt í lukkupottinn og vinnur fyrsta vinninginn í lottóinu. 23.30 Tekinn (e) Það er Baddi í hljómsveitinni Jeff Who? sem fær að finna fyrir því frá Audda í þættinum í kvöld.

► 0.00 Ghost Whisperer (e)

0.45 Sirkus Rvk (e)

1.15 Entertainment Tonight (e)

1.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

► 10.40 Að leikslökum (e)

11.50 Arsenal - Everton (e) -frá 28.10- 13.50 Fiorentina - Palermo (b) Bein útsending frá leik Fiorentina og Palermo.

15.50 West Ham - Blackburn (b) Bein útsending frá leik West Ham og Blackburn.

18.00 Liverpool - Aston Villa (e) -frá 28.10-

20.00 AC Milan - Inter Milan (e) -frá 28.10-

22.00 Portsmouth - Reading (e) -frá 28.10-

0.00 Dagskrárlök

Bubbi biður um lögregluaðstoð ... í næsta þætti

TEKINN

MÁNUDAGAR KL 21:00

Apple á Íslandi Sirkus TV

Í KVÖLD

Stöð 2 kl. 21:20
NUMBE3RS

Önnur þáttaröð þessa bandaríska sakamálaþáttar sem fjallar um stærðfræðisnilling sem aðstoðar bróður sinn, yfirmann hjá FBI, við að leysa snúin sakamál. Þættirnir koma úr smíðju bræðranna Ridleys og Tonys Scott og með aðalhlutverk fara Rob Morrow (Northern Exposure), David Krumholtz (10 Things I Hate about You) og Judd Hirsch (Taxi). Í þessum öðrum þætti seríunnar er lögreglan kölluð til eftir að kona hefur verið skotin af öryggisverði þegar hún gerði misheppnaða tilraun til að ræna skartgripaverslun. Stærðfræðisnið Charlie er kallaður til skjalanna þegar finna þarf út hver konan var, en eina vísbendingin sem lögreglan hefur er fjarstýring að bíl hennar. Einnig þarf Charlie að aðstoða lögregluna við að finna eiginkonu og dóttur eiganda verslunarinnar, en þeim hefur verið rænt.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ CSI:
NEW YORK Á SKJÁ EINUM
KL. 21.30

CSI-þættirnir eru heldur betur búnir að slá í gegn hér á landi sem og annars staðar þar sem þeir hafa verið sýndir. Þættirnir eru framleiddir af engum öðrum en ofurframleiðandanum Jerry Bruckheimer sem hefur fært okkur myndir eins og Con Air, Pirates Of The Caribbean og Bad Boys. Í aðalhlutverkum eru Gary Sinise (Forrest Gump) og Melina Kanakaredes (Providence).



RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir	16.08 Veðurfregnir
8.05 Morgunandakt	16.10 Heimurinn okkar
8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	17.00 Síðdegi skógarþúkanna
9.00 Fréttir	18.00 Kvöldfréttir
9.03 Lóðrétt eða lárétt	18.25 Auglýsingar
10.00 Fréttir	18.26 Seiður og hélog
10.05 Veðurfregnir	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
10.15 Haraldur harðráði og dóttir Jaroslavs	19.00 Afsprengi
11.00 Guðsþjónusta í Dómkirkjunni	19.50 Óskastundin
12.00 Hádegisútlit	20.35 Sagnslóð
12.20 Hádegisfréttir	21.15 Laufskálinn
12.45 Veðurfregnir	21.55 Orð kvóldsins
13.00 Útlitsskið: Veröld Soffíu	22.00 Fréttir
13.45 Fiðla Mozarts	22.10 Veðurfregnir
14.10 Söngvamáli	22.15 Til allra átta
15.00 Út um víðan völl: Frá Leipzig	23.00 Andrarímur
16.00 Fréttir	0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

10.30 Ice fitness 2006 Útsetning frá Ice fitness keppninni árið 2006.

16.10 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

17.50 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum, liðum auk þess sem farið er í gegnum mörkin, helstu tilþrífir í síðustu umferð og spáð í spilun fyrir næstu leiki.

18.20 Ameríski fótboltinn (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsþróttin í Bandaríkjunum.

18.50 Spænski boltinn Útsending frá spænska boltanum.

20.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Denver - Indianapolis) Útsending frá leik í ameríska fótboltanum.

23.20 Hápunktar í PGA mótaröðinni (FUNAI Classic At Walt Disney World) Helst svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum. Jafnframt er greint frá því helsta sem gerðist fyrstu þrjú keppnisdagana. Á PGA mótaröðinni eru saman komnir allir snjöllustu kylfingar heims og áhorfendur fá mögnuð tilþríf á færbandi.

0.20 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

ÞÚ ÁTT STEFNUMÓT VIÐ ...



... ÁHUGAVERT FÓLK



... Í KVÖLD

19.00 FRÉTTIR

Fréttir Sjónvarpsins eru með vinsælasta sjónvarpsefni á Íslandi. Fréttamenn á fréttastofunni auk fréttamanna og fréttaritara á landsbyggðinni og í útlöndum færa þér nýjustu fréttir af fólki og atburðum.

19.35 SUNNUDAGSKASTLJÓSIÐ

Þegar Eva María sest niður með viðmælendum sínum gerist eitthvað algeng sérstakt. Á sinn persónulega hátt tekst henni að færa okkur nær fólki sem við viljum gjarnan kynna betur.



SJÓNVARPIÐ

DR 1

12.25 Hva' sá Danmark? - reform af den offentlige sektor 12.55 OBS 13.00 Fællesnordisk gudstjeneste 13.45 Rugby: Danmark - Sverige 15.00 HåndboldSøndag: Super Cup 17.00 Sigurd og Big Bandet 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Folkebevægelsen mod EU, landsmøde 18.30 Livet på skinner 19.00 Ørnen 20.00 TV Avisen 20.15 Søndag 20.45 Søndagssporten med SAS liga 21.10 Dødens Detektiver 21.35 Columbo 23.05 OBS 23.10 Musikprogrammet - Rock-City

NRK1

14.20 Rally-VM 2006: VM-runde fra Australia 15.10 Mozart 250 år: Den store Messen 16.00 12 bud 16.30 Åpen himmel: Salmesus fra Sørlandet 17.00 Ole Aleksander Filibom-bom-bom 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.00 Kvitt eller dobbelt 20.00 Eit vakkert sinn 22.10 Kveldsnytt 22.30 I begynnelsen var kunsten 23.30 Nytt på nytt 0.00 Ingen grunn til begeistring

1 SVT 1

12.25 På spåret 13.25 Kobra 13.55 Living Room 14.25 Bajo el cielo de Madrid 14.40 Le Maroc qui bouge 14.55 Världen 15.55 Makalösa monument 16.25 Skolakuten 16.55 Anslagstavlan 17.00 Anki och Pytte 17.30 Skärgårdsdoktor 18.30 Rapport 19.00 Mäklarna 19.30 Sportspegeln 20.15 Agenda 21.10 Orden med Anna Charlotta 21.40 Vetenskap - universum i provrör 22.10 Rapport 22.20 Poliser 23.20 Brottskod: Försvunnen



...fær Nína Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Sequences-listahátíðarinnar sem lauk í gær, fyrir vel unnið verk og að kynna fjöldann fyrir myndlistinni.

HIN HLIÐIN: GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR SÖNGKONA

Fékk ekki að leika í Jólacævintýri

Hvað er að fréttu?
Fyrsti geisladiskurinn minn, með Víkingi Heiðari Ólafssyni pianóleikara, var að koma út.
Augnítur:
Grágrænn.
Starf:
Klassísk söngkona.
Fjölskylduhagur:
Gift og barnlaus.
Hvaðan ertu?
Ég fæddist í Reykjavík.
Ertu hjátrúarfull?
Nei, ekki neitt.
Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:
Ég horfi aldrei á sjónvarp.

Uppáhaldsmatur:
Það myndi vera sjávarréttapaella mannsins míns.
Fallegasti staður:
Á tindri Snæfellsjökuls.
iPod eða geislaspilari:
iPod og 500 geisladiskar ...
Hvað er skemmtilegast?
Að syngja.
Hvað er leiðinlegast?
Að bíða, án bókar eða iPods.
Helsti veikleiki:
Fljóttærnei.
Helsti kostur:
Einbeitni.

Helsta afrek:
Að krækja í manninn minn.
Mestu vonbrigðin:
Að fá ekki að leika í Jólacævintýri hjá LA þegar ég var fimm ára.
Hver er draumurinn?
Að vera hamingjusöm.
Hver er fyndnastur/fyndnust?
Það er Kristján Þórður Hrafnsson.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Eigingirni.
Hvað er mikilvægast?
Góðmennska.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Blaðaútgáfa Íslendinga heldur áfram að stækka og stækka þrátt fyrir að nokkur af rótrónustu blöðum landsins hafi gengið í gegnum miklar breytingar. Mikil spennan hefur myndast í kringum nýjasta blað **Reynis Traustasonar**, Ísafold, þar sem sjálf **Unnur Birna** tjáir sig í „í sínu síðasta viðtali,“ eins og Reynir orðaði það í viðtali hjá DV. Matgæðingar landsins halda jafnframt niðri í sér andanum en nýjasta matarblaðið, **Bístró**, er væntanlegt úr prentsmiðju á næstu dögum. Öllu hefur verið til kostað við gerð þess og lá ritstjórnin, með þær **Nönnu Rögnvaldardóttur** og **Fríðriku Geirsdóttir** fremstar í flokki, lengi yfir því hvernig pappír ætti að vera notaður. Kunnugir segja að blaðið sé með glæsilegasta móti og minni frekar á matreiðslubók en tímarit.



Arnbjörg Hlíf Valsdóttir hefur farið mikinn í hlutverki Ronju Ræningjadóttur á fjöllum Borgar-leikhússins og hefur sýningin gengið fyrir fullu húsi undanfarin tvö ár. Börnin hafa tekið miklu ástíðni við **Ronju** og senda leikkonunni aðdáendabréf í gríð og erg. Skipta bréfin tugum ef ekki hundruðum eftir því hver segir frá. Flest þeirra eru send beint til leikkonunnar sjálfar en einhver munu þó vera stíluð á heimilisfang Ronju í Matthíasarskógi.



VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 40 ár.
- Pétur H. Blöndal.
- Egill Ólafsson.

BALTASAR KORMÁKUR: MÝRIN ÞEGAR ORÐIN FJÓRÐA TEKJUHÆSTA MYNDIN

Draugur ofsækir Baltasar Kormák og neitar að vera farþegi hans

„Þannig var að viku eftir tókur Mýrinnar fór ég að hitta Mugison. Á meðan keyrir vörubíll inn í hægri hliðina á Rammanum mínum og rústar hana,“ segir Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri.
Fréttablaðinu bárust sögur af afar sérkennilegum uppákomum í lífi Baltasars á tímabili. Óhöppum sem margir þeir sem trú á aðra heima, myndu án nokkurs vafa skrifa á yfirsíkilvitleg fyrirbæri. Drauga og forynjur. Eftir að gripið var til tiltekinna aðgerða linnu óhappahrotu sem leikstjórnin virtist fastur í. Og síðan hefur allt leikið í lyndi í lífi Baltasars. Mýrin nú þegar, eftir aðeins viku, orðin fjórða tekjuhæsta kvikmynd Íslandssögunnar frá því að mælingar hófust. Á eftir Englum alheimsins, Hafinu og Djöflaeyjinni. 30 þúsund áhorfendur hafa þegar séð Mýrina. En áfram af sérkennilegri og dularfullri frásögn Baltasars – sem í fyrstu var tregur til að tjá sig af virðingu fyrir hinum látnu, en lét til leiðast.
„Við finnum reyndar út úr því hver var þar á ferð og sá var bóstaður. Ég fór í kjölfarið á réttingsverkstæði sem Ræsir rekur og lét tjónameta bílinn. Skömmu síðar er ég að leggja við Þjóðleikhúsið. Einhverjir menn frá konunglega leikhúsinu vildu hitta mig út af Pétri Gaut. Þegar ég er að keyra í gegnum rafmagnshlið aftan við leikhúsið í þrjúhundruðþúsundasta skiptið rek ég bílinn illa utan í og risti upp hægri hlið bílsins. Mjög illa.“

Nú var Baltasar hætt að standa á sama. Hann fer enn upp á réttingsverkstæði og lætur meta tjónið. Maðurinn þar spyr hvað sé eiga

inlega í gangi. Nú er rétt að taka fram að Baltasar hefur aldrei lent í tjóni með bíl sinn. Í tuttuugu ár keyrt án óhappa.
Skömmu síðar, meðan Baltasar er að aka með börn sín, er hann skyndilega hundeltur og króaður inni við Snorrabraut af fjölda lögreglubíla. Lögreglumennirnir urðu kindarlegir þegar í ljós kom hver sat undir stýri, margir nýverið lagt honum lið við tókur Mýrarinnar. Þeir sögðu honum að þeir hefðu tekið hann í misgripum fyrir konu sem var á samskonar bíl og hafði keyrt um allt og á hvað sem fyrir var. Þeir töldu að hún væri komin á kreik á nýjan leik.
Baltasar fór fyrir tilviljun að taka til í hanskahólfi bíls síns, var að leita að pappírnum fyrir réttingsverkstæðið, þegar hann sér plastpoka þar, innst inni út við hægri hlið bílsins – þar sem ágjöfin hafði verið.
„Mér bregður við. Fékk algert sjökk. Í pokanum var bein af manni. Spjaldhryggur. Moldugur. Og svo rifjast upp fyrir mér. Þegar við vorum í Hvalneskirkjugarði þar sem við fengum að grafa gróf vegna eins atríðis í myndinni á stað þar sem ekkert leiði var þá komum við niður á mannabein. Ég bað strákana að passa vel upp á þetta því þarna væri um minjar að ræða. Einhver hafði misskilið mig þannig að ég vildi halda upp á þetta sjálfur. Það beinið og sett í bílinn.“
Baltasar hafði samband við leikmyndagerðarmann sinn, Atla Geir Grétarsson. Og hann fór með beinið aftur á sinn stað, gróf niður og las yfir bæn.
„Og síðan hefur ekkert fyrir mig komið nema gott eitt,“ segir Baltasar. Sem hefur það alveg á



OFÓTTUR LEIKSTJÓRI Poki með beinum var fyrir misskilning settur í bíl Baltasars Kormáks. Leikstjórnin lenti í ýmsum skringilegum uppákomum þar til hann komst að rót vandans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

hreinu að þetta verði ekki útskýrt hafi verið farþegi í bíl Baltasars með því að líta til efnisheima og viljað fá friðinn.
einna. Svo virtist sem hinn látni jakob@frettabladid.is

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Þröstur 3000 fer aftur í loftið

Útvarpsmaðurinn sívinsæli Þröstur Gestsson, kenndur við 3000, snýr aftur í útvarp eftir árs hlé, en hann hefur verið ráðinn dagskrárstjóri KissFM 895. „Þetta er fyrsti dagurinn sem ég er í útsendingu og allt að gerast,“ sagði Þröstur kampakátur þegar Fréttablaðið náði tali af honum á föstudag. „Ég er ofsalega kátur, kominn aftur í gamalkunnugt umhverfi með mjög skemmtilegu fólki,“ sagði Þröstur, sem var áður á FM 957, en hann var dagskrárstjóri þeirrar stöðvar í þrjú ár. Eftir að hann hvarf úr útvarpi hefur Þröstur verið skemmtanastjóri á Café Victor og Sólon og mun hann sinna þeim skyldum sínum samhliða nýja starfinu. KissFM hefur auglýst breyttar áherslur í dagskrá, og Þröstur segist ætla að nostra við útvarpsstöðina. „Ég mun laga það sem upp á vantaði og breyta aðeins til,“ sagði hann. „Dagskránni hefur nú þegar verið breytt nokkuð, og dagskrárgerð er lengur í loftinu. Hér er fullt af



AFTUR Í LOFTIÐ EFTIR ÁRS HLÉ Þröstur 3000 við hljóðnemann á fyrsta degi í útsendingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

góðri tónlist og góðu fólki,“ sagði hann. „Og svo er náttúrulega framkvæmdastjórinn fallegi, Kristján Jónsson,“ bætti hann við, en sá er einnig þekktari undir viðurnefni sínu, Kiddi Bigfoot.
„Ég hef skrifað nafnið mitt undir það að Reykjavík hafi aldrei hljómað betur,“ sagði Þröstur um framtíð KissFM. „Hér eiga eftir að heyrast nöfn sem fólk mun reka upp stór augu yfir, fólk á alveg eftir að finna fyrir mér á næstunni,“ sagði Þröstur áður en hann sneri sér aftur að hljóðnemanum.

Ný bók eftir Guðrúnu Helgadóttur



KOMIN Í
VERSLANIR



Guðrún Helgadóttir

Loksins er Karen Karlotta orðin tíu ára og ekki verður lífið einfaldara við það. Hún veltir fyrir sér öllum heiminum, allt frá agnarlitlum villtum blómum úti í móa til flókinna stríðsátaka úti í heimi.

Þriðja bókin í metsöluþrileik Guðrúnar Helgadóttur um allt sem er dálítið öðruvísi!



Öðruvísi fjölskylda var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2004 og fékk Bókaverðlaun barnanna sama ár.


E d d a
edda.is



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Legókubbar sálarinnar

Því eru lítil takmörk sett hvað mér drepleiðast rökræður núorðið, eins og ég hafði gaman af þeim þegar ég var yngri. Ég vil jafnvel taka svo djúpt í árinna að fullyrða að fátt sé einmitt betur til þess fallið að eyðileggja samræður en rök. Rök eru þurr og leiðinleg, fyrirsjáanleg og þarafleiðandi fullkomlega húmorslaus. Rök villur eru fyndnar.

RÖK eru legókubbar sálarinnar. Þroskaleikföng. Æfing í að hugsa skýrt fyrir stráka í Morfísleik sem halda að þau leysi lífsgátuna. Með þeim kryfja þeir heiminn eins og þeir skynja hann til að skilja hann betur. En maður vex upp úr þeim. Það býr enginn í húsi úr legókubbum.

SMÁM saman áttar maður sig á því að það sem skiptir raunverulegu máli, verðmætin sem mólur og ryð fá ekki grandað, byggir ekki á rökum. Ást og fegurð, hamingja og kærleikur – ekkert af þessu er niðurstaða gildrar rökleiðslu. Þetta eru tilfinningar sem eiga það til að þyrma yfir mann, algerlega upp úr þurru, án þess að hægt sé að henda nokkrar reiður á því hvaðan þær koma eða hvers vegna. Stundum eru þær hreinlega ópraktískar, en eru samt þess eðlis að ekki er hægt að leiða þær hjá sér.

ÞAÐ er ekkert rökrétt við að eyða stórfé og tíma í að slá kúlur ofan í holur í jörðina eða að standa úti í á og veiða fisk sem maður sleppir og koma svo við í fiskbúð á leiðinni heim. Það er ekkert rökrétt við að hafa sérviskulegan smekk og úthella blóði, svita og tárur til að geta haft hlutina nákvæmlega eftir manns eigin höfði. Það er ekkert rökrétt við að fyllast hugarró við að líta höfði og viðurkenna að sumt geti maður einfaldlega ekki vitað og ákveða í staðinn að treysta í blindni. Samt hafa meintar skynsemisverur staðið sig að þessu öllu og mörgu enn órókréttara og ekki bara sloppið klakklaust frá því heldur beinlínis fundist það auka lífsgæði þerra. Dýrmætustu svið tilverunnar eru einfaldlega handan raka.

RÖK eru gróf einföldun á tilverunni. Tilveran er ekki gerð úr hornréttum einingum sem smella saman á skipulegan hátt. Stundum ræður það eitt hvernig maður kys að líta á hlutina, því hvernig og hvernig þeir yfirhöfuð smella saman. Það er auðvitað þvert á öll rök.

MESTA rök villan er þó auðvitað sú að ætla að færa rök fyrir því af hverju rök mega sín lítills.

www.icelandexpress.is

Nýjar línur fyrir næsta sumar!

Fjórtán áfangastaðir í Evrópu


» Það er augljóst að ferðaglaðir Íslendingar eru vel með á nótnum því sala á flugáætlan Iceland Express fyrir næsta sumar hefur farið glimrandi vel af stað.

Sérstaklega erum við í sjöunda himni yfir frábærum viðtökum nýju áfangastaðanna okkar en eins og flestir vita hefur Iceland Express bætt við sex nýjum áfangastöðum í Evrópu næsta sumar.

Það er þó engin ástæða til að örvaenta því enn er til nóg af lægstu fargjöldunum og þú veist hvernig þetta virkar: Þeir fyrstu sem bóka fá lægsta verðið.

Sex nýir áfangastaðir!

- Paris þarf vart að kynna, fögur og rómantísk heimsborg, iðandi af litríku mannlífi og menningu.
- Ósló, hjarta Noregs og miðstöð menningarlífs, stjórnsýslu og viðskipta frændþjóðar okkar.
- Bergen, skemmtileg strandborg, vel geymt leyndarmál – en ekki mikið lengur!
- Basel í Sviss er á bókum Rínar, miðpunktur Mið-Evrópu: Frakkland, Þýskaland og Ítalía innan seilingar.
- Billund í Danmörku er vinalægur og fjölskylduvænn bær sem býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir alla fjölskylduna! Sala hefst síðar.
- Eindhoven í Hollandi er vel í sveit sett, aðeins um klukkustundar ferð til Brussel, Rotterdam, Amsterdam og Düsseldorf.



» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbae, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

» BÖRN: **50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

www.icelandexpress.is



Síðustu tækin

Verðlækkun á LCD sjónvörpum

SAMSUNG fyrir augað!

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK
SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535

Tilboð

32" LCD
LE32M51BX
VERÐ ÁÐUR KR. 219.900
159.900
VERÐLÆKKUN KR. 60.000